ERLA TRYGGVADÓTTIR

*Hlutir með sögu*

heimili tíska heilsa

allt Í MIÐJU BLAÐSINS



ÁSTA MÖLLER

*Eldar grænmetisrétti frá Kenýa*

Heillaðist af spínatlasagna á ferð sinni þar í vor

MATUR 44









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

10. ágúst 2006 — 212. tölublað — 6. árgangur — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI — Sími: 550 5000


### Frá sjónvarpi yfir í kvikmyndir

Hollywood hikar ekki við að nýta sér vinsældir sjónvarpsþátta þegar búa á til næstu mynd. Oftar en ekki kemst kvikmyndin hins vegar ekki með tærnar þar sem sjónvarpsþátturinn hafði hælana.



FÓLK 42

### Vinna, vinna: Eitt mál enn

Bandaríkjamenn á sjötugsaldri eru tveim til þrem sentimetrum hærri að vexti en Íslendingar á sama reki. Þetta kann að vera vísbending um efnahagsyfirburði Bandaríkjamanna umfram Íslendinga árin eftir stríð, þegar þessi kynslóð var að vaxa úr grasi.

UMRÆÐAN 28

### Gisele Bündchen hætt í fyrirsætubransanum



Ofurfyrirsætan Gisele Bündchen hefur gefið út yfirlýsingu þess efnis að hún sé endanlega hætt störfum sem fyrirsæta.

FÓLK 48

### Jafnt hjá KR og Keflavík

Fyrsti leikur 13. umferðar Landsbankadeildar karla hófst í gær með leik KR og Keflavíkur. Liðin skildu jöfn, 2-2, á KR-vellinum og verða úrslitin að teljast sanngjörn. Grétar Hjartarson og Björgólfur Takefusa skoruðu fyrir KR en Guðmundur Steinarsson og Þórarinn Kristjánsson mörk Keflavíkur.

ÍÞRÓTTIR 54

### VEÐRIÐ Í DAG




**SÚLD EÐA RIGNING** Í dag verður hæg suðlæg eða breytileg átt. Hiti 10-18 stig, hlýjast norðaustan til.

VEÐUR 4






# Óvissa ríkjandi um hagkvæmni stóriðju

**Yfirmaður efnahagsdeildar OECD segir viðskiptaleynd raforkusölusamninga hér þýða að ekki sé vitað hvort stóriðja sé þjóðhagslega hagkvæm. Hvatt er til þess að fresta frekari framkvæmdum þar til jafnvægi náist í þjóðarbúskapnum.**

**VIÐSKIPTI** „Gera þarf orkugeirann gagnsærri," segir Val Koromzay, yfirmaður landarannsókna efnahagsdeildar Efnahags- og þróunarstofnunarinnar í París, OECD. Hann kynnti í gærmorgun, ásamt Hannes Suppanz, hagfræðingi á skrifstofu OECD sem er um málefni Íslands og Bandaríkjanna, efni nýrrar skýrslu OECD um efnahagsmál hér á landi.

Koromzay segir óvissu vera uppi um ávinning þjóðarbúsins af stóriðju og orkusölu. „Að mörgu leyti stendur landið sig frábærlega í auðlindastjórnun og nægir að benda á sjávarútveginn og kvótakerfið. Sömu sögu er því miður ekki að segja um orkugeirann. Þar er þörf á alvarlegri umræðu um verulega annmarka þeirrar umgjarðar sem iðnaðinum er búinn."

Hann segir ljóst að eina leið þjóðarinnar til orkuútflutnings sé með sölu til stóriðju. „En það hefur enginn hugmynd um hverju það skilar til þjóðarinnar því allt gagnsæi vantar."

Telur Koromazay að opinberir aðilar eigi að draga sig út úr raforkuframleiðslu, opna þurfi iðnaðinn og auka með því gagnsæi og samkeppni um leið og frekari stóriðja verði metin „á breiðum gagnsæjum kostnaðar- og ábatagrundvelli," þar sem tekið verði tillit til þátta á borð við viðeigandi landleigu fyrir notkun náttúrugæða, umhverfisáhrif og þjóðhagslegar afleiðingar.

„Sem stendur er litið á orkusölusamninga sem viðskiptaleyndarmál þannig að við vitum ekki hvort viðunandi verð fæst fyrir orkuna," segir Koromazay. Þá segir í skýrslu OECD að æskilegt sé að fresta hér nýjum stóriðjuframkvæmdum þar til jafnvægi náist í þjóðarbúskapnum.

OECD telur að þensluáhrifum skattalækkana verði að mæta með viðbótarniðurskurði útgjalda þar til fram komi skýr merki um minnkandi þenslu, auk þess sem stjórn peningamála þurfi að vera ströng áfram. Þannig gerir stofnunin ráð fyrir því að vextir hér þurfi enn að hækka. „Góður árangur felur samt í sér vanda fyrir stjórn efnahagsmála, því erfitt getur verið fyrir stjórnmálamenn að halda fram þörfinni á aðhaldi og enn frekari afgangi á ríkissjóði þegar hann er þegar ríflegur," segir Hannes Suppanz.

Sjá síður 2 og 26 / - óká



**BLÆR AÐ VERÐA TILBÚIN Á SVIÐ** Hitað var upp fyrir Hinsegin daga í gærkvöldi með Draggkeppni Íslands 2006. Keppnin hófst klukkan tíu og mynduðust langar raðir fyrir utan Þjóðleikhúskjallarann þar sem keppnin fór fram. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Þjóðareining á Íslandi um hátíðina ólíkt skyldum hátíðarhöldum erlendis:

# Hinsegin dagar hefjast í dag

**HÁTÍÐ** „Sú þjóðareining sem hér ríkir um þennan dag er mjög óvenjulegt og fallegt fyrirbæri. Íslendingar mæta til göngu, sama í hvaða stétt þeir eru eða hver kynhneigð þeirra er," segir Þorvaldur Kristinsson, forseti Hinsegin daga, sem hefjast formlega í dag og standa yfir til sunnudags.

Upphitun fyrir hátíðina fór fram í gærkvöldi með Draggkeppni Íslands 2006 sem fram fór í Þjóðleikhúskjallaranum. Hátíðin hefur vaxið hratt á undanförnum árum og fest sig í sessi sem einn af stærstu viðburðum landsins. Undirbúningur hefur staðið yfir síðan í janúar og gengið vel að sögn Þorvaldar, en yfir 200 manns hafa eitthvert hlutverk í hátíðinni.

Boðið verður upp á ýmsa viðburði þá fjóra daga sem Hinsegin dagar standa yfir en hápunktur og stolt hátíðarinnar er Gleðigangan sem fer ávallt fram annan laugardag í ágúst. Fyrsta árið sem gangan var farin mættu um fimmtán þúsund manns og í fyrra mættu um fimmtíu þúsund manns í gönguna.

Gleðigangan hefst klukkan tvö við Hlemm og er gengið niður eftir Laugavegi og endað í Lækjargötu. Hinsegin hátíð hefst svo í Lækjargötu að göngu lokinni þar sem fjölmargir skemmtikraftar munu stíga á svið.

Þorvaldur segir Hinsegin daga á Íslandi ólíka skyldum hátíðarhöldum erlendis. Þátttakan sé mjög almenn og stuðningur við réttindabaráttu samkynhneigðra mikill. - sdg



**HÁTÍÐ TRÚÐANNA** Danski trúðurinn Benny Schumann býr sig undir trúðahátíðina sem nú fer fram á Bakken. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Alþjóðleg trúðahátíð í Bakken:

## Tugir trúða safnast saman

**DANMÖRK, AP** Ellefta alþjóðlega trúðahátíðin hófst í Bakken-skemmtigarðinum fyrir utan Kaupmannahöfn í gær og hafa tugir trúða safnast þar saman í tilefni hátíðarhaldanna.

Svo virðist sem stórir skór, hvít andlitsmálning og rautt nef dugi ekki lengur til, því trúðarnir reyna sífellt flóknari brögð til að halda athygli áhorfenda. Einn trúður er til dæmis sogaður inn í risablöðru og situr þar svo fastur, á meðan annar klæðir sig upp sem óperusöngkonu sem finnur undarlega hluti í brjóstahaldara sínum.

„Aðalatriðið er að búa til persónu sem er fyndin," segir danski trúðurinn Benny Schumann, stofnandi trúðahátíðarinnar. - smk

Leiðtogi Hizbollah:

## Arabar yfirgefi Haifa í Ísrael

**LÍBANON, AP** Sjeik Hassan Nasrallah, leiðtogi Hizbollah-samtakanna, bað alla ísraelska araba um að yfirgefa hafnarborgina Haifa í Ísrael, svo herskár armur samtakanna gæti hert árásirnar á borgina án þess að úthella blóði múslima.

„Verið svo væn að fara svo við úthellum ekki ykkar blóði, sem er okkar blóð," sagði Nasrallah í ræðu sem sjónvarpað var í gær.

Jafnframt sagði hann áætlunina sem Sameinuðu þjóðirnar vinna nú að, sem ætlað er að koma á vopnahléi milli Ísraelshers og Hizbollah-samtakanna í Líbanon, vera „ósanngjarna og óréttláta" því hún gæfi Ísraelum meira en þeir hefðu í raun ætlað sér. - smk






## SPURNING DAGSINS

*Sigurður, hafið þið orðið vör við knattleiki á Bessastöðum?*

„Nei, en við munum opna endurbætt íþróttahús hérna í næsta mánuði og þá verður Ólafi Ragnari og öllum öðrum þjóðhöfðingjum velkomið að koma og spila fótbolta."

Evo Morales, forseti Bólivíu, spilar reglulega knattspyrnu og þykir leikinn með knöttinn. Hann hefur oft boðið öðrum þjóðhöfðingjum með í leikina. Sigurður Magnússon er bæjarstjóri á Álftanesi.

Átaks er þörf í menntamálum þjóðarinnar að mati OECD:

# Ættum að standa okkur betur

**MENNTAMÁL** „Frekar á að leggja áherslu á gæði kennslu en magn hennar," segir Val Koromzay, sérfræðingur OECD sem í gær kynnti nýja skýrslu stofnunarinnar. Í henni er fjallað um efnahagsmál auk menntamála. Þar telja skýrsluhöfundar úrbóta þörf.

Auka þarf hlutfall menntaðra kennara á landsbyggðinni, en við kynningu skýrslunnar var sérstaklega bent á þá staðreynd að börn af landsbyggðinni næðu síður góðum árangri í svonefndum PISA-könnunum. Koromzay sagði ekki viðunandi miðað við tilkostnað við menntakerfið hér að kunnátta barna væri bara í meðallagi í OECD-ríkjunum.



**FOLDASKÓLI** Bæta þarf grunnskólann að mati OECD, sem telur námsárangur barna hér óviðunandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þá segir í skýrslunni að brottfall úr námi eftir grunnskóla sé of mikið. Mælt er með styttingu framhaldsskólans, að því tilskyldu að það komi ekki niður á námsgæðum og árangri. Að auki er hvatt til alvarlegrar umræðu um hvort áhersla eigi að vera á háskólanám heima fyrir eða hvort ýta eigi undir nám í útlöndum.

„Það er gott að OECD sé að einblína á menntamálin í sinni umfjöllun. Það koma fram margar athyglisverðar tillögur sem við þurfum að huga að, en ánægjulegt er að það er bent á margt sem vel er gert. Stjórnarandstaðan mætti benda á það oftar," segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra um nýútkomna skýrslu OECD.

Sjá einnig síðu 26 / - óká/mh

Orkuveita Reykjavíkur:

## Heitavatnslaust í Breiðholti

**HITAVEITA** Orkuveita Reykjavíkur lokaði fyrir heitt vatn í öllu Breiðholtshverfi frá klukkan 19 í gærkvöldi fram til klukkan átta nú í morgun. Verið var að sinna viðhaldi í dælustöð fyrir heitt vatn við Stekkjarbakka, skipta um loka og annan búnað, að sögn Helga Pétursonar, almannatengslafulltrúa Orkuveitunnar.

Orkuveitan notaði kvöldið og nóttina til verksins því hlýtt er á þessum árstíma og tugir þúsunda notenda voru án vatns þennan tíma. Bornar voru út tilkynningar í öll hús í báðum hverfum áður en lokað var fyrir vatnið. - sgj

Erlendur ferðamaður:

## Ók á 153 kílómetra hraða

**LÖGREGLUMÁL** Erlendur ökumaður mældist á 153 kílómetra hraða á Suðurlandsvegi rétt austan við Hellu í gær.

Síðar í gær mældist annar erlendur ferðalangur á 127 kílómetra hraða á bílaleigubíl í umdæmi lögreglunnar á Hvolsvelli. Þriðji erlendi ferðalangurinn lét ekki bíða lengi eftir sér, því undir kvöld var hann stöðvaður á 114 kílómetra hraða á bílaleigubíl með fimm farþega innanborðs.

„Þessi hraði er út í bláinn," segir Sveinn K. Rúnarsson, varðstjóri hjá lögreglunni á Hvolsvelli. „Það er ekki óalgengt að við séum að taka um sjö erlenda ferðamenn á viku sem aka á 120 til 130 kílómetra hraða."

Sveinn brýnir fyrir forsvarsmönnum bílaleiga að kynna fyrir útlendum ökumönnum hraðatak-

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Ölvuð kona á bíl** Kona á sextugsaldri var stöðvuð af lögreglu um miðnætti í fyrrakvöld í nágrenni Borgarness, ölvuð undir stýri. Lögreglunni á Borgarnesi barst tilkynning um einkennilegt aksturslag konu og hafði lögregla upp á henni. Hún var færð til blóðprufu á lögreglustöðina og var að því loknu sleppt.

## NÍGERÍA

**Norðmönnum rænt** Fjórum norskum og úkraínskum olíuverkamönnum var rænt af birgðaskipi undan ströndum Nígeríu seint á þriðjudag. Skipið var á leið með birgðir til olíuborpalls á svæðinu. Í síðustu viku var þýskum olíuverkamanni rænt við svipaðar aðstæður, en

## SRÍ LANKA

**Íslendingum fjölgað** Fleiri Íslendingar verða fljótlega sendir til Srí Lanka, að sögn sendifulltrúa Norðmanna, Jon Hansen Bauer. Þetta kom fram í fréttum Ríkissjónvarpsins í gærkvöldi. Bauer segist enn eiga eftir að ræða við utanríkisráðuneytið um málið, en reiknað er með að 20 norskir og 10 íslenskir friðargæsluliðar verði sendir til landsins innan tíðar.

# Varlega verði farið í skattabreytingar

**Ráðherrar Sjálfstæðisflokksins telja að mörgu að hyggja áður en skattkerfinu verði breytt. Draumur Árna M. Mathiesen er að lækka tekjuskattinn meira. Spurningar um laun þurfa að beinast að fyrirtækjunum, segir Geir H. Haarde.**

**SKATTAR** Árni Mathiesen fjármálaráðherra og Geir H. Haarde forsætisráðherra telja nauðsynlegt að fara varlega í breytingar á skattkerfinu, þrátt fyrir að ójöfnuður hafi farið vaxandi síðustu ár. Á þriðja þúsund einstaklingar höfðu eingöngu tekjur á síðasta ári sem taldar voru fram sem fjármagnstekjur, samkvæmt upplýsingum frá Ríkisskattstjóra. Skattur á fjármagnstekjur er tíu prósent en hefðbundinn tekjuskattur er næstum fjórfalt hærri, 37 prósent.

Geir segir spurningar um há laun einstakra starfsmanna fyrirtækja þurfa að beinast til forsvarsmanna fyrirtækjanna sjálfra. „Spurningar um laun einstakra starfsmanna fyrirtækja verða að beinast að forsvarsmönnum fyrirtækjanna sjálfra, eðli málsins samkvæmt. Það er ánægjulegt að fyrirtæki séu það vel stæð að þau geti greitt góð laun, en ef laun fara út fyrir velsæmismörk hjá almenningi í landinu er það ekki hyggilegt fyrir fyrirtækin sjálf. Það verður að gæta sín á því í umræðu um há laun að ganga ekki of hart fram þannig að fyrirtæki og athafnamenn sem skapa arðinn í landinu fari ekki með starfsemi sína úr landinu. Þegar öllu er á botninn hvolft skiptir sá arður sköpum fyrir almenning í landinu."

Ekki hefur sérstaklega verið rætt um það innan ríkisstjórnarinnar að breyta skattkerfinu, en Árni segir það vera í sífelldri endurskoðun. „Við erum alltaf að skoða skattakerfið, en skoðun á launaupplýsingum sýnir hversu vel stæðir Íslendingar eru orðnir og það situr



**ÁRNI MATHIESEN EFTIR RÍKISSTJÓRNARFUNDINN** Árni vonast til þess að geta lækkað tekjuskatt enn meira. Hann segir skattkerfið vera í sífelldri endurskoðun. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

mikið eftir af þeim miklu tekjum sem hér hafa orðið til að undanförnu. Skattlagning á fjármagnstekjur er viðkvæm og það er vandmeðfarið að eiga við breytingar á þeim skatti." Árni segir jafnframt að best væri að geta lækkað tekjuskattinn enn meira, en ítrekar að til þess þurfi aðstæður að vera réttar. „Það væri auðvitað draumur að geta lækkað tekjuskattinn sem mest en það hefur sýnt sig að það er frekar snúið að lækka tekjuskattinn á tímum grósku og mikils hagvaxtar. En ég get alls ekki leynt því að það væri ákjósanlegt að geta látið fjármagnstekjuskatt og hefðbundinn tekjuskatt nálgast með því að lækka tekjuskattinn umtalsvert."



**GEIR H. HAARDE**

Spurður hvort honum finnist sanngjarnt að einstaklingar komist upp með það að borga tíu prósenta skatt af tekjum sínum sagði hann sanngirni vera afstæða í þessu sem öðru. „Þetta snýst nú ekki alltaf um hvað sé sanngjarnt. Það er auðvitað mikið matsatriði. Það sem gæti verið sanngjarnt gæti þýtt í huga einhvers að það væri ekki um neinar tekjur að tefla. Ég held að við höfum verið að gera ákveðnar tillögur að breytingum á skattkerfinu sem miði í rétta átt. Það er ekkert launungarmál að við viljum lækka skattana en réttar aðstæður verða að vera fyrir hendi svo það sé hægt."

magnush@frettabladid.is



**KARL BRETAPRINS** Grunur leikur á að sími hans hafi verið hleraður.

Blaðamaður handtekinn:

## Njósnað um Bretaprins

**LUNDÚNIR, AP** Lögreglan handtók þrjá menn í gær vegna gruns um að þeir hafi staðið fyrir hlerunum í símakerfi skrifstofu Karls Bretaprins. Einum manni á sextugsaldri var sleppt eftir yfirheyrslur en lögreglan segir hann þó ekki lausan allra mála; hann verði kallaður til yfirheyrslu á ný. Einn hinna handteknu mun vera ritstjóri konunglegra tíðinda á slúðurblaðinu breska News of the World.

Skrifstofa Karls Bretaprins vildi ekkert láta uppi um málið í gær, en hún hefur legið undir ámæli fyrir slaka öryggisgæslu á tímum aukinnar hryðjuverkaógnar. - kóþ

Eldri borgarar í Reykjavík:

## Þjónusta við akstur bætt

**STJÓRNSÝSLA** Breytingar á reglum um akstursþjónustu eldri borgara voru samþykktar á fundi Velferðarráðs Reykjavíkurborgar í gær. Markmið þjónustunnar er að gera eldri borgurum kleift að búa lengur heima.

Umsækjendur um akstursþjónustuna ráða því framvegis til hvaða erinda þeir nýta ferðir sem hafa hingað til einskorðast við læknisheimsóknir, skipulagða endurhæfingu eða félagsstarf á vegum borgarinnar.

Þjónustusvæðið stækkar og nær nú yfir allt höfuðborgarsvæðið. Einnig geta umsækjendur nú tekið með sér aðstoðarmann. - sdg




Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18

Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500


Ölvuð kona handtekin með þýfi í fórum sínum:

# Fór ránsferð um búðir á Laugavegi

**LÖGREGLUMÁL** Tilkynning barst til lögreglu um ölvaða konu sem var til vandræða á Laugaveginum um fjögurleytið í fyrradag.

Lögregla fann konuna, sem er um fertugt, töluvert ölvaða á bekk fyrir utan Laugaveg 9 með umtalsvert þýfi á sér sem hún virðist hafa stolið úr hinum ýmsu búðum við Laugaveginn. Eftir að hafa fengið leyfi til að skoða í tösku konunnar fann lögregla þar belti og sylgjur, bók, lítið útvarp og tvær hljómplötur. Á ganstéttinni fyrir framan konuna þar sem hún sat lá pils, bolur og buxur. Ekki gat konan gefið skýringu á hvernig neitt af ofantöldu komst í hennar eigu.

Konan var handtekin og færð í fangageymslur, þar sem hún var látin sofa úr sér. Hún var yfirheyrð í gærmorgun. Hún hefur talsvert komið við sögu hjá lögreglu vegna ölvunar og búðahnupls.

Verkfærum var stolið úr vinnuskúr við Grand Hótel í Sigtúni í fyrrakvöld. Andvirði þýfisins er um sjö hundruð þúsund krónur. Lögregla segir þjófnað á verkfærum algengan um þessar mundir.

Þá var veski konu stolið í Vídeóhöllinni í Lágmúla í fyrrakvöld þegar hún lagði það frá sér. Í því voru fjörutíu þúsund krónur í peningum ásamt greiðslukortum. Þjófurinn er enn ófundinn. - æþe

Flokksþing í vændum:

## Skorað á Siv í formanninn

**STJÓRNMÁL** Óskar Bergsson, varaborgarfulltrúi Framsóknarflokksins í Reykjavík, skoraði í gær á Siv Friðleifsdóttur, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, að bjóða sig fram til formanns Framsóknarflokksins.



**SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR**

Siv kvaðst vera alvarlega að íhuga sína stöðu en vildi að öðru leyti ekki tjá sig um áskorunina. „Ég mun gefa út yfirlýsingu um mína ákvörðun þegar hún liggur fyrir en ég vil ekki tímasetja það nánar."

Siv hefur ekki lýst yfir stuðningi við nein framboð og hyggst ekki gera það. „Ég er á þeirri skoðun að þingmenn eigi ekki að leyfa flokksmönnum að velja nýja forystu." - sdg




10.- 20. ágúst

# Skóladagar

## í Smáralind

Smáralind er **troðfull af nýjum vörum** sem skólafólk á öllum aldri þarf á að halda áður en skólinn byrjar. Við bjóðum flott úrval af fatnaði, skóm, tölvum, skólatöskum, ritföngum, bókum og öðrum skólavörum.

**Allir sem versla á Burger King í dag fá miða í Tívolí.**



**PIT-STOP**

Á föstudaginn kl. 12 fer fram PIT-STOP keppni Hagkaupa og RÚV í Vetrargarði Smáralindar. Mark Webbers hjá Williams mætir á staðinn og sex íslenskum liðum gefst tækifæri til að keppa í að skipta um dekk á bíl hans. Það lið sem vinnur fer frítt á Formúlu 1 kappakstur í lok ágúst.

### EKKI SKRÓPA Í SKÓLALEIKNUM!

Skólafólk sem verslar í Smáralind má alls ekki láta sig vanta í Skólaleikinn okkar. Það eina sem þarf að gera er að fylla út þátttökuseðil og setja í pott við þjónustuborðið. Dregnir verða út tveir ótrúlega heppnir vinningshafar.

**1. vinningur:** Fartölva frá BT, 15.000 kr. úttekt í Blend og 25.000 kr. gjafakort frá Smáralind.
**2. vinningur:** Vinningshafi fær að bjóða bekkjarsystkinum sínum á Burger King og í Smárabíó. 10.000 kr. vöruúttekt af Diesel eða Levis í Zink og 25.000 kr. gjafakort frá Smáralind.



**Sjáumst í Smáralind!**

**Opið til kl. 21 í kvöld.**




SMÁRABÍÓ BLEND Zink

Verslanir opnar mán-mið 11-19, **fim 11-21**, fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18 / smaralind.is / 528 8000

ENNEMM / SÍA / NM22918

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 09.8.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 70,83 | 71,17 |
| Sterlingspund | 135,27 | 135,93 |
| Evra | 91,31 | 91,83 |
| Dönsk króna | 12,238 | 12,31 |
| Norsk króna | 11,514 | 11,582 |
| Sænsk króna | 9,958 | 10,016 |
| Japanskt jen | 0,6164 | 0,62 |
| SDR | 105,72 | 106,36 |

*Gengisvísitala krónunnar*
126,1362

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Mikil einföldun að kenna álverinu á Reyðarfirði um kennaraskort á Egilsstöðum:

# Laun í álveri yfir meðallagi

**ATVINNUMÁL** Tveir grunnskólakennarar starfa nú hjá Alcoa Fjarðaáli, samkvæmt upplýsingum Ernu Indriðadóttur, upplýsingafulltrúa Alcoa í Fjarðabyggð. Erna segir það mikla einföldun að kenna álverinu um kennaraskort á Egilsstöðum eins og Róbert Gunnarsson, skólastjóri Egilsstaðaskóla, gerði í viðtali við Fréttablaðið í gær.





**ERNA INDRIÐADÓTTIR** Upplýsingafulltrúi Alcoa og athafnasvæði Alcoa á Reyðarfirði.

Erna segir ekki verið að leita að kennurum sérstaklega en að þeirra umsóknir séu velkomnar eins og aðrar. „Launin sem eru í boði eru yfir meðallagi miðað við laun í almennum iðnaði og það laðar fólk að.“

Erna segir þriðjung þeirra sem sæki um störf hjá Fjarðaáli koma úr fjórðungnum, en hluti þess hóps er að leita að stöðugri atvinnu í stað atvinnu sem háð er árstíðum eins og fiskveiðar og ferðaþjónusta. „Aðrir Austfirðingar hafa flutt heim aftur þegar þeir sjá fram á að geta nýtt menntun sína sem þeir gátu ekki áður.“

Erna segir að í álverinu verði fjögur hundruð störf og að auki skapist fjögur hundruð störf á svæðinu, til dæmis við þjónustu. Hagfræðistofnun HÍ telur að níu hundruð störf skapist á landinu öllu vegna álversframkvæmdanna.

Erna segir reynsluna sýna að starfsmannavelta sé lítil í álverum á Íslandi og þeir sem þar starfi vilji halda því áfram. **- hs**

Jafnaðarkaups hvergi getið:

# Ungmenni leita til AFLs

**KJARAMÁL** Að undanförnu hafa fjölmörg ungmenni á Austurlandi leitað til AFLs, starfsgreinafélags Austurlands, vegna svokallaðs jafnaðarkaups sem þeir fá greitt.

Samkvæmt upplýsingum frá AFLi er hugtakið jafnaðarkaup hvergi að finna í kjarasamningum og mun starfsfólk félagsins nú fara yfir tímaskýrslur og kanna hvort samningar hafi verið brotnir.

Flest ungmennin sem leituðu til AFLs starfa í söluturnum og á bensínstöðvum á svæðinu en á þessum stöðum er unnin kvöld- og helgarvinna og því ljóst að starfsfólkið vinnur verulega yfirvinnu. **- hs**



**KOIZUMI** Forsætisráðherrann ber blómsveig í gær í tilefni þess að 61 ár var liðið frá kjarnorkuárásinni á Nagasaki. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forsætisráðherra Japans:

# Hyggst mæta í Yasukuni-hof

**JAPAN, AP** Forsætisráðherra Japans, Junichiro Koizumi, sagði í gær að hann vildi standa við loforð sitt um að biðjast fyrir í Yasukuni-hofinu hinn 15. ágúst, daginn sem Japanar gáfust upp árið 1945. Hofið er tileinkað minningu 2,5 milljóna Japana sem fallið hafa í styrjöldum, þar á meðal dæmdra stríðsglæpamanna. Áformin hafa mætt mikilli andstöðu í nágrannalöndum Japans.

Koizumi hefur heimsótt hofið fimm sinnum síðan árið 2001, en í kosningabaráttu á því ári lofaði hann því að gera það að minnsta kosti einu sinni í embættistíð sinni á þessum degi, „Uppgjafardeginum“. Hann segist einungis gera það til að heiðra minningu fallinna og biðja fyrir friði. **- sgj**

## SERBÍA

**Naglar í maga** Skurðlæknar í vesturhluta Serbíu fjarlægðu átta nagla, hníf, penna, skrúfu, skeið, klemmu og fleiri hluti úr maga ungs manns nýlega. Að sögn lækna sluppu líffæri mannsins ótrúlega vel miðað við hvað fannst í maga hans, og er hann á batavegi.

# Leikskólakennarar fást enn ekki til starfa á leikskólum

**Svo virðist sem betur gangi að ráða grunnskólakennara en leikskólakennara til starfa. Leikskólastjórinn á Maríuborg segir léleg laun fæla fólk frá og stendur frammi fyrir því að ráða yngra fólk inn á leikskólann en viðmið segja til um. Í sumum tilfellum verður erfitt að taka við börnum sem búið er að lofa plássi í haust.**

**SKÓLAMÁL** Búast má við að ráða þurfi ófaglært starfsfólk í stað leikskólakennara í haust, að sögn Bjargar Bjarnadóttur, formanns Félags leikskólakennara.

Björg segir sögur um manneklu á leikskólum hljóma kunnuglega og telur líklegt að allir leikskólakennarar séu þegar búnir að ráða sig.

Guðný Hjálmarsdóttir, leikskólastjóri á Maríuborg í Grafarholti, segir að nú vanti leikskólann þrjá leikskólakennara og aðstoð í eldhús. „Ég er búin að auglýsa tvisvar eftir leikskólakennurum í Fréttablaðinu án þess að fá viðbrögð.“ María segir þetta óvanalegt því yfirleitt komi fyrirspurnir um störf í kjölfar auglýsinga.



**BJÖRG BJARNADÓTTIR**

„Það hefur verið regla hjá mér að ráða ekki yngra starfsfólk en 22 ára en nú gæti farið svo að ég þurfi að gera undantekningu á þeirri reglu vegna manneklu.“ Guðný gerir sér ekki miklar vonir um að fá menntaða leikskólakennara í þær stöður sem enn eru ómannaðar.

„Það er alveg ljóst að ef ekki tekst að manna þessar stöður verður erfitt að taka við þeim börnum sem búið var að lofa plássi í haust.“

Guðný segir léleg laun á leikskólum eina helstu ástæðu þess að svo illa gangi að manna stöðurnar.



**LEIKSKÓLASTARF** Erfitt getur reynst að taka við börnum af biðlista í haust ef ekki tekst að fullmanna leikskólana.

Vel gengur að manna stöður við leikskólann Kiðagil á Akureyri, að sögn Snjólaugar Brjánsdóttur leikskólastjóra. Hún segir að þeir leikskólakennarar sem menntaðir séu við Háskólann á Akureyri skili sér vel í leikskólana á Akureyri.

Betur hefur gengið að ráða í stöður grunnskólakennara nú en oft áður, að sögn Þorsteins Hjartarsonar, skólastjóri Fellaskóla, en aðeins á eftir að manna stöðu heimilisfræðikennara við skólann.

Árdís Ívarsdóttir, aðstoðarskólastjóri í Borgaskóla í Grafarvogi, segir að ennþá séu einhverjir lausir endar varðandi ráðningar en vonast til að á næstu dögum náist að fullmanna skólann.

Staðan er sömuleiðis góð við grunnskólann í Hveragerði. Þar vantar dönskukennara og þroskaþjálfa en ráðið var í aðrar stöður fyrr í sumar, að sögn Páls Leós Jónssonar, aðstoðarskólastjóra Grunnskólans í Hveragerði.

**hugrun@frettabladid.is**




Landsbankinn
Máttarstólpi Menningarnætur
Menningarnótt 19. ágúst


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**HINSEGIN DAGUR OG FISKIDAGUR**
Hin fræga gleðiganga á hinsegin dögum verður á laugardaginn. Gangan er tímasett klukkan tvö en um svipað leyti nálgast úrkomusvæði vestustu annes landsins. Þátttakendur í göngunni verða því í nokkurri keppni við vætuna. Á Dalvík, einnig á laugardaginn, er það fiskidagurinn mikli sem allt snýst um. Hægviðrisspá er í kortunum, þurrt en skýjað með köflum. Milt verður á báðum þessum „dögum.“

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**
Hæg suðlæg átt. Súld með köflum. Milt.

*um hádegi »*




*» á morgun*




Hæg breytileg átt. Dálítil súld norðan til en úrkomulítið um kvöldið.




Fremur hæg suðvestlæg átt. Fer að rigna vestan til þegar líður á daginn.

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 21°C skýjað | London | 18°C skýjað | Alicante | 31°C heiðskírt |
| Bergen | 18°C skúrir | París | 21°C léttskýjað | Mallorca | 29°C heiðskírt |
| Osló | 20°C skúrir | Frankfurt | 22°C skýjað | Algarve | 33°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 23°C léttskýjað | Friedrichshafen | 19°C skýjað | Krít | 30°C léttskýjað |
| Gautaborg | 19°C skúrir | Berlín | 22°C skýjað | Las Palmas | 25°C heiðskírt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

www.volkswagen.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 6934




Núna er rétti tíminn til að eignast nýjan Volkswagen Golf. Gæðin og glæsileikann þekkja allir en verðið kemur skemmtilega á óvart. Komdu og reynsluaktu og nýttu þér þetta einstaka tækifæri.

**Gerðu bílinn enn glæsilegri með 250.000 kr. sportpakka:**

- 16" álfelgur
- sóllúga
- leðurstýri
- þokuljós
- armpúði milli framsæta
- samlitur
- vindskeið

Aus Liebe zum Automobil

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is



## KJÖRKASSINN

*Hefur lögregla gengið of hart fram gegn mótmælendum?*

| | |
|---|---|
| Já | 45% |
| Nei | 55% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Ætlar þú að taka þátt í Reykjavíkurmaraþoninu?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Vísir

Grunnskólar og framhaldsskólar landsins hefjast flestir innan tveggja vikna:

# Skiptibókamarkaðir að opna

**SKÓLAR** Skólabókamarkaðir hafa víða verið opnaðir nú þegar og verslanir eru farnar að taka við notuðum bókum á skiptimarkaði. Kennsla í grunnskólum landsins hefst á flestum stöðum 21. ágúst næstkomandi, en það er svipaður tími og undanfarin ár, að sögn fulltrúa menntaráðs Reykjavíkur. Kennsla í flestum framhaldsskólum hefst í sömu viku, en þó í stöku skólum öllu síðar.

Að sögn starfsmanns Skólavöruverslunarinnar eru skólabókamarkaðirnir ekki komnir á fullt skrið enn sem komið er. Búist er við því að börnum og ungmennum í verslunarleiðangrum fyrir skólann taki að fjölga mikið strax um helgina og haldi áfram allt fram að byrjun kennslu.

Árgangurinn sem hefur nám í framhaldsskólum í ár er sá stærsti í áraraðir, en hann telur rúmlega 4.800 manns, miðað við um 4.300 að meðaltali undanfarin fimm ár. Um hundrað fleiri nemendur eru í árgangnum í ár en voru fyrir tveimur árum þegar erfiðlega gekk að finna öllum skólavist sem um það sóttu.

Sex ára árgangurinn í ár er í meðallagi, telur rúmlega 4.300 börn, en er mjög nærri meðaltali undanfarinna fimm ára. **- sh**



**NOTAÐAR BÆKUR** Bráðlega fara ungmenni að streyma á skiptibókamarkaði til að birgja sig upp fyrir veturinn.

Lögreglan í Reykjavík:

# Klippt af 53 bifreiðum

**LÖGREGLUMÁL** Samanlagt hefur lögreglan í Reykjavík klippt skráningarnúmer af 53 ökutækjum í borginni að undanförnu.

Eigendur ökutækjanna sem klippt er af hafa ýmist trassað að láta skoða bifreiðina eða borga iðgjöld trygginga.

„Ekki er um sérstakt átak að ræða heldur notum við kvöldin í miðri viku, þegar alla jafna er lítið að gera, og klippum af bifreiðum á meðan við sinnum eftirliti í hverfum borgarinnar,“ segir Sigurður Sigurgeirsson, settur aðalvarðstjóri lögreglunnar í Reykjavík. „Með því sláum við tvær flugur í einu höggi.“ **- æþe**

Gaarder reitir marga til reiði:

# Gyðingar reiðir

**NOREGUR, AP** Norski rithöfundurinn Jostein Gaarder sætir mikilli gagnrýni í heimalandi sínu fyrir grein sem hann skrifaði í Aftenposten á laugardag. Í greininni segir hann Ísrael hafa misst lögmæti sitt sem ríki sakir ófeflaðs hernaðar. Norskir gyðingar gagnrýna greinina harðlega og kalla hana versta texta síðan Adolf Hitler skrifaði Mein Kampf. Gaarder gerði stólpagrín að þeirri hugmynd að guð hafi „valið ákveðna þjóð sem uppáhald, gefið henni kjánalegar steintöflur“. **-sgj**



**JOSTEIN GAARDER**

Ekið á hæðarslár:

# Skapar mikla slysahættu

**LÖGREGLA** Tvívegis var ekið á hæðarslár við gatnamót Suðurlandsvegar og Vesturlandsvegar í fyrradag. Ekki urðu slys á fólki, en lögregla segir að með sama framhaldi sé aðeins tímaspursmál hvenær illa fari.

„Við vitum um dæmi þar sem ökumenn hafa virt hæðartakmörk að vettugi, ekið á hæðarslá og svo undir yfirslått með þeim afleiðingum að brak hefur hrunið til jarðar og valdið slysi á fólki,“ segir lögreglumaður hjá lögreglunni í Reykjavík. Lögregla vill ítreka hæðartakmörk, sem eru 4,2 metrar. **- æþe**



**HJÁLPARGÖGN HANDLÖNGUÐ** Sjálfboðaliðar handlanga hjálpargögn á vegum Lækna án landamæra yfir Litani-ána norður af hafnarborginni Týrus í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Ísraelar áforma stóraukinn landhernað

**Þjóðaröryggisráð Ísraels samþykkti í gær áform hersins um að sækja allt að þrjátíu kílómetra inn í Líbanon. Alþjóðasamfélagið reynir áfram að koma á vopnahléi. Aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna birtist óvænt í Beirút.**

**LÍBANON, AP** Þjóðaröryggisráð Ísraels samþykkti nær einróma í gær að senda fleiri hermenn lengra inn í Líbanon. Um 10.000 hermenn eru þar nú þegar, en er búist við því að þeim kunni að verða fjölgað um allt að 30.000 til viðbótar. Er ákvörðunin álitin endurspegla viðleitni af hálfu Ísraela til að ganga milli bols og höfuðs á skæruliðasveitum Hizbollah áður en viðleitni alþjóðasamfélagsins til að koma á friði ber árangur.

En með ákvörðuninni taka ísraelsk stjórnvöld jafnframt þá áhættu að vera gagnrýnd fyrir að spilla fyrir tilraunum til að koma á friði, einkum og sér í lagi eftir að Líbanonstjórn bauðst til að láta líbanska herinn taka sér stöðu á átakasvæðinu norðan við landamærin.

Víðtækari landhernaður er heldur engin trygging fyrir því að sprengiflaugaárásum Hizbollah á Ísrael linni, en með honum stóreykst aftur á móti hættan á að mannfall aukist í liði Ísraela. Arabískar sjónvarpsstöðvar fullyrtu að ellefu ísraelskir hermenn hefðu verið felldir í gær, en sé það rétt væri það mesta mannfall sem Ísraelsher hefur orðið fyrir á einum degi frá því átökin hófust fyrir fjórum vikum.

Auk þess var yfir 160 sprengiflaugum skotið suður yfir landamærin.

Samkvæmt áætlun Ísraelshers er markmiðið að hernema allt land norður að Litani-ánni, sem er um 30 kílómetra frá landamærunum. Ehud Olmert forsætisráðherra og Amir Peretz varnarmálaráðherra munu taka ákvörðunina um hvenær ráðist verður í þessa sókn, að því er Eli Yishai viðskiptaráðherra, sem á sæti í ísraelska öryggisráðinu, greindi frá.

Í fyrradag var hershöfðingjanum sem stýrði aðgerðum Ísraelshers í Líbanon skipt út fyrir annan, en það þykir merki um óánægju innan hersins og utan með hve erfiðlega gengur að draga úr getu Hizbollah til að halda áfram sprengiflaugahríðinni.

David Welch, aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna, kom í óvænta heimsókn til Beirút í gær og átti þar viðræður við forsætisráðherra Líbanons, Fuad Saniora. Að fundinum loknum sagði Saniora að hann vænti þess ekki að öryggisráð Sameinuðu þjóðanna afgreiddi fyrir vikulokin ályktun um vopnahlésáætlun. Welch hitti líka Nabih Berri, forseta Líbanonsþings, sem er stuðningsmaður Hizbollah-hreyfingarinnar. Í ummælum eftir fundinn dró Berri enga dul á að hann væri ekki bjartsýnn á að úr rættist alveg á næstunni.

**audunn@frettabladid.is**



**FYLGST MEÐ HERNAÐI** Friðargæsluliði í UNIFIL-sveitum Sameinuðu þjóðanna í Suður-Líbanon fylgist með úr varðturni er ísraelskir skriðdrekahermenn aka hjá í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


**BÍLL DAGSINS**

**NISSAN X-TRAIL**

Nýskr. 04.02 - Beinskiptur - Ekinn 93. þús. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00. Sími: 525 8020.

LYFJA

- Lifið heil

www.lyfja.is




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LYF 33204 08/2006

**Lamisil gel**

**EINU SINNI Á DAG Í EINA VIKU DREPUR FÓTSVEPPINN.**

**FÆST ÁN LYFSEÐILS**

Lamisil er borið á einu sinni á dag í eina viku. Hreinsið og þurrkið sýkt svæði vel áður en borið er á. Bera skal Lamisil á í þunnu lagi á sýkta húð þannig að það þeki allt sýkta svæðið. Lamisil er milt og veldur mjög sjaldan húðertingu. Lamisil inniheldur terbinafin sem er sveppadrepandi (fungisid) efni og vinnur á sveppasýkingum í húð af völdum húðsveppa, gersveppa og litbrigðamyglu („lifrarbrúnir blettir“). Lamisil á ekki að nota gegn sveppasýkingum í hársverði, skeggi eða nöglum nema samkvæmt læknisráði. Það má ekki nota ef þekkt er ofnæmi fyrir terbinafini eða öðrum innihaldsefnum í Lamisil. Geymist þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið vandlega leiðbeiningarseðil sem fylgir hverri pakkningu.

Garðatorgi - Grindavík - Keflavík - Lágmúla - Laugavegi - Setbergi - Smáralind - Smáratorgi - Spönginni - Egilsstöðum - Höfn Fáskrúðsfirði - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Patreksfirði - Borgarnesi - Grundarfirði Stykkishólmi - Búðardal - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Sauðárkróki - Blönduósi - Hvammstanga - Skagaströnd Selfossi - Laugarási


LATI BÆR
Latabæjar-línuskautarnir eru komnir!
Hlífar og bakpoki fylgja með
abec 5 legur
Bakpoki er með sérhólfi að framan fyrir hjálm
Línuskautarnir eru stillanlegir fyrir stærðir 33-36
(leiðbeiningar og sexkantur fylgja)
Verð kr. 9.999
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



REYKJAVÍKUR
MARAÞON
GLITNIS
19. ÁGÚST

# LATABÆJARMARAÞON FYRIR BÖRNIN

1,5 km

**LATABÆJARMARAÞON** er ný vegalengd í Reykjavíkurmaraþoni Glitnis þann 19. ágúst. Hlaupið er ætlað börnum yngri en 11 ára og fá allir þátttakendur boli við afhendingu skráningargagna og verðlaunapening að loknu hlaupi.

Hlaupið hefst í Lækjargötu kl. 14.15. Íþróttaálfurinn mun tryggja að allir leggi af stað í hlaupið með bros á vör með upphitun sem hefst kl. 13.45.

Skráning í hlaupið og allar nánari upplýsingar eru á www.glitnir.is. Þátttökugjald er 800 kr. Foreldrar og forráðamenn sem fylgja börnum í Latabæjarhlaupinu þurfa hvorki að skrá sig né greiða þátttökugjald.

**RÁSTÍMI OG VEGALENGDIR Í REYKJAVÍKURMARAÞONI GLITNIS**

**09.00** Maraþon, 42 km
**09.40** 10 km
**10.05** Hálfmaraþon, 21 km
**11.00** Skemmtiskokk, 3 km
**13.45** Latabæjardagskrá hefst. Íþróttaálfurinn hitar upp hlaupara.
**14.15** **LATABÆJARMARAÞON,** 1,5 km

Sjáumst eldhress 19. ágúst!

GLITNIR

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA



**EINBEITTUR STANGARSTÖKKVARI** Hin spænska Naroa Agirre freistar hér þess að ná sæti í forkeppni Evrópuleikanna í frjálsum íþróttum sem fram fer í Gautaborg. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sératkvæði barst þegar varðhald 19 ára pilts sem stakk föður sinn var staðfest:

# Telur piltinn í hættu í fangelsi

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur stytti í gær gæsluvarðhaldsúrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur yfir nítján ára pilti sem stakk föður sinn í síðuna með hnífi aðfaranótt 17. júní. Einn dómaranna skilaði sératkvæði í málinu og telur piltinn í hættu í fangelsi.

Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi manninn í gæsluvarðhald til 24. október en Hæstiréttur stytti varðhaldið til 27. september. Í dómi Hæstaréttar kemur fram að piltur inn hafi verið ákærður fyrir tilraun til manndráps, en faðir piltsins hlaut lífshættulega áverka af stungunni.

Einn dómaranna þriggja sem málið dæmdu, Hjördís Hákonardóttir, skilaði sératkvæði þar sem hún taldi áframhaldandi gæsluvarðhald ekki nauðsynlegt og lagði til að dómur héraðsdóms yrði felldur úr gildi. Segir hún ljóst af gögnum málsins að pilturinn hafi stungið föður sinn eftir að faðirinn ógraði honum. Pilturinn hafi ekki áður orðið uppvís að hegningarlagabrotum og geðlæknir telji persónuleika og sálarástand piltsins þess eðlis að honum sé hætta búin af lengri fangavist. Þá tekur hún fram að geðlæknir telji enga hættu stafa af piltinum og að meðferðarráðgjafi segi að ekkert bendi til þess að hann sé afbrota- eða ofbeldishneigður. - sh



**HÆSTIRÉTTUR** Héraðsdómur hafði dæmt piltinn í gæsluvarðhald til 24. október en Hæstiréttur stytti það til 27. september.

Dýraflutningar fara úrskeiðis:

# Fjórar mörgæsir drepast í bílslysi

**BANDARÍKIN** Fjórar mörgæsir og nokkrir hitabeltisfiskar drápust þegar bíll sem flutti dýrin valt á hraðbraut í Texas í Bandaríkjunum á þriðjudag. Tuttugu og einni mörgæs var bjargað. Kolkrabbi sem var einnig í bílnum slapp ómeiddur. Þetta kemur fram á vef bandarísku fréttastöðvarinnar CNN.

Lögreglumaður sem kom á vettvang segir slysið vera það allra furðulegasta sem hann hafi séð. „Ég hef séð bílslys þar sem kýr, hestar og svín koma við sögu en þetta er í fyrsta skipti sem dýrin eru mörgæsir.“ - sþs



**BLESSAÐ VATNIÐ** Vatn er hollara en gosdrykkir.

Ný bandarísk rannsókn:

# Gosið fitar

**BANDARÍKIN, AP** Mikil neysla gosdrykkja og annara sætra drykkja seinustu fjóra áratugina er ein helsta ástæða gríðarlegs offituvandamáls bandarísku þjóðarinnar, kemur fram í niðurstöðum nýrrar bandarískrar rannsóknar sem gerð var við Harvard-háskólann. Sýnir hún að einn sætur gosdrykkur á dag getur valdið allt að sjö kílóa þyngdaraukningu á einu ári. - smk

Talsvert hefur veiðst af örlöxum í sumar:

# Laxveiði í meðallagi

**LAXVEIÐI** Laxveiði í sumar hefur gengið í meðallagi vel, en misvel eftir ám, að sögn Óðins Sigþórssonar, formanns Landssambands Veiðifélaga. „Vopnafjörðurinn og Borgarfjarðarárnar hafa verið góðar, en eitthvað síðra annars staðar. Þetta stefnir í meðalveiði.



**STANGVEIÐIMAÐUR** Veiði hefur verið dræm í sumum vinsælustu ám landsins í sumar.

Ég spái að þetta verði rúmlega þrjátíu þúsund laxar,“ segir Óðinn.

„Þetta er töluvert minna en í fyrra, það var mjög góð stangveiði þá. Sumar ár eru seigar til, en það er þó ekki hægt að afskrifa þær, þótt það sé komið fram í ágúst. Laxinn hefur verið seint á ferðinni. Norðvesturlandið hefur ekki verið sterkt í ár og Laxá í Ásum hefur verið í dálítilli lægð. Þetta gengur samt í sveiflum og það sem fer niður kemur upp aftur,“ segir Óðinn.

Að sögn Óðins hefur veiðst talsvert af örlöxum, eða „tittum,“ sem bendir til að skortur hafi verið á æti í sjónum. „Yfirleitt kemur gott stórlaxaár eftir gott smálaxaár, en sú er ekki raunin í ár. Það er kannski það eina sem hefur komið okkur á óvart,“ segir Óðinn. - sgj



**STYRKUR KVENNA** Þessar eldri konur voru meðal þúsunda annarra sem gengu að stjórnarráðinu í Pretoríu, höfuðborg Suður-Afríku, í gær í tilefni þess að 50 ár eru síðan suðurafrískar konur gengu gegn aðskilnaðarstefnunni. Jafnframt mótmæltu þátttakendur í gær því að suðurafrískar konur verða einna verst úti þegar kemur að fátækt og HIV-veirunni, og verða fyrir mestu líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi af öllum konum í heimi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Samstaðan enn sterk

**Þúsundir kvenna þrömmuðu um Suður-Afríku í gær í tilefni þess að 50 ár eru liðin frá því að 20 þúsund konur hættu frelsi sínu í mótmælagöngu gegn aðskilnaðarstefnunni sem þá ríkti í landinu.**

**SUÐUR-AFRÍKA, AP** Kvennadagurinn var haldinn hátíðlegur um alla Suður-Afríku í gær og minntust konur þess að í stað aðskilnaðarstefnunnar áður fyrr, standa suðurafrískar konur nú frammi fyrir gríðarlegri fátækt og miklu kynferðislegu og líkamlegu ofbeldi.

Dagurinn var valinn því fyrir 50 árum, hinn 9. ágúst 1956, mótmæltu 20.000 konur lögum sem heimiluðu yfirvöldum að fangelsa svartar konur sem brutu gegn aðskilnaðarlögum, tvístra heimilum þeirra og senda börnin á vergang.

„Níundi ágúst er dagurinn sem markar sigurinn yfir aðskilnaðarstefnunni,“ sagði Sophia Williams de Bruyn, ein þeirra sem skipulögðu gönguna, í ræðu sinni við mikinn fögnuð viðstaddra.

Síðan Suður-Afríka varð lýðræðisríki árið 1994 hafa konur unnið mikinn sigur í baráttunni fyrir réttindum sínum. Phumzile Mlambo-Ncguka, varaforseti landsins, er kona og af 28 ráðherrum í ríkisstjórninni eru 12 konur.

En betur má ef duga skal, því á sama tíma eru um 75 prósent allra svartra suðurafrískra kvenna undir þrítugu atvinnulaus og afar fáar konur – og enn færri svartar konur – komast í yfirmannastöður.

„Sem þjóð verðum við að átta okkur á því að ekkert okkar er frjálst nema konurnar í landi okkar séu frjálsar. Frjálsar frá kynþátta- og kynbundinni mismunun, frjálsar frá fátækt, frjálsar frá ótta og ofbeldi,“ sagði forseti landsins, Thabo Mbeki, í ræðu sem hann hélt í tilefni dagsins og lofaði að ríkisstjórnin myndi láta meira til sín taka.

Tilkynnt eru um meira heimilisofbeldi og nauðganir í Suður-Afríku en í nokkru öðru landi í heiminum og er ástandið svo slæmt að á sex tíma fresti er suður-afrísk kona myrt af nánum ástvini, samkvæmt rannsókn heilbrigðisyfirvalda.

Jafnframt verða konur verr úti þegar kemur að HIV-veirunni. Á meðan 19 prósent allra fullorðinna Suður-Afríkubúa eru smituð af HIV er talan mun hærri þegar kemur að þunguðum konum, yfir 30 prósent, og hefur ríkisstjórnin ítrekað verið gagnrýnd fyrir að sinna ekki hættunni sem steðjar að konum í þessu landi sem hefur hærri tíðni HIV-tilfella en nokkurt annað land í heiminum.

smk@frettabladid.is



# Góðar stundir heima!

Hvúmm

Bestir í kjöti
NÓATÚN
í 40 ár



GOÐA
SÚPUKJÖT, FROSIÐ
299 kr. kg

44% afsláttur

## Heitt með Heim



Fljótlegir og hollir réttir í hádeginu eða á kvöldin, heitt með heim.

Ýmsir heilsu- kjöt- fiski- núðlu- eða pastaréttir ásamt meðlæti í pönnunum á hverjum degi.

Prófaðu Tikka Masala grænmetispönnu eða pönnu dagsins með meðlæti og gosi.

Valmöguleikar á gosi með öllum réttum!



Úrval af lífrænum vörum í Nóatúni!

50% afsláttur



GOÐA SVIÐ
FROSIN
287 kr. kg.

30% afsláttur



GOÐA MEDISTERPYLSA
REYKT
524 kr. kg.

50% afsláttur



NÓATÚNS HAKKBOLLUR
Í SÚRSÆTRI SÓSU
649 kr. kg.

Skóla jógúrt



15% afsláttur



smurostur
15% afsláttur

Grand' Italia pasta



VERÐ FRÁ 99 kr..

30% afsláttur



GOÐA hangiálegg

...mmm NÓATÚN -hljómar vel!



**ÞURRKAR Í KÍNA** Þessi bóndi er einn hinna 2,39 milljón manna sem þjást nú vegna þurrka í Kína. Samkvæmt Xinhua-fréttastofunni hafa þurrkarnir áhrif á nær 1,1 milljón hektara lands. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Maður dæmdur í Héraðsdómi Suðurlands fyrir stuld á þremur bifreiðum:

# Nýtti þrjá til að búa til einn

**DÓMSMÁL** Valur Sigurðsson, 25 ára, var í Héraðsdómi Suðurlands í gær dæmdur í tólf mánaða fangelsi, þar af níu skilorðsbundið, fyrir stuld á þremur bifreiðum.

Hinn 3. nóvember árið 2005 stal maðurinn Nissan Patrol jeppabifreið í Reykjanesbæ. Maðurinn fjarlægði af henni skráningar- og verksmiðjunúmer og setti í staðinn númer af Nissan Patrol bifreið sömu árgerðar, sem hann hafði til afnota. Stolnu bifreiðina nýtti hann svo til einkanota og lét meðal annars skoða hana hjá bifreiðaskoðun sem jeppann sem hann hafði haft til umráða. Maðurinn lét síðan breyta stolnu bifreiðinni á ýmsa vegu svo hún líktist sem mest Nissan-jeppanum sem hann átti.



**NISSAN PATROL** Maðurinn stal tveimur Patrol-jeppum og notaði númer af þeim þriðja til að geta verið á einum.

Mánuði seinna stal maðurinn svo annarri Nissan Patrol bifreið í Reykjavík. Bifreiðinni ók maðurinn að Rauðavatni út í stórgrýti með þeim afleiðingum að hún skemmdist. Þar reif hann innan úr henni öll sæti og hurðarspjöld ásamt sérsmíðuðum framstuðara og álkassa aftan á bifreiðinni. Hugðist hinn dæmdi nýta sér hlutina til að gera hina stolnu bifreiðina enn líkari jeppanum sem hann hafði átt.

Maðurinn var einnig dæmdur fyrir stuld á Hyundai-fólksbifreið við Reykjavíkurflugvöll í byrjun nóvember árið 2005, sem hann nýtti sér til einkanota fram til 6. janúar árið 2006.

Í ofanálag var maðurinn dæmdur fyrir að nota litaða vélaolíu á stolna jeppann sem hann breytti.

- æþe

Gögn um símahleranir:

## Ragnar sækir um aðgang

**SÍMAHLERANIR** Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður sótti á þriðjudag formlega um aðgang að gögnum um símahleranir í kalda stríðinu, sem nýlega voru flutt úr dómsmálaráðuneytinu í Þjóðskjalasafn. Ráðuneytið sendi frá sér gögnin í nokkrum dögum áður en fyrri beiðni Ragnars var formlega hafnað, á þeim forsendum að þau væru ekki í ráðuneytinu lengur.

Ragnar segir að lögum samkvæmt hefði átt að tilkynna þeim sem hleraðir voru að það hefði verið gert. „Sumt fólk var hlerað ítrekað, en aldrei var gerð frekari lögreglurannsókn eða ákæra lögð fram,“ segir Ragnar.

- sgj



**IKEA Í GARÐABÆ** Vinna var stöðvuð á svæðinu á meðan húsið var loftræst.

Loftræsta þurfti nýbyggingu:

## Eiturefni sendu tvo á slysadeild

**EITUREFNASLYS** Tveir voru fluttir á slysadeild Landspítalans í Fossvogi eftir að eiturgufur mynduðust í nýbyggingu Ikea í Garðabæ í gær. Að sögn slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins mun hafa verið unnið með akrýlgrunna og þeim blandað í röngum hlutföllum með fyrrgreindum afleiðingum.

Slökkviliðið sendi dælubíl, neyðarbíl og tvo sjúkrabíla á staðinn klukkan tíu í gærmorgun og vann dælubíllinn að því að loftræsta húsið fram til klukkan eitt. Vinna var stöðvuð á meðan.

Eitrun mannanna var minniháttar og voru þeir útskrifaðir af slysadeild skömmu eftir hádegi.

- sh

# Íslendingur segir lögreglu í Ísrael hafa misþyrmt sér

**Qussay Odeh, Íslendingur af palestínskum ættum, var handtekinn þar sem hann var við mótmæli í Jerúsalem. Hann segir lögreglu hafa misþyrmt sér með barsmíðum og táragasi að ástæðulausu.**

**JERÚSALEM** Íslenskur ríkisborgari af palestínskum ættum var handtekinn í Jerúsalem fyrir rúmri viku þar sem hann tók þátt í mótmælum við bandarísku ræðismannsskrifstofuna. Maðurinn, Qussay Odeh, segir lögreglumenn hafa barið hann ítrekað ásamt því að hafa notað táragas til að yfirbuga hann. Eftir það hafi hann þurft að sitja í stofufangelsi í fimm daga.

„Við vorum milli þrjátíu og fjörutíu manns þarna fyrir utan bandarísku ræðismannsskrifstofuna í Jerúsalem. Þarna voru jafnt útlendingar, Ísraelar og Palestínumenn að mótmæla stríðinu í Líbanon og Palestínu,“ segir Qussay. „Ég var rétt nýkominn á staðinn þegar lögreglusveit kemur og byrjar að lemja fólk og sprauta táragasi. Þeir handtóku mig ásamt fimm öðrum sem voru viðstaddir mótmælin.“

Hann segir þeim sem handteknir voru hafa verið haldið í fimm klukkustundir á lögreglustöð áður en þeim var sleppt. Þá hafi fimm daga stofufangelsi tekið við. „Ég er aumur í baki, hálsi og höndunum eftir þetta. Þessi mótmæli voru friðsamleg á allan hátt, við stóðum þarna með spjöld að mótmæla stríðinu.“

Qussay segist hafa fengið ábendingar frá fólki um að kæra ekki, það hefði ekkert upp á sig. „Ég ætlaði að kæra þetta en mér hefur verið bent á að sleppa því vegna þess að það gerist ekki neitt. Ég fór á sjúkrahús daginn eftir og fékk vottorð, en ég er efins um að ég kæri. Ég ætla að minnsta kosti að bíða og sjá hvort lögreglan ætli að gera eitthvað meira úr þessu máli,“ segir hann.



**HANDTEKINN** Lögreglumenn yfirbuga Qussay við mótmælin. Hann segist aumur í baki, hálsi og höndum eftir barsmíðarnar en ætlar líklegast ekki að kæra þar sem það sé tilgangslaust. MYND/YOUSEF INGI TAMIMI

„Ég kom um mánaðamótin til Palestínu til að heimsækja fjölskyldu, vini og ættingja. Þetta kemur ekki til með að stytta heimsóknina, ég læt svona ekkert stöðva mig,“ segir Qussay, sem hefur verið búsettur á Íslandi í sjö ár og varð nýlega íslenskur ríkisborgari.

salvar@frettabladid.is




VINSÆLASTI ERLENDI ÞÁTTURINN SEM SÝNDUR HEFUR VERIÐ Í ÍSLENSKU SJÓNVARPI
Sönn rokkstjarna
70%
Íslendinga yngri en 50 ára horfa á hann á SkjáEinum
Samkvæmt nýrri könnun Gallups er Rock Star: Supernova lang vinsælasti erlendi sjónvarpsþátturinn sem sýndur hefur verið í íslensku sjónvarpi frá upphafi.
Takk fyrir magnaðar viðtökur.
ROCK STAR SUPERNOVA

# Helgar - sprengja

**Fimmtudag**
til mánudags

# 70% afsláttur




## af öllum Reiðhjólahjálmum

# allt að 60% afsláttur




## af fatnaði

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál



**Á SÓLBEKK Í KÍNA** Jafnvel í Kína fhafa menn þörf fyrir að leggjast á sólbekk og baða sig í útfjólubláu ljósi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þingmaður Demókrataflokksins fer í sjálfstætt framboð:

# Geldur fyrir stríðsstuðning

**NEW YORK, AP** Joe Lieberman, öldungadeildarþingmaður demókrata í þrjú kjörtímabil, náði ekki kosningu í forkjöri Demókrataflokksins í Bandaríkjunum í gær. Hann verður því ekki þingframbjóðandi flokksins í Connecticut-ríki fyrir nóvemberkosningarnar, heldur þarf að bjóða fram í eigin nafni. Fyrir einungis þremur árum var Lieberman varaforsetaefni flokksins.

Stjórnmálaskýrendur útskýra þetta vinsældahrap með því að Lieberman hafi stutt innrás Bandaríkjamanna í Írak, en andstæðingur hans, Ned Lamont, hamraði mjög á andstöðu sinni við stríðsrekstur í kosningabaráttunni. Einnig var kunningsskapur Liebermans við núverandi Bandaríkjaforseta notaður á móti honum og frægt myndband, þekkt sem „Koss dauðans“, sýnt margsinnis í baráttunni. Í myndbandinu smellir George W. Bush kossi á kinn Liebermans.

Ned Lamont er auðkýfingur með sáralitla reynslu af stjórnmálum. Hann rekur sjónvarpsstöð og fékk sér til fylgis yngri og frjálslyndari demókrata úr svokallaðri „netrótarhreyfingu“. Hann mun þakka velgengnina baráttu rekinni á netinu, en þar fór fram mikil nýliðun og kusu nær helmingi fleiri í forkosningunum nú en venjan hefur verið. **- kóþ**



**JOE LIEBERMAN** Eftir þrjú farsæl kjörtímabil fyrir Demókrataflokkinn þarf hann nú að bjóða fram einn síns liðs. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tveir ökumenn stungu af:

## Á tvöföldum hámarkshraða

**LÖGREGLA** Tveir ökumenn stungu lögregluna í Keflavík af í fyrrinótt. Þeir mældust báðir á of miklum hraða en virtu hvorugur stöðvunarmerki lögreglu.

Fyrri ökumaðurinn ók dökkgrárri BMW skutbifreið og mældist á 128 kílómetra hraða. Sá síðari ók rauðu vélhjóli og mældist á 148 kílómetra hraða.

Báðir ökumennirnir hurfu sjónum lögreglumanna þegar þeir óku inn í Hafnarfjörð. Á veginum þar sem þeir óku inn í bæinn er 70 kílómetra hámarkshraði og að sögn lögreglu höfðu ökumennirnir þá frekar aukið hraðann en hitt frá því að ökuhraðinn var mældur. **- sh**



Sögusigling á Akureyri:

## Stangveiði á Húna II

**AFÞREYING** Á miðvikudagskvöldum í ágúst verður boðið upp á sögusiglingar frá Torfunefsbryggju á Akureyri. Siglt verður með Húna II í samstarfi við Minjasafnið á Akureyri en alls sigldu um 300 farþegar með bátnum um verslunarmannahelgina.

Hörður Geirsson, safnvörður Minjasafnsins á Akureyri, verður leiðsögumaður um borð og þar verður rifjuð upp saga bæjarfélagsins.

Veiðistangir eru um borð og hægt að renna fyrir fisk. Siglingin er ókeypis. **- hs**

Þjónusta við geðfatlaða aukin í kjölfar úttektar sem var gerð á högum þeirra:

# Fleiri geðfatlaðir fá að búa einir

**HEILBRIGÐISMÁL** Fleiri geðfötluðum verður gert kleift að búa einir innan tíðar, segir Þór Þórarinsson, skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneytinu. Breytingarnar koma í kjölfar úttektar sem gerð var á högum einstaklinga sem búa á geðdeild Landspítala - háskólasjúkrahúss (LSH). Í henni kom í ljós að 54 einstaklingar sem þar búa gætu búið annars staðar.

Þá verður þjónusta aukin við þá sem nota búsetuúrræði geðfatlaðra.

Í úttekt á búsetuúrræðum geðfatlaðra sem gerð var í fyrra kom í ljós að 54 einstaklingar sem búa á geðdeild LSH gætu notfært sér önnur búsetuúrræði. Þá eru nokkrir tugir til viðbótar í göngudeildarþjónustu á LSH en gætu verið í búsetu fyrir geðfatlaða. Samtals eru þetta 84 manns sem gætu nýtt sér búsetuúrræði fyrir geðfatlaða, að sögn Þórs Þórarinssonar, skrifstofustjóra í félagsmálaráðuneytinu.

Nú er nefnd að störfum við að kanna uppbygginguna í þágu geðfatlaðra en hún mun skila af sér niðurstöðum í haust og verða fyrstu búsetuúrræðin tilbúin á þessu ári.

Þór segir að andvirði Landsímans, um einn milljarður króna, sem ákveðið var að nota í þennan málaflokk, verði notað í stofnkostnað búsetuúrræðanna. „Það er talið að rekstarkostnaður verði 800 milljónir króna fyrir lok tímabilsins árið 2010 en stjórnvöld hafa ákveðið að tryggja rekstur búsetunnar næstu fimm árin.“ **- hs**



**HÁTÚN 10** Búsetuúrræði geðfatlaðra munu færast í minni einingar.



Hótelræningi á Akureyri:

## Myndavélum og veski stolið

**LÖGREGLUMÁL** Þjófur spennti upp glugga og braust inn í hótelherbergi á Hótel KEA á Akureyri á þriðjudagskvöld. Gestirnir, sem eru erlend hjón á ferðalagi, höfðu brugðið sér út úr herberginu þegar þjófurinn fór inn og hafði á brott með sér myndbandsupptökuvél, ljósmyndavél og veski.

Í veskinu voru meðal annars öll greiðslukort og skilríki hjónanna, sem kemur sér mjög illa fyrir þau.

Þjófurinn er ófundinn og lögreglan á Akureyri segist ekki hafa neinn grunaðan um verknaðinn. **- sh**




Allir geta gert það:

## Blindir fara á sjó og ríða út

**FRÆÐSLA** Verkefni á vegum Sérsveitarinnar í Hinu húsinu fer fram þessa dagana þar sem þátttakendur eru allir blindir eða sjónskertir. Verkefnið, sem heitir „Everyone can do it“, eða „Allir geta gert það“ á íslensku, felst meðal annars í því að fjalla um hindranir blindu og hvað blindir og sjónskertir geta sjálfir gert til að auðvelda sér hversdaginn.

Í lok verkefnisins munu þátttakendur framkvæma ólíka hluti sem þeir hafa ekki átt kost á sökum sinnar fötlunar. Einn mun starfa á bóndabæ, tveir fara á sjó, tveir læra að ríða út og einn syngur lag í hljóðveri. **- sþs**

Formaður LV segir of auðvelt að svindla með því að nota litaða olíu á vörubíla:

# Eftirliti með olíu ábótavant

**SAMGÖNGUR** Eftirlit Vegagerðarinnar með notkun litaðrar dísilolíu er ekki nægilegt og of auðvelt er að komast upp með að svindla á reglunum, að mati Jóns Magnúsar Pálssonar, formanns Landssambands vörubifreiðastjóra.

„Ég þori nánast að fullyrða það að menn eru að misnota þetta kerfi í einhverjum tilfellum,“ segir Jón. Hann bendir á að eflaust sé auðvelt að láta freistast þegar litaða olían kostar 41 krónu minna á lítrann en sú ólitaða og eftirlit er jafn lítið og raun ber vitni.

„Þetta eru bílar sem eyða 50 til 70 lítrum á hundraðið og eru jafnvel keyrðir 500 kílómetra á dag.



**JÓN MAGNÚS PÁLSSON, FORMAÐUR LANDSSAMBANDS VÖRUBIFREIÐASTJÓRA**

Ef þessir aðilar eru að svindla og spara þriðjung af sínum olíukaupum sitja þeir ekki við sama borð og aðrir. Þeir eru til dæmis með allt aðrar forsendur fyrir útboðum.“

Jón segist hafa verið mótfallinn þeirri breytingu að fella úr gildi þungaskattskerfið þegar olíuverð var orðið eins hátt og það nú er, þótt deila hefði mátt um upphæð kílómetragjaldsins. „Það kerfi þrælvirkaði og undanskot voru algjör undantekning.“

Jón segir blasa við að Vegagerðin þurfi að herða eftirlitið. „Þeir ráða ekkert við þetta. Fjórir bílar sjá um eftirlit með þyngd, öxulþunga, olíu og rekstrarleyfum. Það er einfaldlega ekki nóg.“ **- sh**



**FLÓÐ Á INDLANDI** Monsúnrigningarnar hafa valdið miklum flóðum á Indlandi í ár og hafa 650.000 manns neyðst til að flýja heimili sín vegna vatnselgsins. Leituðu þessar skrautklæddu konur skjóls í flóttamannabúðum á Vestur-Indlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fimm manns dóu eftir að sprengja sprakk á þriðjudagskvöld á yfirráðasvæði Tamílatígra:

# Ráðist á hjálparstarfsmenn á Srí Lanka

**SRÍ LANKA, AP** Sprengja varð fimm manns að bana á yfirráðasvæði Tamílatígra í norðurhluta Srí Lanka seint á þriðjudagskvöld. Fólkið var í sjúkrabíl og meðal þeirra sem létust voru tvær hjúkrunarkonur og einn læknir.

Þetta var haft eftir S. Puleedevan, einum yfirmanni uppreisnarmannanna, í gær. Hann skellti sökinni alfarið á sérsveitir stjórnarhersins og bætti við að svo virtist sem árásum stjórnarhersins væri í auknum mæli beint gegn hjálparstarfsmönnum, því að í gær hefði önnur sprengja sprungið á svipuðum stað og þá hefði skotmarkið verið sendibíll læknis. Hann og aðrir farþegar sluppu ómeiddir.

Talsmaður stjórnarhersins, Upali Rajapakse, neitaði ásökununum og sagði að herinn sækti ekki inn á svæði Tamíla.

Um helgina fundust sautján lík starfsmanna franskra hjálparsamtaka og kenna stríðandi fylkingar hvor annarri um ódæðið.

Ekki náðist í Þorfinn Ómarsson í gær, en hann er talsmaður norrænu eftirlitssveitanna á Srí Lanka. Á næstu dögum verður tekin ákvörðun um hvort Norðmenn og Íslendingar haldi áfram eftirlitsstarfi á eyjunni.

Stjórnarherinn varpaði í gær sprengjum á vatnsveitusvæðið umdeilda, þrátt fyrir að Tamílatígrar hefðu opnað fyrir hana og veitt vatni á svæði stjórnarhersins. **- kóþ**



**SKRIÐDREKI STJÓRNARHERSINS** Nú standa yfir verstu átök á Srí Lanka síðan vopnahléi var komið á árið 2002. Nýlunda er að ráðist sé á utanaðkomandi aðila. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Atlantsolía reisir nýjar stöðvar:

## Vill byggja upp víða um land



**ALBERT ÞÓR MAGNÚSSON**

**ELDSNEYTISSALA** Olíufélagið Atlantsolía hefur sótt um lóð til uppbyggingar á nýrri bensínstöð í Árborg. Stefanía Katrín Karlsdóttir, bæjarstjóri í Árborg, segir það vilja meirihlutans að Atlantsolíu verði úthlutað lóð og nú sé unnið að því að finna hentugan stað. Atlantsolía rekur nú þegar átta stöðvar og er sú níunda í byggingu í Kópavogi.

„Við erum stöðugt að skoða stækkunarmöguleika og viljum þjónusta okkar viðskiptavini þar sem þeir eru,“ segir Albert Þór Magnússon, framkvæmdastjóri Atlantsolíu. Hann segir að þá sé verið að skoða byggingu stöðvar á Akureyri og á fleiri stöðum á landinu. **- öhö**


intel Centrino Duo
Dual-core. Do more.

**Hámarksafköst - Hámarksframmistaða**

HP Compaq nx9420 fartölvan með 17" breiðtjaldsskjá og Intel Centrino Duo Mobile tækni tryggir þér framúrskarandi vinnslu og grafík - hvar og hvernær sem er. HP Compaq nx9420 fartölvan er með þriggja ára HP ábyrgð.

Auk þess nýtur þú bestu mögulegu þjónustu með HP Total Care.

Skoðaðu www.fartolvur.is, hringdu í síma 570 1000, eða skoðaðu úrvalið hjá næsta HP söluaðila.



hp®

WWW.FARTOLVUR.IS

OPIN KERFI
Sími 570 1000 • www.ok.is

## „ORÐRÉTT“

### Réttur til félagafrelsis

**„Það skiptir máli hvernig þessi þvingun snertir starfsmanninn. Það sem má leiða af dómnum er að það þarf ekki að vera mikil þvingun til að ákvæðið stangist á við mannréttindasáttmálann.“**

Elín Blöndal, dósent við Viðskiptaháskólann á Bifröst, segir að forgangsréttarákvæði í íslenskum kjarasamningum brjóti hugsanlega gegn rétti starfsmanna til félagafrelsis samkvæmt Mannréttindadómstóli Evrópu Fréttablaðið, 9. ágúst.

### Höfum hvergi kvartað

**„Þetta höfum við aldrei sagt. Við höfum hvergi kvartað yfir að fá ekki að koma, heldur bara bent á að það þurfi að vera viðbúnaður til staðar og fólk til að sinna honum og að þjónustan sé vel kynnt fyrir gestum.“**

Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta, segir að fullyrðing í Blaðinu í seinustu viku, um að Stígamótakonur væru ósáttar við skipuleggjendur útihátíða, sé röng. Fréttablaðið, 9. ágúst.

**tilveran** *nær og fjær*

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? ÞÓRHALLUR SIGURÐSSON LEIKARI

# *Nýtur þess að spila golf í sumarfríinu*



„Ég er í sumarfríi þessa dagana og hef notað það til að slappa af og spila golf,“ segir Þórhallur Sigurðsson leikari, betur þekktur sem Laddi, en hann var staddur á Golfvelli Hafnarfjarðar þegar blaðamaður Fréttablaðsins náði tali af honum.

Laddi spilar með Keili í Hafnarfirði og hefur spilað um nokkura ára skeið. Hann segist aðallega hafa spilað á völlum í grennd við höfuðborgarsvæðið en hefur þó prófað velli víðar um landið, sérstaklega hér á árum áður.

Laddi hefur þó ekki bara verið í fríi í sumar því hann var að skemmta hátíðargestum á Neistaflugi í Neskaupstað um verslunarmannahelgina. Þá fer hann á næstu dögum að æfa fyrir leiksýningar komandi vetrar.

„Ég er að leika í tveimur verkum nú í vetur. Við höldum áfram að sýna Viltu finna milljón og Ronju ræningjadóttur. Í því fyrrnefnda leik ég náunga sem heitir Grettir Sigurðsson og er félagi aðalpersónunnar sem Eggert Þorleifsson leikur. Verkið fjallar um mann sem lendir í því að finna tösku fulla af peningum. Hann tekur vitlausa tösku á pósthúsinu og í henni reynast vera fjögur hundruð milljónir. Hann ákveður í kjölfarið að stinga af frá sínu fyrra lífi, en hann hefur unnið hjá skattinum og lifað mjög rólegu lífi fram að þessu atviki. Úr verður mikill eltingarleikur.“

Æfingar á verkinu hefjast aftur í lok ágúst en það er eftir Ray Cooney og í íslenskri þýðingu Gísla Rúnars Jónssonar. Meðal annara leikenda eru Helga Braga Jónsdóttir, Marta Nordal og Bergur Þór Ingólfsson en Þór Tulinius leikstýrir.

## SJÓNARHÓLL
VERSLUNARMANNAHELGIN



ATLI FREYR STEINÞÓRSSON ÞULUR OG ÚTVARPSMAÐUR

### *„Gjörðu svo vel“ meinsemd*

„Mér finnst mesta meinsemd sem steðjar að íslensku samfélagi þakklætiskvittunin „gjörðu svo vel“ og með þakklætiskvittun á ég við það sem fólk segir þegar því hefur verið þakkað fyrir, kvittar fyrir þökkina,“ segir Atli Freyr Steinþórsson, útvarpsmaður á Rás 1, sem hefur ýmislegt að athuga við málfar verslunarfólks, sérstaklega um verslunarmannahelgina.

„Ég segi „þakka þér fyrir“ í símann við 118 eða úti í búð þegar ég kaupi mjólkurpott og fæ í andlit eða eyra frasann „gjörðu svo vel“. Notkun þessa frasa í þeim tilvikum er rökleysa því til hans er gripið þegar menn rétta einhverjum eitthvað að fyrra bragði. Það hefur verið fellt aftan af frasanum því í lengri útgáfu gæti hann hljómað svona: „Gjör þú svo vel að taka við þessu sem ég er að rétta þér.“ Þetta heitir liðfelling. Í martröðum mínum dreymir mig barn sem segir „takk fyrir gjöfina, amma“ og ömmu sem svarar „já, elskan, gjössovel“. Þetta er ekki eðlileg íslenska, heldur uppgerðarkurteisi og kaldur frontur sem búðarfólk hefur uppfundið. Ef mönnum finnst of alúðlegt að segja „njóttu vel“ er hægt að segja „það var ekkert“, „lítið að þakka“ eða „minnstu ekki á það“. Sjálfum fyndist mér þó gott etíkett að heyra „vel gagnist, herra“ þegar ég hringi í 118. En aldrei, aldrei „gjössovel“!“

# Landnám skáklistar á Grænlandi

**Á þriðjudaginn lauk vikulangri skákhátíð Hróksins á Austur-Grænlandi. Hrókurinn hefur í samstarfi við fjölda aðila staðið fyrir þessari árlegu skákhátíð síðastliðin fjögur ár í þeim tilgangi að kynna skáklistina fyrir Grænlendingum og er starfið farið að bera ríkulegan ávöxt að sögn Hrafns Jökulssonar, forseta Hróksins.**



**SETIÐ AÐ TAFLI** Hér er teflt í veðurblíðunni í Tasiilaq sem er höfuðstaður Austur-Grænlands. Í baksýn má sjá fána Hróksins blakta á skákhöll bæjarins.

Hugmyndin að landnámi skáklistarinnar á Grænlandi varð til yfir óvenjugóðum cappuccino á Vegamótum í Reykjavík árið 2002 að sögn Hrafns. „Mér datt í hug hvort okkar næstu nágrannar hefðu komist í kynni við skáklistina og þegar ég komst að því að svo væri ekki fannst mér tilvalið að bæta úr því.“ Ári seinna fór stór sendinefnd til Suður-Grænlands og síðan hefur markvisst kynningarstarf haldið áfram og verið unnið víða um Grænland. Hrafn segir sérlega ánægjulegt núna að sjá þann ávöxt sem starfið er farið að bera. „Það er búið að stofna Skáksamband Grænlands og einnig hafa skákfélög verið stofnuð víða. Um það bil eitt þúsund grænlensk börn hafa fengið tafl sent að gjöf og ótal börn hafa tekið þátt í viðburðum á vegum Hróksins.“

Kynningarstarf Hróksins er sífellt að verða markvissara að sögn Hrafns með aðkomu fleiri samstarfsaðila. Nefnir hann þar sérstaklega Kalak, sem er vinafélag Íslands og Grænlands. „Hátíðin núna er í raun og veru fjórða ferð okkar til Austur-Grænlands á síðustu tólf mánuðum. Við sendum öfluga sendinefnd í desember sem heimsótti mörg þorp á austurströndinni og við sendum kennara í þessi þorp núna í mars, þannig að við einbeitum okkur að því að halda starfinu við með reglulegum heimsóknum. Og við munum senda fólk út núna í vetur þó það verði ekki jafn fjölmennar sendinefndir og í þetta skiptið. Hátt á fimmta tug manns var í sendinefndinni frá Íslandi núna. Síðan höldum við þessu líka við með því að virkja heimamenn með stofnun skákfélaga. Hér í Tasiilaq hefur undanfarið ár verið starfandi mjög kraftmikið skákfélag sem hittist einu sinni í viku og þar eru að jafnaði 25 til 30 sem að tefla í hverri viku. Meirihluti þeirra er börn og ungmenni, þannig að framtíðin er sannarlega björt.“

Hrafn segir heimamenn taka mjög vel á móti Hróksmönnum, sem finni fyrir miklu þakklæti og velvild hvar sem þeir komi. „Það er nú svo, sérstaklega á Austur-Grænlandi, að það er lítið framboð af dægradvöl. Krakkarnir hér eru óskaplega áhugasamir og þyrpast á skákviðburði Hróksins.“ Hrafn segist telja að Grænland verði innan fárra ára orðið mikið skákland. Spurður af hverju Hróksmenn einbeiti sér nú sérstaklega að Austur-Grænlandi segir Hrafn tvær ástæður búa að baki. „Ástæða þess að við einbeitum okkur að þessu svæði er að þetta eru okkar næstu nágrannar en ekki síður vegna þess að hér glíma menn við ýmis félagsleg vandamál af stærðargráðu sem er Íslendingum framandi. Það veitir ekki af því að taka aðeins til hendinni og við teljum að Ísland eigi að leggja sitt af mörkum til að auðga mannlífið hér með því að auka framboð af dægradvöl og uppbyggilegri afþreyingu fyrir börn og æskulýð. Íslendingar hafa líka margt til Grænlands að sækja. Hér rétt handan við sundið er stórkostleg töfraveröld sem Íslendingar hafa svo sannarlega gott af því að kynnast.“

sdg@frettabladid.is



**HRAFN JÖKULSSON, FORSETI HRÓKSINS, ÁSAMT GRÆNLENSKUM SKÁKUNNANDA** Auk hinnar árlegu skákhátíðar koma sendinefndir Hróksins reglulega til að kynna skáklistina á Grænlandi.




# Syngur fyrir sveitunga sína

Þótt minna hafi verið um að vera á Flúðum þessa verslunarmannahelgi en undanfarin ár gátu flestir fundið eitthvað við sitt hæfi af afþreyingu og menningu. Heimamanneskjan Kristín Magdalena Ágústsdóttir söngkona hélt sína fyrstu einleikstónleika í félagsheimilinu á laugardag. „Ég hefði reyndar viljað fá fleira fólk en það mættu um tuttugu manns, sem er kannski ágætt þegar fólk er á ferð og flugi,“ segir hún. „En tónleikagestir voru mjög ánægðir og reyndar brast einn þeirra í grát.“

Öndvert því sem margir kynnu að halda finnst mörgum erfitt að syngja fyrir áheyrendur sem þeir þekkja vel. „Það var kannski ekki svo erfitt að syngja fyrir sveitunga mína en það er alltaf erfitt að syngja fyrir ættingja sína. Verst af öllu er þó að syngja fyrir eiginmanninn en hann er harður gagnrýnandi,“ segir Kristín Magdalena og hlær við. „Það er reyndar nauðsynlegt að hafa einhvern sem heldur manni á jörðinni.“

Samkvæmt venju var svo haldin traktorstorfærukeppni á Flúðum og svo svokölluð furðubátakeppni. Hún felst í því að keppendur mæta með fley sín og sigla á þeim um Litlu-Laxá og sá sigrar sem siglir á undarlegasta fleyinu. Að þessu sinni mátti sjá menn sigla á toppi af Willysjeppa.

- jse



**KRISTÍN MAGDALENA ÁGÚSTSDÓTTIR** Vel tókst til hjá Kristínu Magdalenu þegar hún þreytti þá frumraun að syngja á einleikstónleikum fyrir sveitunga sína og fékk hún að líta tár á hvarmi að minnsta kosti eins þeirra, sem eru væn listamannalaun.

# Skólavertíð

Fyrstir koma fyrstir fá!



**9 kr.**

Glósubók A5




**9 kr.**

Olíupastellitir 12 í pakka




**9 kr.**

Trélitir 6 í pakka



**499 kr.**

Skólataska, 3 litir

hönnun Oddi vob_5320

ODDI

www.oddi.is

SKRIFSTOFUVÖRUR

Borgartúni 29 • Reykjavík
Sími 515 5170 • Opið virka daga
kl. 8-18 • laugardaga kl. 11-16

Höfðabakka 3 • Reykjavík
Sími 515 5105
Opið virka daga kl. 8-18

Glerárgötu 34 • Akureyri
Sími 515 5160
Opið virka daga kl. 8-18

# TAKTU DELL MEÐ ÞÉR Í





## DELL LATITUDE

Hin afkastamikla **Dell Latitude D520** er flott fyrir skólann og framtíðina. Hún er með frábærum skjá, snilldardrifum, þráðlausu netkorti og öllu sem þú þarft í skólann. Svo er hún á góðu verði. Í stuttu máli þá gerir **Dell Latitude D520** allt fyrir þig – nema að læra heima!

Hún stekkur beint inn á þráðlaust net og er fáanleg í nokkrum útfærslum.

**Hvaða útfærsla hentar þér best?**

### Dell Latitude D520

**Intel Celeron M 420 örgjörvi 1.60GHz/1MB, 533MHz FSB, Intel 3945 þráðlaust netkort 802.11a/g og innbyggt Bluetooth**
- 512MB 533MHz vinnsluminni (1 x 512MB)
- 15.0" XGA skjár (1024 x 768)
- Intel GMA 950 skjástýring (224MB samnýtt minni)
- 60GB 5400rpm SATA harður diskur
- DVD/CD-RW sambyggt geisladrif
- 6 Cell 56WHr Li-Ion rafhlaða (1 árs ábyrgð)
- Íslenskt lyklaborð og snertimús (TouchPad)
- Microsoft Windows XP Professional
- 3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS

**Verð á mánuði 3.461,-**

m.v. tölvukaupalán KB banka í 36 mán.

Tilboðsverð **99.900,-**

### Dell Latitude D520

**Intel Core Duo T2300 örgjörvi 1.66Ghz, 667MHz FSB, Intel 3945 þráðlaust netkort 802.11a/g og innbyggt Bluetooth**
- 1024MB 667MHz DDR2 vinnsluminni (1x1024)
- 15.0" XGA skjár (1024 x 768)
- Intel GMA 950 skjástýring (224MB samnýtt minni)
- 60GB 5400rpm SATA harður diskur
- DVD+/- RW geisladrif
- 6 Cell 56WHr Li-Ion rafhlaða (1 árs ábyrgð)
- Íslenskt lyklaborð og snertimús (TouchPad)
- Microsoft Windows XP Professional
- 3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS

**Verð á mánuði 5.885,-**

m.v. tölvukaupalán KB banka í 36 mán.

Tilboðsverð **169.900,-**

### Dell Latitude D520

**Intel Core Duo T2400 örgjörvi 1.83Ghz, 667MHz FSB, Intel 3945 þráðlaust netkort 802.11a/g og innbyggt Bluetooth**
- 1024MB 667MHz DDR2 vinnsluminni (1 x 1024MB)
- 15.0" SXGA+ skjár (1400 x 1050)
- Intel GMA 950 skjástýring (224MB samnýtt minni)
- 80GB 5400rpm SATA harður diskur
- DVD+/- RW geisladrif
- 6 Cell 56WHr Li-Ion rafhlaða (1 árs ábyrgð)
- Íslenskt lyklaborð og snertimús (TouchPad)
- Microsoft Windows XP Professional
- 3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS

**Verð á mánuði 6.578,-**

m.v. tölvukaupalán KB banka í 36 mán.

Tilboðsverð **189.900,-**



Fíton/SÍA



**Hugbúnaðartilboð með tölvu**

PC-cillin vírusvörn **2.990,-**

MS Office 2003 námsmannaútgáfa **14.900,-**

**Dell tölvur fást hjá EJS og eftirtöldum aðilum:**

R. SIGMUNDSSON / Fiskislóð 84, Reykjavík / 520 0000 • PENNINN / Hallarmúla 4, Reykjavík / 540 2000 • PENNINN EYMUNDSSON / Sólvallagötu 2, Keflavík / 421 1102 • TÖLVU OG RAFEINDAÞJÓNUSTA SUÐURLANDS / Eyravegi 37, Selfossi / 480 3300 • TÖLVUN / Strandvegi 51, Vestmannaeyjum / 481 1122 • BVT / Austurvegi 15, Vík / 487 1510 • TÖLVUSMIÐJAN / Nesgötu 7, Neskaupstað / 470 2230 / Miðási 1, Egilsstöðum / 470 2220 • BÓKAVERSLUN ÞÓRARINS STEFÁNSSONAR / Garðarsbraut 9, Húsavík / 646 1234 • PENNINN / Hafnarstræti 91–93, Akureyri / 461 5050 • NETHEIMAR / Aðalstræti 27, Ísafirði / 456 5006 • NETOS / Aðalstræti 9, Ísafirði / 456 8440 • MAREIND / Nesvegi 7 Grundarfirði / 438 6611 • TÖLVUÞJÓNUSTA VESTURLANDS / Brúartorgi 4, Borgarnesi / 437 2260 • TÖLVUÞJÓNUSTAN Á AKRANESI / Esjubraut 49, Akranesi / 430 7000

# SKÓLANN!

## – Veldu flotta fartölvu með ofurkrafta!





## DELL INSPIRON

Við vitum ekki hvernig við eigum að lýsa **Inspiron** tölvunum án þess að virðast vera að monta okkur, en þær eru æðislegar.

**Dell Inspiron 1300** er alvörutölva með breiðum skjá, góðum örgjörva og öllu sem þú þarft. Hún stendur með þér í skólanum svo þú getir brillerað.

**Dell Inspiron 640m** klikkar hvergi, hún er með tvíkjarna örgjörva, Intel Core Duo, 14.1 tommu skjá, lyklaborði í fullri stærð og öllu því minni sem hægt er að óska sér.

**Dell Inspiron 6400** er snillingur í mannlegum samskiptum. Hún er sérlega fjölhæf, öflug, létt og meðfærileg. Falleg hönnunin og nýi TrueLife skjárinn fá þig til að tárast.

Veldu skemmtilega skólafélaga!

### Dell Inspiron 1300

**Intel Celeron M 380 1.6GHz/1MB, 400Mhz FSB, Dell 1370 þráðlaust netkort 802.11b/g og innbyggt Bluetooth**
512MB 533MHz DDR2 vinnsluminni (1x512)
15.4" WXGA skjár (1280x800)
Intel GMA 900 innbyggt skjástýring
80GB 5400rpm ATA-100 harður diskur
DVD/CD-RW sambyggt geisladrifi
6 Cell 56WHr Lithium-Ion rafhlaða (1 árs ábyrgð)
Lyklaborð og TouchPad mús
Microsoft Windows XP Professional, Works 7.0
3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS

**Verð á mánuði 3.114,-**

m.v. tölvukaupalán KB banka í 36 mán.

Tilboðsverð **89.900,-**

### Dell Inspiron 640m

**Intel Core Duo T2300 örgjörvi 1.66GHz/2MB, 667Mhz FSB, Dell 1390 þráðlaust netkort 802.11b/g og innbyggt Bluetooth**
1024MB 533MHz DDR2 vinnsluminni (2x512)
14.1" WXGA+ TFT TrueLife skjár (1440x900)
Intel GMA 950 skjástýring
60GB 5400rpm ATA-100 harður diskur
8X DVD+/-RW DVD skrifari
6 Cell 53WHr Lithium-Ion rafhlaða (1 árs ábyrgð)
Microsoft Windows XP Professional, Works 7.0, Adobe Reader 6.0, Dell Media Experience 3.1
3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS

**Verð á mánuði 5.193,-**

m.v. tölvukaupalán KB banka í 36 mán.

Tilboðsverð **149.900,-**

### Dell Inspiron 6400

**Intel Core Duo T2300 örgjörvi 1.66GHz/2MB, 667Mhz FSB, Dell 1390 þráðlaust netkort 802.11b/g og innbyggt Bluetooth**
1024MB 533MHz DDR2 vinnsluminni (1x1024)
15.4" TrueLife WXGA+ TFT (1680x1050)
256MB ATI Mobility Radeon X1400 skjákort
120GB 5400rpm ATA-100 harður diskur
8X DVD+/-RW DVD skrifari / Double Layer
6 Cell 53WHr Lithium-Ion rafhlaða (1 árs ábyrgð)
Microsoft Windows XP Professional, Works 7.0, Dell Media Experience, Adobe Reader 6.0
3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS

**Verð á mánuði 6.578,-**

m.v. tölvukaupalán KB banka í 36 mán.

Tilboðsverð **189.900,-**



Frekari upplýsingar um fartölvutilboð og fylgihluti færðu á www.ejs.is/fartolvur eða í síma 563 3000

DELL™

**Það er til lausn á öllu**

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000

EJS

## Svona erum við

> Útleiga mynddiska (DVD) í krónum á íbúa




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** TAMÍLATÍGRARNIR

# *Sjálfskipaður her þjóðar án ríkis*

Tamílatígrarnir eru hernaðar- og stjórnmálasamtök sem hvetja til aðskilnaðar Tamíla frá Srí Lanka-ríki og stofnunar sjálfstæðs ríkis í norður- og austurhéruðum landsins. Tígrarnir kalla sig eina málsvara og verndara Tamíla, en þannig lítur ríkisstjórn Srí Lanka ekki á málið. Þrátt fyrir það er talið að ríkisstjórnin verði að semja frið við Tígrana til að ljúka átökunum í landinu.

**Hvað eru Tamíltígrarnir sakaðir um?**
Ríkisstjórn Srí Lanka hefur sakað Tígrana um glæpi gegn mannkyninu, þjóðernishreinsanir, fjölda sjálfsmorðsárása og skipulagða glæpastarfsemi. Sameinuðu þjóðirnar hafa sakað Tamílana um að nota börn í hernað. 29 ríki hafa lýst Tamílatígrana hryðjuverkahóp. Hópurinn er einnig talinn bera ábyrgð á morðum tveggja þjóðarleiðtoga, forseta Srí Lanka og fyrrverandi forsætisráðherra Indlands.



**Hvað saka Tígrarnir ríkisstjórnina um?**
Tamílatígrarnir hafna þessum ásökunum ríkisstjórnarinnar, en saka hana á móti um þjóðarmorð og ríkisstyrkt hryðjuverk á Tamílaminnihlutanum. Mannréttindasamtök hafa tekið í sama streng og einnig brigslað ríkisstjórninni um skort á tjáningarfrelsi, morð og ógnir gegn blaðamönnum Tamíla. Srí Lanka er í 25. sæti yfir óstöðugustu ríki heims hvað varðar mannréttindi og efnahag og fær hluta af gjaldeyristekjum sínum fyrir kynlífsþrælkun barna.

**Hvernig er skipulag Tamílatígranna?**
Tígrarnir eru með landher og sjóher og fengu nýlega herflugvélar til umráða. Hins vegar halda þeir að miklu leyti í stjórnartaumana í héruðum sínum, til dæmis hvað varðar löggjafar- og dómsvald, lögreglu, fjármál og menningu. Yfirmaður samtakanna er stofnandi þeirra, Velupillai Prabhakaran, sem er eftirlýstur af Interpol fyrir hryðjuverk.

## SPURT OG SVARAÐ

**MENNTARÁÐ REYKJAVÍKUR**



JÚLÍUS VÍFILL INGVARSSON
LÝSIR YFIR FRAMBOÐI

### *Breyting skilar meiri krafti*

Fyrirhuguð er skipting menntaráðs Reykjavíkurborgar í leikskólaráð annars vegar og menntaráð hins vegar. Ekki eru allir á eitt sáttir við afgreiðslu tillögunnar. Júlíus Vífill Ingvarsson er formaður menntaráðs.

**Hversu margir sitja í menntaráði?**
Menntaráðið sjálft er sjö manna ráð en fundina sitja um sautján manns, með embættismönnum, áheyrnarfulltrúum kennara og skólastjóra og fulltrúum foreldra.

**Hver eru helstu málin á könnu menntaráðs?**
Menntaráð sér um rekstur og mótun framtíðarstefnu grunnskólanna í Reykjavík, tónlistarskólanna, Námsflokkanna og núna enn um sinn, þar til stofnað verður nýtt leikskólaráð, þá sér menntaráð um rekstur leikskóla og hefur yfirumsjón með gæsluvöllum og dagforeldrum.

**Hverju mun breytingin skila?**
Hún mun skila virkara og faglegra starfi, auknum krafti fyrir bæði grunnskólastigið og leikskólastigið.




# Kunna illa við vinsældir Royal

**Segolene Royal er á toppnum í öllum skoðanakönnunum í Frakklandi þessa dagana; hún er langvinsælust allra forsetaefna vinstrimanna, hún er sá stjórnmálamaður sem flestir Frakkar myndu vilja bjóða með sér í sumarleyfi. Frönsk útgáfa karlatímaritsins FHM útnefndi hana meira að segja eina kynþokkafyllstu konu landsins.**



**ROYAL OG HOLLANDE** Hjónaleysin Segolene Royal og Francois Hollande, formaður Sósíalistaflokksins. Þau eiga fjögur börn saman. Svo kann að fara að þau etji kappi um forsetaframboðsútnefningu. NORDICPHOTOS/AFP

En Royal á við eitt stórt vandamál að stríða, og það er að hennar eigin flokksfélagar í Sósíalistaflokknum fá ekki nóg af því að agnúast út í hana. Stjórnmálaskýrendur hafa fundið nafn á þetta bakslag á braut Royal að forsetaframboði, það er „Hver sem er nema Segolene“-hreyfingin. Aðrir innan flokksins sem sækjast eftir forsetaframboði hamast nú sem mest þeir mega í von um að fjara fari undan vinsældum Royal.

Það hefur farið fyrir brjóstið á ýmsum flokksmönnum Royal að hún hefur talað fyrir hugmyndum sem stangast á við opinbera stefnu Sósíalistaflokksins í ýmsum málum. Dæmi um slíkt eru ummæli hennar um að taka hart á glæpum og að skikka mætti vandræðaunglinga í herþjálfun.

### Lífsföru- og keppinautar

Óhefðbundnar hugmyndir Royal hafa sett lífsförunaut hennar og föður barna hennar fjögurra, Francois Hollande, formann Sósíalistaflokksins, í vandræðalega stöðu. Vegna embættis síns – og hugsanlegs metnaðar til að komast sjálfur í forsetaframboð – hefur hann séð sig knúinn til að lýsa vanþóknun sinni á sumum ummælum hennar.

Ýmsir áhrifamenn í flokknum, þar á meðal nokkrir sem stefna að því að taka þátt í prófkjöri flokksins í nóvember um útnefningu til forsetaframboðs, kvarta yfir því að Royal sé vísvitandi að tileinka sér sum af stefnumálum innanríkisráðherrans harðsnúna, Nicolas Sarkozy, en hann er talinn eiga einna besta möguleika á að verða frambjóðandi hægrimanna í forsetakosningunum á vori komanda.

Keppinautarnir innanflokks láta einnig að því liggja að hún stundi lýðskrum í stað þess að leggja skýrar línur um það hvar hún stendur og halda sig síðan við það.

„Vinsældir eru banvænt eitur fyrir lýðræðið í landinu,“ lét Jean Galvany, fyrrverandi landbúnaðarráðherra, hafa eftir sér í blaðinu Le Journal du Dimanche um helgina.

Laurent Fabius, fyrrverandi forsætisráðherra, vísaði til tveggja þekktustu skoðanakannanastofnananna í kveinstöfum sínum. „Við getum ekki látið Sankti-Sofres eða Sankti-Ifop um að velja frambjóðendur okkar,“ hefur AP-fréttastofan eftir honum.

### Flokkurinn virðist margklofinn

Flokkurinn virðist margklofinn í afstöðu sinni, nú þegar fáeinir mánuðir eru til stefnu uns hann gerir út um það hver fari fram í hans nafni í kosningunum í vor.

Stjórnmálaskýrandinn Michel Noblecourt skrifaði um þetta í þriðjudagsblað Le Monde:

„Með klækjabrögð og smá fyrirsátir að bakgrunni, þar sem hvor fylking hefur skipst á skítkasti og tilraunum til að bregða fæti fyrir hina, vonast keppinautar Royal eftir því að T.S.S. fari að virka,“ en T.S.S. stendur fyrir *Tout Sauf Segolene*, eða „Hver sem er nema Segolene“.

Sumir hælbítar Royal hafa jafnvel þrýst á Lionel Jospin, fyrrverandi forsætisráðherra, að gefa kost á sér, en hann dró sig í hlé frá stjórnmálum eftir smánarlega útreið í fyrri umferð forsetakosninganna árið 2002, en þar hlaut hann færri atkvæði en hægriöfgamaðurinn Jean-Marie Le Pen. Jospin hefur sagt að hann væri reiðubúinn ef flokkurinn þyrfti aftur á honum að halda.

Önnur helstu framboðsefnin eru Fabius, Jack Lang fyrrverandi menningarmálaráðherra, og Dominique Strauss-Kahn, fyrrverandi fjármálaráðherra. Og Hollande flokksformaður og lífsförunautur Royal.

### Ólíkar ímyndir

Ímynd Royal og Hollande gæti vart verið ólíkari – hún er álitin frumleg og drífandi en sambýlingur hennar aftur á móti óspennandi og prófessorslegur. Þau hjónaleysin segja að tilnefningin til forsetaframboðs valdi engum heimiliserjum hjá þeim. Ef svo skyldi fara að þau sæktust bæði eftir tilnefningu myndu þau láta flokksmönnum eftir að gera upp á milli þeirra. Enn sem komið er hefur dagsetning fyrir prófkjörið ekki verið ákveðin en það mun þó fara fram í nóvember.

Allt fram á þetta ár datt fáum í hug að Royal kynni að vera vænleg í forsetaframboð fyrir sósíalista. Þótt hún hafi gegnt nokkrum ráðherraembættum, þar á meðal umhverfis- og fjölskyldumála, og verið þannig í framlínunni um nokkurt skeið þykir hún frekar óskrifað blað sem stjórnmálaleiðtogi. En mánuðum saman hefur hún mælst langefst í skoðanakönnunum um vænlegasta forsetaframboðsefni sósíalista. Vinsældir hennar hafa orðið karlkeppinautum innan flokksins tilefni vafasamra athugasemda. Þannig sagði öldungadeildarþingmaðurinn Jean-Luc Melenchon að forsetakosningar væru „ekki fegurðarsamkeppni“. Fabius spurði „og hver mun annast börnin?“.

Arnauld Miguet, franskur stjórnmálafræðikennari við London School of Economics, segir andstyggilegheit af þessu tagi munu verða minna áberandi að prófkjörinu afstöðnu; franskir sósíalistar hafi almennt fylkt sér að baki forsetaframbjóðanda síns þegar hann hefur á annað borð verið tilnefndur, ólíkt miðju-hægrimönnum sem stundum hafa teflt fram tveimur frambjóðendum.



FRÉTTASKÝRING
AUÐUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is




## Enn eykst fjölbreytnin!

Í dag opnar Zara glæsilega verslun með fatnað fyrir konur og börn. Komdu og skoðaðu nýja og flotta búð sem eykur enn á fjölbreytta verslunarflóru Kringlunnar.

**Opið til 21 í kvöld**

| Mán. til mið. | Fimmtudagur | Föstudagur | Laugardagur | Sunnudagur |
|---|---|---|---|---|
| 10.00 til 18.30 | 10.00 til 21.00 | 10.00 til 19.00 | 10.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 |

www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200

Kringlan

## Hagur heimilanna

> Gistinætur Íslendinga á hótelum hérlendis




Heimild: Hagstofa Íslands

# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** JÓN MÁR HÉÐINSSON SKÓLAMEISTARI MENNTASKÓLANS Á AKUREYRI

## *Safapressan hvarf sjónum*



Jón Már Héðinsson, skólameistari Menntaskólans á Akureyri, er í vafa hver séu bestu kaupin. „En ég get nefnt ein afar góð kaup á mínu heimili þegar fjárfest var í gasgrilli fyrir nokkrum árum.“ Reyndar eru þetta ekki kaup Jóns Márs tæknilega séð, þar sem fjölskyldumeðlimir gáfu honum það í afmælisgjöf. „Ég vildi ekki kaupa gasgrill og því var afráðið að gefa mér það í gjöf en þetta má flokka undir fjölskyldukaup. Grillið hefur síðan verið í stöðugri notkun, bæði sumar og vetur. Hér er alltaf gott veður, ef ekki í verunni þá allavega í huga fólks.“

Verstu kaupin eru óumdeild í huga Jóns Más. „Mér er stöðugt núið því um nasir að hafa keypt safapressu fyrir nokkrum árum. Þannig var það að ég ákvað að fara í heilsuátak og ég gerði það best með því að kaupa safapressu til að ég gæti pressað minn safa sjálfur og fengið hann hreinan og ómengaðan,“ segir Jón Már og hlær við. „Margir reyndu að draga úr mér þegar ég hugðist kaupa þennan grip og allir ókostir voru útlistaðir fyrir mér, þar á meðal hversu hundleiðinlegt væri að þrífa þetta, sem kom á daginn. Ég reyndi af þvermóðsku og þrjósku að nota þetta til að byrja með en svo dró úr áhuganum.“ Jón segist oft hafa verið spurður af heimilismönnum hvernig væri nú að bjóða upp á safa úr safapressunni, við litlar undirtektir hjá eiganda hennar. Úr varð að safapressan var látin hverfa inn í geymslu. Aðspurður um hvernig átakið gekk segir Jón Már að það hafi allavega ekki snúist um safann. „En ég mæli ekki með því að fólk kaupi sér safapressu.“

## GÓÐ HÚSRÁÐ
### MEÐ BÖRNIN Í SUND

■ *Guðrún Jónsdóttir, talsmaður Stígamóta, segir góð húsráð berast á milli kynslóða og standi alltaf fyrir sínu.*



Guðrún segir að á meðan börnin voru yngri hafi hún alltaf farið með þau í sund þegar hún kom heim eftir langan vinnudag. „Með þessu móti náði öll fjölskyldan að slaka á og eiga saman góða stund áður en farið var yfir atburði dagsins.

Annars nota ég húsráð minna eftir að börnin eru farin að heiman en ég man þó eftir að það var gott að nota tannkrem til að ná kroti af veggjum.“

Guðrún segist ekkert vera að stressa sig yfir ryki á heimilinu og ef henni finnst skítugt slekkur hún ljósin og kveikir á kertum því þá ber ekkert á óhreinindunum.

■ **Hvað kostar ... að bóna og þvo bílinn?**

## Mikill verðmunur á alþrifum

Á bónstöðum bæjarins kosta alþrif á meðalfólksbíl frá 4.500 og upp í 6.900 krónur en þá er bíllinn bónaður, þveginn að innan og utan og rúðurnar þrifnar. Verðið fer eftir því hversu stórir bílarnir eru, en oft er verðið mismunandi eftir því hvort um er að ræða stóra eða litla fólksbíla og jeppa.

Hjá Bónstöð Fúsa, Bón-Fús, eru alþrif á meðalfólksbíl ódýrust, eða um 4.500 krónur. Næst kemur Bónusbón, en þar verða meðalstórir fólksbílar hreinir og fallegir fyrir 5.900 krónur. Hjá Kringlubóni og Bónstöðinni Hjá Jobba fást alþrifin á 6.500 krónur og hjá Löðri er verðið 6.900 krónur.



Þrif og bón á jeppum getur farið upp í níu þúsund krónur en ef lítið er í pyngjunni er auðvitað hægt að þrífa bílinn og bóna einungis að utan. Svo er alltaf hægt að láta bílaþvottinn nægja og fara í bílaþvottastöðina Laugina og þvo bílinn sjálfur fyrir 600 krónur.

■ **Verslun og þjónusta**

## Fleiri möguleikar í kaupum á mp3-spilara

Oft vill það verða að einstök vörumerki eigna sér heila vörutegund. Vörumerkið verður samnefnari vörunnar, þrátt fyrir að mörg önnur fyrirtæki bjóði upp á sams konar vöru í svipuðum gæðaflokki. Þannig hefur þetta orðið í sölu á mp3-spilurum, þar sem Apple fyrirtækið tröllríður markaðnum með iPod-spilurum sínum.



Vel má vera að iPod-spilarar séu gæðavara, en sjálfsagt er fyrir alla meðvitaða neytendur að skoða hvaða kosti önnur fyrirtæki bjóða upp á. Sony, Creative og Thomson bjóða upp á samkeppnishæfa mp3-spilara sem vert er að kynna sér. Nauðsynlegt er þá að skoða verð, geymslupláss og rafhlöðu spilarans, hvort hann er samhæfanlegur við tölvuna sem maður á og hversu notendavænt viðmót hans er.

■ **Verslun og þjónusta**

## Gerðu samanburð á bensínverði olíufélaga



Bensínverðið er síbreytilegt og hreyfist upp og niður vegna breytinga á gengi og annarra þátta. Gott er að fylgjast grannt með hvar bestu kjörin á bensínlítranum er að fá hverju sinni. Til þess er hægt að skoða heimasíður olíufélaganna. Á heimasíðu Atlantsolíu má sjá að bensínlítrinn kostaði 129,40 krónur þar á bæ í fyrradag. Á bensínstöðvum ESSÓ kostaði lítrinn að meðaltali 135,90 krónur og hjá Skeljungi 136,00 krónur fyrir lítrann. Þó ber þess að geta að flestar stöðvar veita afslátt fyrir sjálfsafgreiðslu.






**UNNIÐ Á FARTÖLVU** Afl fartölvu skiptir minna máli fyrir námsmann en stærð hennar og þyngd. Einnig er ending rafhlöðu einn mikilvægasti þátturinn fyrir skólatölvu, enda nennir enginn að byrja hverja kennslustund á því að leita að innstungu. MYND/NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

# Mikilvægt að tölvan sé létt og meðfærileg

**Þeir námsmenn sem ætla að kaupa sér fartölvu fyrir haustið hafa úr mörgu að velja. Fyrir námsmenn skipta nokkrir eiginleikar fartölvu meira máli en aðrir. Þar ber helst að nefna hversu lítil tölvan er og hversu lengi rafhlaðan endist.**

Þegar haustið nálgast og styttist í skólann fara tölvuverslanir að auglýsa fartölvur sínar grimmt. Með aukinni tækniþróun undanfarin ár hefur fartölvumarkaðurinn stækkað gríðarlega. Margir framhalds- og háskólar mælast nú til þess að nemendur séu með fartölvu í skólanum og ganga sumir svo langt að krefjast þess.

Eitt það fyrsta sem verðandi eigandi fartölvu þarf að spyrja sig að áður en hann kaupir hana er „Í hvað ætla ég að nota þessa tölvu?“ Fartölvur eru gríðarlega mismunandi í stærð, afli, endingu rafhlöðu og síðast en ekki síst verði. Þarfir notandans segja til um hvernig fartölvu best er að kaupa. Hér verður farið yfir þau atriði sem venjulegur námsmaður ætti að hafa í huga þegar hann kaupir sér fartölvu í skólann.

Þeir eiginleikar fartölvu sem skipta námsmenn almennt mestu máli eru meðfærileiki, ending rafhlöðu og verð. Ef tölvan er of stór og þung er hætt við að hún verði skilin eftir heima nokkrum vikum eftir fyrsta skóladag. Mikilvægt er að rafhlaðan endist að minnsta kosti heilan skóladag, enda verður mjög þreytt til lengdar að hlaða tölvuna milli tíma eða byrja hverja kennslustund á því að leita að innstungu. Að lokum skiptir miklu máli að fá sem mest fyrir peningana, enda fæstir námsmenn ríkir.

Afl fartölvunnar og skjástærð eru eiginleikar sem skipta minna máli þegar námsmaður velur sér fartölvu í skólann. Ef nota á tölvuna í glósur, tölvupóst og netvafur er engin þörf á öflugustu tölvunni sem völ er á. Allar tölvur á markaðnum í dag ráða auðveldlega við slíka vinnslu og gott betur. Skjástærð er vissulega smekksatriði en stærri skjár þýðir stærri og þyngri tölva, sem fæstir vilja að skólatölvan sé.

Að lokum ættu allir sem ætla að kaupa fartölvu að hafa merki hennar í huga og ábyrgðina sem fylgir henni. Að geta treyst framleiðanda tölvunnar er mikilvægt ásamt því að spyrjast fyrir um reynslu annarra af svipuðum tölvum. Ef enginn kannast við merkið er líklegast góð ástæða fyrir því. Það er einnig mikilvægt að geta treyst þeim sem selur tölvuna. Erfitt er að skipta um íhluti í fartölvum og viðgerðarkostnaður verður oft mjög hár. Þess vegna þarf í það minnsta tveggja ára ábyrgð að vera á tölvunni, ef ekki lengri.

salvar@frettabladid.is

**EIGINLEIKAR SEM SKIPTA NÁMSMENN MESTU MÁLI:**
- **Stærð** Mikilvægt að tölvan sé nógu létt til að maður nenni að bera hana allan daginn.
- **Rafhlaða** Enginn vill að tölvan slökkvi á sér í miðjum tíma. Nauðsynlegt að rafhlaðan endist að minnsta kosti heilan skóladag.
- **Verð** Námsmenn eru samkvæmt skilgreiningunni fátækir og vilja fá mest fyrir sem minnstan pening.

**EIGINLEIKAR SEM SKIPTA NÁMSMENN MINNA MÁLI:**
- **Afl** Það þarf enga ofurtölvu til að glósa, senda póst og vafra.
- **Skjástærð** Stærri skjár gerir tölvuna stærri og þyngri. Minni skjár hentar oft betur í skólatölvur.

**EIGINLEIKAR SEM SKIPTA ALLA FARTÖLVUEIGENDUR MÁLI:**
- **Merki** Kauptu merki sem þú þekkir og treystir. Ef enginn þekkir merkið er sennilega góð ástæða fyrir því.
- **Ábyrgð** Þegar fartölvur bila er oft rándýrt að gera við þær. Tveggja ára ábyrgð er algjört lágmark.



# EIN AF MÖRGUM

Í TÖLVULISTANUM ER MESTA ÚRVAL FERÐAVÉLA Á ÍSLANDI OG ER ACER TRAVELMATE 4062LMI AÐEINS EIN AF MÖRGUM



www.tolvulistinn.is

## ACER TRAVELMATE 4062LMI FERÐAVÉL

Glæsileg ferðavél á einstöku verði með **1.7GHz** Pentium M Dothan örgjörva með **2MB** flýtiminni, **512MB DDR2** vinnsluminni, **80GB** harðdisk, **DVD±RW/DL** skrifara sem skrifar á DVD og CD-R geisladiska, **15"** TFT XGA 1024x768 skjá, **128MB** Intel GMA900 skjákorti, 10/100 netkorti, módemi, þráðlausu neti og Windows **XP PRO** stýrikerfi á íslensku eða ensku

## EINSTAKT VERÐ AÐEINS 99.900

# TÖLVULISTINN

Nóatúni 17 **Reykjavík** ☎ 562 6730 • Glerárgötu 36 **Akureyri**. ☎ 464 7400 • Hafnargötu 90 **Keflavík**. ☎ 534 7400

acer DELL hp MSI IBM ASUS SONY TOSHIBA

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.322 **+0,36%** **Fjöldi viðskipta:** 122 **Velta:** 869 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Össur** | +3,29% | **KB banki** | -0,14% |
| **Alfesca** | + 2,71% | | |
| **Dagsbrún** | +2,47% | | |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 62,40 +0,65% ... Alfesca 4,17 +2,71% ... Atlantic Petroleum 554,00 +0,73% ... Atorka 5,85 +0,00% ... Avion 32,20 +0,63% ... Bakkavör 48,20 +0,42% ... Dagsbrún 5,40 +2,47% ... FL Group 15,50 +0,00% ... Glitnir 17,40 +0,58% ... KB banki 705,00 -0,14% ... Landsbankinn 20,80 +0,97% ... Marel 78,00 +0,65% ... Mosaic Fashions 17,00 +1,19% ... Straumur-Burðarás 15,80 +0,00% ... Össur 110,00 +3,29%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

### Ný tegund fjársvika

Danir hafa í sumar orðið fyrir barðinu á nýstárlegri svikamyllu, að því er fram kemur í Berlingske Tidende. Smærri fyrirtæki og einstaklingar með rekstur eru sagðir í hættu á að tapa tugþúsundum, en nokkur mál munu þegar komin á borð lögreglu.

Dæmi um svik er þegar einstaklingur hefur samband frá útlöndum og vill leigja sumarhús eða aðra þjónustu sem auglýst er á netinu. Viðkomandi greiðir svo með helmingi of hárri ávísun, biður seljandann (þegar hann hefur samband) um að leggja alla upphæðina inn hjá sér og millifæra mismuninn inn á reikning. Þetta gerir leigusalinn, en kemst svo að því þremur dögum síðar, þegar bankinn hefur höndlað með útlendu ávísunina, að hún er innistæðulaus. Sérfræðingar segja svona svindl hafa verið til í nokkur ár, en sé nú fyrst reynt í Danmörku. Ekki hefur heyrst af viðlíka hér.



### Létt undir með Simbabvemönnum

Bankastjórn Seðlabanka Íslands gerir hvað hún getur til að sporna við þeirri verðbólgu sem í sífellu reynir að taka völdin hér á landi. Hennar verkefni hlýtur þó að teljast barnaleikur ef miðað er við ástandið í Simbabve. Þar hefur sjö ára hnignun efnahagskerfisins leitt til óðaverðbólgu sem um þessar mundir er 1.200 prósent og hefur sýnt lítil merki um að vera að hægja á sér.

Seðlabanki þar í landi hefur nú gripið til þess ráðs að klippa þrjú núll af gjaldmiðli sínum og felldi um leið gengið um 59,5 prósent. Í kjölfarið á því hefur þriggja vikna blátt bann verið sett við hvers kyns verðhækkunum og gildir þá einu hvort um er að ræða framleiðendur, heildsala eða smásala. Er gripið til þessa ráðs til þess að íbúar landsins þurfi ekki lengur að burðast um með knippi af seðlum og greiða milljarða þarlendra dollara til þess eins að versla í matinn.

## MARKAÐSPUNKTAR ...

Skemmtirisanum Walt Disney vegnaði vel á öðrum ársfjórðungi 2006 og jókst hagnaður hans um 39 prósent milli ára. Góðu gengi skemmtigarða fyrirtækisins og vel sóttum bíómyndum var helst þökkuð góð afkoma.

Í sumar hefur selst fjórum prósentum meiri bjór í Danmörku en síðasta sumar. Sumarhitinn veldur því að að Danir drekka nú meira öl en áður - og drukku svo sem ekki lítið af því fyrir.

Nýútkomnar efnahagsskýrslur í Japan gefa til kynna að efnahagurinn þar í landi sé á batavegi. Gefur það því byr undir báða vængi að umdeild stýrivaxtahækkun Seðlabanka Japans fyrir skemmstu hafi verið af hinu góða.



**HÖRÐUR ARNARSON, FORSTJÓRI MARELS** Engin viðskipti innherja í Marel hafa átt sér stað á árinu, segir forstjóri Marels, en kveðst hafa orðið var við áhuga fjárfesta á félaginu undanfarna mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Útilokar leka við kaup á Scanvægt

## Engin innherjaviðskipti í Marel á árinu.

Hörður Arnarson, forstjóri Marels, útilokar með öllu að upplýsingar hafi lekið út á markaðinn frá félaginu vegna kaupa þess á danska samkeppnisaðilanum Scanvægt fyrir tíu milljarða króna. Fyrir helgi áttu sér stað töluverð viðskipti með hlutabréf Marels og hækkaði gengi félagsins um 3,5 prósent í yfir 53 milljóna króna viðskiptum á fimmtudaginn og föstudaginn.

Hörður segir að á föstudagskvöldið hafi aðilar verið búnir að handsala með sér samkomulag um kaup Marels á Scanvægt. Tilkynnt var um kaupin á frídegi verslunarmanna.

Hann fullvissar að engin viðskipti innherja í Marel hafi átt sér stað, enda hafi þeim verið óheimilt að versla með bréf í félaginu á þessu ári.

Forstjórinn hefur orðið var við áhuga fjárfesta á félaginu undanfarna mánuði eftir að það lauk við sex milljarða skuldabréfaútboð í byrjun apríl. Tilgangur þess var að fjármagna framtíðarvöxt félagsins en Marel hefur ráðist í tvær yfirtökur í sumar. Sú fyrri var á AEW Delford í Bretlandi. **- eþa**

# Auka þarf gagnsæi í orkumálum segir OECD

## Í nýrri skýrslu OECD um efnahagsmál hér á landi er gagnrýnt að ekki liggi fyrir upplýsingar um hagkvæmni stóriðjuframkvæmda vegna leyndar yfir raforkusölusamningum. Enn er sögð þörf á vaxtahækkunum og frekari aðhaldsaðgerðum hins opinbera til að slá á verðbólgu.



**FJÁRMÁLARÁÐHERRA OG SÉRFRÆÐINGAR OECD** Árni Mathiesen fjármálaráðherra opnaði fund í Þjóðmenningarhúsinu í gær þar sem kynnt var ný skýrsla OECD um efnahagsmál hér. Hann eftirlét svo Val Koromzay og Hannes Suppans (til hægri á myndinni), sérfræðingum OECD, orðið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Enn þarf að hækka stýrivexti Seðlabankans til að ná tökum á verðbólgu, sem verið hefur yfir markmiði bankans síðan 2004. Þetta segir í nýrri skýrslu Efnahags- og samvinnustofnunarinnar í París, OECD, um efnahagsmál hér og áréttað er að frekari aðgerða sé þörf því útlit sé fyrir að verðbólga verði enn hátt yfir markmiðinu í lok næsta árs. Nauðsynlegt sé því að koma skjótt á jafnvægi í efnahagslífinu og styrkja innviði hagstjórnarinnar.

Skýrsla OECD var kynnt á fundi í Þjóðmenningarhúsinu í Reykjavík fyrir hádegi í gær. Val Koromzay, yfirmaður landarannsókna efnahagsdeildar OECD og Hannes Suppanz, hagfræðingur á skrifstofu OECD sem sér um málefni Íslands og Bandaríkjanna, fóru yfir efni skýrslunnar.

Þar segir meðal annars að mæta verði þensluáhrifum skattalækkana með frekara aðhaldi í útgjöldum, herða verði á framfylgd fjárlaga og að umgjörð ríkisfjármála þurfi að beinast enn frekar að því að ná markmiðum í framfylgd fjárlaganna. „Meðal þess sem hægt væri að gera til að bregðast við er að ná fram hóflegum launabreytingum og fresta opinberum framkvæmdum,“ segir Koromzay.

Þá segir að ekki sé æskilegt að ráðast í frekari stórframkvæmdir áður en tekist hafi að leiðrétta núverandi efnahagslegt misvægi, auk þess sem Val Koromzay benti sérstaklega á að ekkert lægi fyrir um ávinning þjóðarbúskapsins af stórframkvæmdum hér. „Til að ná fram slíkum upplýsingum ríður á að gera raforkugeirann gagnsærri,“ segir hann.

Eins gerðu sérfræðingar stöðu Íbúðalánasjóðs að umtalsefni og töldu mikilvægt að koma þar á breytingum, enda skekkti hann verulega samkeppnisstöðu á fjármálamarkaði hér, sjóðurinn nyti lánakjara í skjóli ríkisábyrgðar og þyrfti ekki að að standa skil á arði til hluthafa líkt og viðskiptabankarnir.

Stórum hluta skýrslunnar er svo einnig varið í umfjöllun um menntamál, en þar telur OECD nokkurra úrbóta þörf, enda brottfall hér mikið úr námi eftir framhaldsskóla. **olikr@frettabladid.is**

Gleðilegar ræstingar – og farsælan vinnudag!

Á tilboði í ágúst 2006
Liprir ræstivagnar frá Filmop



**21.910 kr.**
Arka 21 ræstivagninn
Ræstivagn fyrir gólfhreinsun og afþurrkun með 28 lítra tvískiptri fötu og pressu, afþurrkunarfötum og statífi fyrir sorppoka.



**8.793 kr.**
Spider Max ræstivagninn
Nettur ræstivagn með 15 lítra tvískiptri fötu og pressu.



**11.154 kr.**
Fred ræstivagninn
Léttur en öflugur ræstivagn með tveimur 15 lítra fötum og pressu.

**Rekstrarvörur** - vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

TUNGLIÐ RV6213A

# DeCode tapar 2,7 milljörðum króna



**KÁRI STEFÁNSSON, FORSTJÓRI DECODE** Hlutabréf í deCode hækkuðu á NASDAQ í gærmorgun þrátt fyrir að tilkynnt væri um 2,7 milljarða tap á fyrri helmingi árs.

DeCode Genetics tapaði 2,7 milljörðum króna á fyrri helmingi árs samkvæmt nýbirtu uppgjöri félagsins. Tap deCode jókst um tæplega tuttugu og tvö prósent sé miðað við sama tímabil í fyrra.

Tekjur félagsins námu tæpum 1,46 milljörðum króna fyrstu sex mánuði ársins og drógust saman um 35,5 milljónir króna frá því í fyrra. Heildarrekstrarkostnaður var rúmir tveir milljarðar króna og jókst um 667 milljónir frá fyrra ári.

Í tilkynningu frá deCode segir að aukið tap megi rekja til hærri rannsóknar- og þróunarkostnaðar. Þá kemur fram að í lok júní hafi félagið átt 8,2 milljarða króna í lausafé til rekstrar félagsins. Hlutafjáraukning í deCode, sem fram fór í júlí, skilaði félaginu 19,7 milljörðum króna í lausafé.

Kári Stefánsson, forstjóri deCode, segir í tilkynningunni að félagið sé komið vel á veg í klínískum prófunum á ýmsum lyfjum; sérstaklega gegn astma og hjartasjúkdómum.

Hlutabréf í deCode hækkuðu um rúm tvö prósent á NASDAQ-markaðnum í gærmorgun og stóðu í 4,88 Bandaríkjadölum á hlut síðast þegar fréttist. **- jsk**

# Cisco rýkur upp í verði

Hlutabréf í bandaríska hátæknifyrirtækinu Cisco Systems hækkuðu um meira en þrettán prósent, það mesta í fjögur ár, eftir að stjórnendur félagsins greindu frá því að tekjur félagsins á árinu myndu vaxa um fimmtán til tuttugu prósent á árinu. Það er öllu meira en hópur sérfræðinga hafði spáð fyrir.

Bæði hagnaður og velta á síðasta ársfjórðungi voru framar væntingum markaðsaðila.

Hluturinn stóð í rúmum nítján dölum við opnun markaða vestanhafs í gær. Bréfin höfðu aðeins hækkað um eitt prósent frá áramótum áður en kom að þessari hækkun. - eþa

# 94 prósenta samdráttur

**Íbúðalán bankanna eru einungis tuttugasti hluti þess sem var þegar mest lét.**

Íbúðalán bankanna námu 3,6 milljörðum króna í júlí samkvæmt tölum frá Seðlabankanum og hafa dregist saman um rúm níutíu og fjögur prósent frá því er mest lét í október 2004.

Aldrei hefur minna verið lánað frá því að bankarnir hófu innreið sína á íbúðalánamarkað í ágúst 2004. Október 2004 var metmánuður en þá var lánað fyrir 34,3 milljarða króna.

Velta á íbúðalánamarkaði hefur á sama tíma dregist töluvert saman og nam 2,7 milljörðum króna í vikunni fyrir verslunarmannahelgi. Mest fór veltan í rúma 4,9 milljarða króna í desember 2004 og nóvember 2005. Veltan hefur því dregist saman um fjörutíu og fimm prósent frá því þegar mest lét.

Í Morgunkornum Greiningardeildar Glitnis segir að velta á fasteignamarkaði hafi verið með minnsta móti í júlí. Minnkandi útlán bankanna megi þó ekki síður rekja til aðhalds í útlánastefnu; hámarkslán hafi verið lækkuð og skilyrði fyrir útlánum hert. - jsk



**NÝBYGGINGAR** Íbúðalán bankanna námu 3,6 milljörðum í júlí og hafa aldrei verið minni.

# Actavis birtir uppgjör í dag

Actavis birtir sex mánaða uppgjör eftir lokun markaða í dag.

Félaginu er spáð um 2,8 milljarða hagnaði á öðrum ársfjórðungi miðað við meðaltalsspár markaðsaðila. Gangi spáin eftir eykst hagnaður um 150 prósent milli ára.

Á fyrsta fjórðungi nam hagnaðurinn um þremur milljörðum króna.

Rekstur fyrirtækisins er varla samanburðarhæfur á milli ára, enda hefur Actavis verið ötult við að kaupa fyrirtæki.

Þar má nefna Alpharma, Amide og Sindan sem hafa stóraukið veltu samstæðunnar. - eþa




**EASYJET ENDURSKOÐAR ÁÆTLANIR Í ÁR** Búist við allt að helmingi meiri hagnaði.

# Horfur easyJet fara batnandi

Stjórnendur easyJet búast við mun meiri hagnaðaraukningu á yfirstandandi rekstrarári en áður var talið. Gera þeir ráð fyrir að hagnaður aukist um 40-50 prósent á milli ára en fyrri áætlanir í maí bentu til 10-15 prósenta aukningu.

Á þriðja ársfjórðungi, sem lauk þann 30. júní, jókst velta um 34 prósent á milli ára og nam 62 milljörðum króna. Tekjur á hvert sæti hækkuðu um 17,3 prósent og borgaði farþegi að meðaltali 45 pund fyrir sætið eða rúmlega sex þúsund krónur.

Á þriðja ársfjórðungi ferðuðust 8,8 milljón farþegar með easyJet sem er sextán prósenta fjölgun frá árinu áður. - eþa



**BEN BERNANKE SEÐLABANKASTJÓRI** Stýrivextir standa óbreyttir næsta mánuðinn eftir sautján mánaða tímabil samfelldra vaxtahækkana.

# Stýrivextir óbreyttir vestra

Stýrivextir í Bandaríkjunum standa óbreyttir í Bandaríkjunum næsta mánuðinn eftir sautján mánaða tímabil samfelldra hækkana. Stýrivextir standa nú 5,25 prósentum en höfðu áður verið hækkaðir um fjórðung úr prósenti sautján mánuði í röð.

Tímabil vaxtahækkana, sem hófst í júní 2004 þegar stýrivextir stóðu í einu prósent, virðist því á enda runnið. Sérfræðingar eru þó ekki á einu máli um hvað lesi megi úr ákvörðun Bens Bernanke seðlabankastjóra. „Mér sýnist sem Seðlabankinn hafi áhyggjur af því að stýrivaxtahækkanir kæfi allan vöxt í hagkerfinu," sagði einn sérfræðingurinn.

„Þetta er engin stefnubreyting. Frekar má tala um stutt hlé á vaxtahækkunum," sagði annar. - jsk



# skoðun

SJÓNARMIÐ
JÓN KALDAL

Mismunun á skattlagningu snertir margfalt fleiri en háar tekjur örfárra.

## Allir borgi jafnt

Í þeirri árvissu umræðu um skatta og laun sem nú fer fram í þjóðfélaginu stendur tvennt upp úr. Í fyrsta lagi stórkarlalegar yfirlýsingar um svokölluð ofurlaun og hvernig hægt sé að sporna við þeim. Í öðru lagi að íslenskt skattaumhverfi býður upp á meiri mismunun á skattlagningu tekna en áður hefur þekkst.

Ýmsir forystumenn verkalýðshreyfingarinnar, auk formanns Samfylkingarinnar, hafa verið í fararbroddi umræðunnar um ofurlaunin. Hefur hún að flestu leyti verið í miklum upphrópunarstíl sem vandséð er að þjóni öðrum tilgangi en að slá pólitískar keilur. Án þess að hér sé lagt mat á hvort nokkur maður eigi skilið að fá margar milljónir í laun á mánuði er staðreyndin sú að slíkra kjara nýtur aðeins örlítill hópur íslenskra launþega. Svo lítill er þessi hópur að hann nær ekki að fylla eitt prósent af heildinni. Ekki skiptir nokkru máli fyrir hinn breiða hóp hversu há laun þessir sárafáu einstaklingar hafa. Því er sá mikli hávaði sem er gerður vegna þeirra undarlegur og í raun til lítil annars en að kynda undir kötlum öfundar og ala á sundrungu.

Réttlætishugtakinu hefur óspart verið flaggað í þessari umræðu en í því samhengi er eins og það gleymist að ofurlaunþegarnir greiða sína skatta og skyldur til þjóðfélagsins. Það liggur í hlutarins eðli að þeir greiða miklu mun meira til samneyslunnar, reksturs löggæslu, menntakerfis og heilbrigðisþjónustu en hinir sem hafa lægri laun. Þeir eru því margra manna makar í fleiri en einum skilningi.

*Hátt í þriðjungur atvinnubærra Íslendinga greiðir engan tekjuskatt. Og þar er kominn hópur sem þarf meira á athygli verkalýðshreyfingunnar, og jafnaðarmanna í öllum flokkum, að halda en þessir örfáu milljónungar.*

Þegar skattskrár eru skoðaðar sést reyndar að hátt í þriðjungur atvinnubærra Íslendinga greiðir alls engan tekjuskatt. Þar er kominn hópur sem þarf meira á athygli verkalýðshreyfingunnar, og jafnaðarmanna í öllum flokkum, að halda en þessir örfáu milljónungar. Miklu nær er að berjast fyrir því að allir fái svo sómasamleg laun að þeir geti lagt sitt af mörkum til samfélagsins, fremur en að berjast fyrir tekjujöfnun niður á við. Er ekki augljóst að þeim sem er með 80 þúsund á mánuði gengur ekkert betur að ná endum saman þótt forstjórinn sé með eina milljón á mánuði frekar en tvær eða þrjár?

Hitt sem stendur upp úr umræðunni er sá fráleiti mismunur sem er hér við lýði þegar kemur að skattlagningu tekna. Skattaumhverfið er nú orðið þannig að með ýmsum bókhaldsæfingum geta þeir sem áður greiddu hefðbundinn tekjuskatt talið hluta eða jafnvel allar tekjur sínar fram sem fjármagnstekjur og fyrir vikið greitt af þeim mun lægri skatt en ella.

Í þessari umræðu hefur verið undirliggjandi þema að fjármagnseigendurnir borgi of lítið miðað við launþegana. Það er hins vegar fróðlegt að skoða málið út frá hinni hliðinni, að í raun séu það launþegarnir sem borgi of mikið og því sé réttara að jafna skattlagninguna niður á við þannig að allar tekjur, bæði fyrirtækja og einstaklinga, beri sömu flötu skattprósentu.

Til að slíkar hugmyndir nái fram að ganga þarf hins vegar að skapast sátt um að skattkerfið er fyrst og fremst tekjuöflunartæki fyrir ríkissjóð fremur en tæki til að ná fram félagslegum markmiðum á borð við tekjujöfnun.






## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Af sem áður var

Mikill fréttaflutningur Morgunblaðsins af misskiptingu auðs á Íslandi hefur vakið athygli, sérstaklega í ljósi tengsla blaðsins við helstu auðmenn landsins á árum áður. Forsíðufréttir og ítarlegar miðopnugreinar um ýmsar hliðar þessa máls hafa verið daglegt brauð að undanförnu og heyrst hefur að Styrmir Gunnarsson ritstjóri endurskrifi þær allar eftir eigin höfði og breyti fyrirsögnum hófsamra blaðamanna í æsifréttastíl. Hafa jafnvel blaðamenn Moggans komist svo að orði að gamli hátekju-sjálfstæðismaðurinn sé orðinn sósíaldemókrati í seinni tíð.



### Ekki benda á mig

Lögreglan á Egilsstöðum var heldur betur seinheppin í viðleitni sinni við að neita öllum ásökunum um að ganga full rösklega fram gegn mótmælendum í nágrenni Kárahnjúka. Á sama tíma og talsmaður hennar sagði allt slíkt tal fjarri öllum sanni og hreinan uppspuna birti Sjónvarpið myndir þar sem sami maður veittist harkalega og að ástæðulausu að saklausum myndatökumanni á gangstéttinni utan við lögreglustöðina á Egilsstöðum! Ekki mjög trúverðugur málflutningur atarna.

### Að brenna inni á tíma

Margt bendir nú til þess að Jón Sigurðsson viðskipta- og iðnaðarráðherra geti gengið að formannsstól Framsóknarflokksins vísum á flokksþinginu um aðra helgi. Ekkert alvöru framboð gegn honum hefur litið dagsins ljós og eru margir á því að aðrir frambjóðendur séu að brenna inni á tíma, ef þeir eru þá ekki þegar brunnir inni þegar tillit er tekið til þess skamma tíma sem er til stefnu. Talið er að eini alvöru frambjóðandinn sem gæti skákað Jóni sé Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra og kannski lítur hún svo á að hún sé það vel kynnt í flokknum að hún þurfi ekki sérstakrar kynningar við og nægi því að gefa kost á sér á síðustu stundu.



steindor@frettabladid.is
ssal@frettabladid.is

## Vinna, vinna: Eitt mál enn

Í DAG
TEKJUSKIPTING



ÞORVALDUR GYLFASON

Bandaríkjamenn afla eins og áður meiri tekna á mann en flestar Evrópuþjóðir. Það stafar öðrum þræði af því, að Bandaríkjamenn vinna að jafnaði meira en nú tíðkast í Evrópu. Bandarískt atvinnulíf er að sönnu hagkvæmt í öllum aðalatriðum, svo er rótgrónum og vel smurðum markaðsbúskap fyrir að þakka og virku lýðræði, enda þótt ýmisleg staðbundin óhagkvæmni íþyngi efnahagslífinu þarna fyrir vestan eins og ég lýsti hér á þessum stað fyrir viku. Landsframleiðsla á hverja vinnustund, öðru nafni vinnuframleiðni, er nú meiri í sjö Evrópulöndum en í Bandaríkjunum. Vinnuframleiðni er áreiðanlegasti mælikvarði á árangur þjóða í efnahagsmálum, sem völ er á, því að hann tekur fyrirhöfnina á bak við framleiðsluna með í reikninginn. Bandaríkjamenn vinna mest allra hátekjuþjóða að Grikkjum einum undanskildum samkvæmt tiltækum tölum um vinnutíma, en þær eru að vísu ýmsum vafa undirorpnar og eru því sjaldnar notaðar en vert væri. Það er óheppilegt, að vinnutímatölur, sem þörf er á til að búa til mikilvægasta mælikvarðann um hagsæld vel stæðra þjóða, skuli vera ófullkomnar og umdeildar. Brýnt er að bæta úr því.

Kaupmáttur bandaríska vinnulauna hefur skroppið saman síðan 2001 þrátt fyrir öran hagvöxt, því að búhnykkurinn vestra hefur í fyrsta lagi fallið efnafólki í skaut. Aukinn ójöfnuður í skiptingu auðs og tekna í Bandaríkjunum undanfarin ár er að nokkru leyti til kominn vegna tækniframfara, sem hafa ýtt undir eftirspurn eftir vel menntuðu vinnuafli, en þó ekki að öllu leyti, því að stefna ríkisstjórnar Bush forseta til dæmis í skattamálum hefur leynt og ljóst dregið taum efnafólks. Ríka fólkið og forríka fólkið: það eru mínir menn, segir Bush með glampa í augum. Bandaríkin hafa lengi búið við meiri ójöfnuð í skiptingu auðs og tekna en Evrópumenn. Það hefur verið mörgum ráðgáta, hvers vegna mikill ójöfnuður í Bandaríkjunum langt umfram Evrópu birtist ekki í dvínandi framleiðslu samkvæmt þjóðhagsreikningum. Gátan er þessi: mikill ójöfnuður á það til að draga þrótt úr efnahagslífinu með því meðal annars að ala á úlfúð, sem getur brotizt út í verkföllum og öðrum framleiðsluröskunum. Um slævandi áhrif ójafnaðar á hagvöxt sjást þó engin skýr merki í bandarískum framleiðslutölum. Mikill ójöfnuður hneigist einnig til að veikja liðsheildina, því að mannafli lands er eins og íþróttalið: ætla mætti, að fjölmenn og illa haldin lágstétt dragi efnahagslífið niður, en því er ekki að heilsa í framleiðslutölunum. En vinnutímatölurnar tala þó skýru máli: kaninn þarf að þræla sér út til að ná endum saman.

*Bandaríkjamenn á sjötugsaldri eru tveim til þrem sentimetrum hærri að vexti en Þjóðverjar á sama reki. Þetta kann að vera vísbending um efnahagsyfirburði Bandaríkjamanna umfram Þjóðverja árin eftir stríð, þegar þessi kynslóð var að vaxa úr grasi.*

Athuganir tölfræðinga á líkamsbyggingu fólks bregða frekari birtu á málið. Ég hef sagt frá þessu áður hér á þessum stað. Bandaríkjamenn á sjötugsaldri eru tveim til þrem sentimetrum hærri að vexti en Þjóðverjar á sama reki. Þetta kann að vera vísbending um efnahagsyfirburði Bandaríkjamanna umfram Þjóðverja árin eftir stríð, þegar þessi kynslóð var að vaxa úr grasi. Bandaríkjamenn höfðu þá allt til alls á þeirra tíma mælikvarða, en Þjóðverjar liðu skort. Nú er öldin önnur, því að fullvaxnir Þjóðverjar eru nú tveim til þrem sentimetrum hærri en Bandaríkjamenn að meðaltali. Það er þá kannski vísbending um góðan árangur Þjóðverja í efnahagsmálum á síðari árum, þótt hann birtist ekki skýrt í hagtölum um landsframleiðslu og þjóðartekjur. Þjóðverjar sjá vel fyrir sínum minnstu meðbræðrum, svo að enginn líður þráfelldan skort og nær allir ná eðlilegri líkamshæð.

Bandaríkjamenn hafa að vísu byggt upp öflugt velferðarkerfi að evrópskri fyrirmynd frá því árin eftir 1960, Lyndon Johnson forseti bar hitann og þungann af þeirri baráttu gegn harðri andstöðu, en bandarísk velferð er gloppótt. Sjöundi hver Bandaríkjamaður stendur ótryggður frammi fyrir heilsumissi, fjórða hvert barn elst upp í fátækt, helmingur atvinnulausra fær engar bætur. Álitlegur fjöldi Bandaríkjamanna býr við svo kröpp kjör, að börnin þeirra ná ekki fullri líkamshæð. Smávaxin lágstétt dregur landsmeðaltaliðniður. Aðrir vitnisburðir hníga í sömu átt. Langskólagengnir Bandaríkjamenn eru að meðaltali þrem sentimetrum hærri að vexti en þeir, sem létu skólaskylduna duga. Hæð og tekjur fylgjast að milli félagshópa innan lands, en ekki til fulls milli landa, að því er séð verður, úr því að Evrópa hefur skotið Bandaríkjunum aftur fyrir sig eftir hæðarmálinu og vinnutímatölum, en ekki samkvæmt framleiðslutölum, ekki enn. Það er bjart yfir Evrópu.


MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
Sögurnar, tölurnar, fólkið.



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000


FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

# NÝJUSTU MYNDIRNAR




*EF MYNDIRNAR DATE MOVIE, V FOR VENDETTA, HOSTEL EÐA RUNNING SCARED ERU EKKI INNI ÞÁ FÆRÐU HANA FRÍA TIL ÚTLEIGU Í EINN SÓLARHRING NÆST ÞEGAR ÞÚ KEMUR GEGN FRAMVÍSUN "100%" KORTS. GILDIR Í EINN MÁNUÐ FRÁ AUGLÝSINGU OG AÐEINS Á ÞEIM SÖLUSTAÐ ÞAR SEM MYNDIN VAR EKKI INNI.

**VIDEOHÖLLIN**
*Á þínu bandi*

**BÓNUSVÍDEÓ**
*Leigan í þínu hverfi*

# Klám = vændi = mansal ... og frelsi til að velja


UMRÆÐAN
MANSAL



**KOLBRÚN HALLDÓRSDÓTTIR**
ÞINGMAÐUR


Umræður á Alþingi um klám og vændi hafa leitt í ljós greinilegan flokkspólitískan áherslumun, nokkuð sem fyrirfram hefði mátt ætla að yrði með öðrum hætti. En við að lesa grein Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar í Fréttablaðinu 4. ágúst sl. sést greinilega hvers vegna sjálfstæðismenn líta þessi mál allir sömu augum. Hannes er jú einn af hugmyndasmiðum hægrimanna á Íslandi og sem slíkur ágætur útskýrandi stefnunnar. Hægrimenn hafna sem sé hugmyndum um aðgerðir til að takmarka útbreiðslu kláms eða vændis vegna hinnar ófrávíkjanlegu grunnreglu frjálshyggjunnar um frelsi einstaklingsins. Hannes kemst þannig að orði í greininni: „Afleiðingarnar af því að banna slíka háttsemi [klám og vændi] eru verri en afleiðingarnar af að leyfa hana, og fullorðið, skynsamt fólk hefur rétt til að gera það, sem það vill, svo framarlega sem það skaðar ekki aðra eða stofnar góðri allsherjarreglu í voða.“ Svo dregur Hannes upp klisjukennda mynd af stúlkum sem drýgja tekjur sínar með atlotum fyrir framan myndavélar og gamla manninum sem á engan séns og spyr hver sé fórnarlambið í klisjunni. En hann ítrekar jafnframt að ganga verði út frá því að framleiðsla klámefnisins og neysla hljóti að einskorðast við fullorðið, upplýst fólk, sem ekki hafi verið beitt neins konar nauðung.

Hér fara viðvörunarbjöllurnar af stað og maður spyr: Hvað ef ekki?! Hvað ef þessum skilyrðum er ekki fullnægt? Hvað ef kaupendurnir eru börn undir 18 ára aldri? Og hvað ef stúlkurnar á myndunum eru ekki að vinna sér inn fyrir háskólagráðu, heldur hafa verið seldar mansali? Hvað þá? Það er enginn miði á stúlkunum, eða stimpill, sem segir að þær hafi lent í klónum á glæpasamtökum og hafi verið lokaðar inni vikum eða mánuðum saman, þeim raðnauðgað og þær svo þvingaðar til að þjóna 25 kynsveltum körlum á dag, sumum svo ofbeldisfullum að ekki er hægt að segja frá athöfnunum sem þær voru þvingaðar til að inna af hendi. Það er heldur ekki að finna neinar upplýsingar um að þær fái einungis 10-25% af því sem greitt er fyrir viðvikið í eigin vasa, og ekki heldur hvernig þeim hefur verið hótað að fjölskyldur þeirra í heimalandinu verði myrtar eða svívirtar ef þær reyni að flýja eða gera yfirvöldum viðvart. Þætti Hannesi heppilegt að innleiða merkingar, sem klámiðnaðurinn gæti notað í svipuðum tilgangi og snyrtivöruframleiðendur merkja afurðir sínar að kröfu neytenda: „No animal testing?“

Alþjóðleg glæpasamtök hagnast árlega um stjarnfræðilegar upphæðir, ýmist með því að selja vopn, eiturlyf eða manneskjur. Talið er að hálf milljón kvenna sé árlega seld til landa Evrópusambandsins þar sem þær eru þvingaðar til að stunda vændi. En það eru engar merkingar, engir stimplar... Gamli kynferðislegi munaðarleysinginn hans Hannesar getur ekki vitað hvort stúlkurnar á myndunum hans eru hamingjusamar hórur eða svívirt stúlkubörn í þrældómi. Hannes viðurkennir raunar sjálfur í grein sinni að erfitt sé að koma auga á fórnarlambið. En þá er eðlilegt að spurt sé hver eigi að njóta vafans?

Hannes heldur því fram að af tvennu illu sé betra að leyfa vændi og gera það löglegt, háð leyfum og heilbrigðiseftirliti, en að banna það. Þannig skili skatttekjur þeirra sem stunda vændið sér í ríkissjóð og þeir sem stunda vændið verði þá ekki byrði á samfélaginu. Þetta er sjónarmið sem alltaf er hreyft í þessari umræðu en byggir á óskhyggju þeirra sem loka augunum fyrir veruleikanum. Staðreyndin er sú að alls staðar þar sem vændi hefur verið heimilað með þessum rökum hefur „neðanjarðarstarfsemin“ vaxið um allan helming. Það er nefnilega ekki þannig að glæpasamtökin, sem selja þessi hundruð þúsunda kvenna í kynlífsiðnaðinn, þoli dagsljósið. Og það er ekki þannig að vændiskúnnarnir geri greinarmun á stúlkunni með leyfisbréfið og vottorðið um að hún sé hvorki eyðnismituð né með klamydíu, og hinni sem hefur ekkert slíkt. Svo reynist það líka svo skelfing einfalt fyrir hina ólöglegu starfsemi að dyljast í skjóli litla, sæta, löglega og vel upplýsta hóruhússins. Það eru meira að segja sömu eigendur í mörgum tilfellum.

Í hugum okkar, sem höfum viljað setja ábyrgðina á herðar þeirra sem búa til eftirspurnina eftir vændi og klámi, þá er allt tal um frelsi marklaust. Því í heimi kláms, vændis og mansals er það bara annar aðilinn sem hefur í raun frelsi til að velja, þ.e. sá sem á peningana. Valið er hans og valið stendur um að kaupa eða kaupa ekki.

# *Viljum við vændi á Íslandi?*


UMRÆÐAN
MANSAL



**BENEDIKT S. LAFLEUR**
LISTAMAÐUR OG SJÓSUNDMAÐUR


Viljum við vændi á Íslandi? Er stór spurning. Reykjavíkursundið er hápunktur undirbúningsins fyrir Ermarsundið í haust og ætlað að vekja athygli á ýmsum skuggahliðum alþjóðlegrar klámvæðingar, m.a. mansali og annarri kynlífsverslun með fólk.

Sjálft sundið er á mörkum hins mögulega og gífurleg áskorun fyrir reyndan sjósundmann eins og mig. Sundið hef ég þróað síðastliðin ár og hef þegar synt tvo áfanga sundsins af þremur. Síðast reyndi ég við Reykjavíkursundið 22. júlí sl. Tókst að klára fyrsta áfanga og hérumbil þriðja, en vegna skipaumferðar og kuldastraums frá Elliðaám varð ég að sleppa síðasta kílómetranum inn í Grafarvog, sló hins vegar persónulegt met til Viðeyjar og synti það sund, 4,3 km, á aðeins 2 tímum. Nesáfanginn reyndist mér langerfiðastur. Hann lætur ekki mikið yfir sér, en svo lúmskur er hann og kaldur á köflum, að í raun má líkja honum við sjálft Drangeyjarsund, eitt mest krefjandi sjósund á Íslandi, enda er sá áfangi rúmlega 7 km.

Næstu helgi, 12.-13. ágúst, mun ég reyna við alla áfanga Reykjavíkursundsins aftur, bara hina leiðina, þ.e. frá Grafarvogi til Nauthólsvíkur. Um leið og sundið veitir mér bestu hugsanlega reynsluna hér á landi fyrir Ermarsundið nota ég tækifærið og syndi í þágu æðri hugsjónar, nefnilega til varnar sakleysinu, gegn mansali og hvers lags kynferðislegri misnotkun.

Sameinumst öll um að sporna gegn lágkúru kynlífsþrælkunar og hefjum andann á loft í hæðir mannlegrar reisnar. Gefum sálinni séns!

Hægt er að leggja hugsjóninni lið með því að heita á mig með tvennum hætti:

1. Annars vegar með því að hringja í 905 20 20 og verða þá 1.500 kr. sjálfkrafa gjaldfærðar af símreikningi hringjandans.
2. Hins vegar með því að heita á mig með frjálsum framlögum í síma 562 3500.

Dagskrá sundsins er sem hér segir:

Fyrsti áfanginn hefst kl. 08.00 í Bryggjuhverfi í Grafarvoginum og lýkur kl. 11.00 við olíutankana á Örfirisey.

Næsti byrjar kl. 18.30 við bækistöð Lýsis og er áætlað að honum ljúki um kl. 22.30 við Bakkavör.

Þriðji og síðasti áfanginn hefst svo næsta dag eða kl. 14.00 við Bakkavör á Seltjarnarnesi og lýkur í Nauthólsvík kl. 17.00 við rampinn hjá Siglunesi.

*Sjá nánar: www.ermasund.is/rvksnd.html*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.






## MUNIR ÚR MARGS KONAR HRÁEFNI

Handverkssýningin á Hrafnagili hefst í dag en þar kennir ýmissa grasa.

HEIMILI 8



## KONUR GEGN KÖRLUM

Verslunin KVK á Laugavegi hefur upp á margt á bjóða og er til marks um framsókn íslenskra hönnuða.

TÍSKA 3



## ALLT HITT

**[ TÍSKA, HEILSA OG HEIMILI ]**

**Útsölurnar** eru enn ekki alveg búnar. Til dæmis eru nú í gangi síðustu dagar stórútsölu tískuvöruverslunninnar Anas í Hafnarfirði og nú má finna þar vörur á enn meiri afslætti.



**Landsleikur** milli Íslendinga og Spánverja fer fram fram næstkomandi laugardag á nýjum Laugardalsvelli. Þangað er tilvalið að fara til að anda að sér fersku lofti og þenja raddböndin í níutíu mínútur. Mun heilsusamlegra en að hanga heima með snakkpoka fyrir framan sjónvarpið.

**Miele** þvottavélarnar hafa lengi verið taldar með þeim bestu í heimi. Eirvík býður nú upp að allt að 30% afslátt á nokkrum tegundum Miele þvottavéla og þurrkara. Vélarnar eru með íslensku stjórnborði.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 10. ágúst, 222. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 5.02 | 13.33 | 22.02 |
| Akureyri | 4.34 | 13.18 | 21.59 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Erla Tryggvadóttir með gamla plötuspilarann sem gefur frá sér sérstakan en notalegan hljóm. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hlutir með sögu

***Erla Tryggvadóttir, dagskrárgerðarkona í Kastljósi, heldur mikið upp á gamlan plötuspilara og ferðatösku sem færa hana aftur til fortíðar.***

„Þessi plötuspilari var í eigu langömmu og -afa. Hann var alltaf í bústað þeirra á Þingvöllum en þangað fór ég oft í heimsókn. Ég fékk meira að segja að leika mér með hann og hlustaði agndofa á sérstaka hljóðið sem kemur frá honum,“ segir Erla en nú fær plötuspilarinn góði að standa í íbúð hennar og þá aðallega upp á punt.

„Hann virkar reyndar ennþá en ég nota hann voða sjaldan. Í þau skipti sem hann er notaður þá dettur maður aftur um rúm fimmtíu ár út af tónlistinni sem maður spilar og hljómnum sem kemur úr honum. Mér þykir samt vænst um að plötuspilarinn minnir mig á langömmu og -afa sem voru svo glæsileg hjón og miklir heimsborgarar,“ segir Erla. „Það er gott að hafa hluti í kringum sig sem hafa verið í eigu einhvers sem manni þykir vænt um. Svo er alltaf gaman ef þeir búa yfir sögu. Ég á til dæmis gamla ferðatösku sem ég keypti á markaði í London. Taskan er merkt konu sem greinilega ferðast víða því að hún er mikið notuð og það eru alls kyns límmiðar á henni. Það er því gaman að ímynda sér söguna bakvið töskuna og þau ævintýri sem eigandinn hefur lent í á ferðalögum sínum.“

Erla sankar þó ekki eingöngu að sér gömlum hlutum heldur er hún einnig mikið fyrir alls kyns hönnun. Þessa dagana er hún að koma sér fyrir í íbúð sem hún hefur nýlega fest kaup á. „Ég er að vinna í því að gæða íbúðina lífi og sál. Ég lít á heimilið sem griðastað þar sem maður á að geta slakað á og liðið vel. Það er gott að hafa fallega hluti í kringum sig, hvort sem þeir eru gamlir eða nýir,“ segir Erla að lokum.

*erlabjorg@frettabladid.is*




Heill heimur af skemmtilegu skrauti



www.design.is @ 2006

HÚSGAGNAHEIMILIÐ

Ljós
Veggskraut
Borð og stólar
Dótakassar
Mottur
Gardínur/teppi

Fossaleynir 6 - 112 Reykjavík - Sími: 586 1000 - Fax: 586 1034 - www.husgogn.is



**Stórar töskur** eru enn mjög vinsælar, enda eru þær flottar á öxlinni og mjög hentugar fyrir þá sem vilja vera við öllu búnir.




Flottir leðurjakkar á góðu verði

Drangey

Smáralind, sími 5288800, www.drangey.is


## Léttara Hypnose

LANCÔME BÝÐUR UPP Á NÝJA ÚTGÁFU AF HINU VINSÆLA ILMVATNI HYPNOSE.

Nú er ilmvatnið Hypnose frá Lancôme fáanlegt í léttari útgáfu með ferskum ilmtónum.

Ilmurinn einkennist af ilm ástríðublóms, sólblóms, vanillu og vetiver sem gerir ilminn mjúkan en jafnframt léttan.

Umbúðirnar eru afskaplega þokkafullar og á þeim er ákveðið lúxusyfirbragð. -lkg



Glasið er einstaklega fallegt.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

## Heimsástand og hitastig

Ágústmánuður er einn einkennilegasti tími ársins í París. Þegar borgin tæmist og borgarbúar flytja sig suður á bóginn eða enn lengra því Parísarbúar verða alltaf að gera allt á sama tíma. Þeir fara í vinnuna á sama tíma á morgnana og sitja fastir í umferðarhnútum. Þeir fara út úr borginni og sitja í umferðarhnútum um helgar. Svo til að breyta ekki út af venjunni er setið í bílunum í umferðarhnútum milli St. Tropez og baðstrandanna í suðurhluta landsins. Mörg minni fyrirtæki eru hreinlega lokuð í ágúst vegna sumarfría.

Á laugardag lauk útsölum formlega ef frá eru taldir nokkrir sumarleyfisstaðir sem mega halda útsölur út ágústmánuð. Eftir útsölulok er ólöglegt að nota orðið útsala fram að vetrarútsölum í janúar. Verslunareigendur pakka niður því sem eftir er, til að draga fram og blanda saman við nýrri vörur á næstu útsölum því á réttu verði finnur hver flík kaupanda. Sumir finna leið framhjá lögunum og þá heitir það ekki lengur útsala heldur tilboð og tilboð eru leyfileg allt árið um kring. Reyndar er til athugunar í viðskiptaráðuneytinu að breyta lagaramma útsalanna því þær eru ekki það sem þær voru, einmitt vegna þess að sumir kaupmenn stunda tilboð meira eða minna allt árið. Fyrsta greining markaðsfræðinga á útsölunum er einmitt sú að 50-70 prósenta afsláttur dugi á stundum ekki til að freista kaupenda. Það þarf sömuleiðis ekki að koma á óvart að loftkældar búðir nutu mestra vinsælda, enda hitabylgja í París á útsölutímabilinu og ólíft í ókældum verslunum.

Þrátt fyrir að gínurnar hafi verið í mánuð í ullarkápum með loðhúfur og trefla er rólegt yfir vötnum í tískuhúsunum. Það eru aðallega útlendingar sem standa undir veltunni í ágúst og þá sérstaklega viðskiptavinir frá Sádi-Arabíu, Sameinuðu furstadæmunum og fleiri slíkum löndum. En þetta árið virðast þessir viðskiptavinir ekki vera mjög kaupglaðir og velta vöngum yfir hverri handtösku sem keypt er á 1500-2000 evrur (venjulega kaupa frúrnar nokkrar í einu án þess að hugsa sig tvisvar um). Líbanar sem venjulega eru á ferðinni sjást af skiljanlegum ástæðum ekki þetta árið og líklega er bið á að þeir láti sjá sig eins og ástandið er þar í landi. Reyndar hef ég heyrt þá skýringu að stríðið í Líbanon og Palestínu valdi því hversu lítið Arabarnir kaupa þetta árið, þeir hafi einfaldlega ekki samvisku til þess meðan frændur þeirra eru strádrepnir. Bandríkjamenn eyða sömuleiðis minna en undanfarin ár, en af allt annarri ástæðu, evran er einfaldlega allt of sterk miðað við dollara. Heimsástandið hefur því mikil áhrif á efnahagslegt hitastig tískuhúsanna.

*bergthor.bjarnason@wanadoo.fr*


Þú verður að eignast trippen



trippen skóverslun, Rauðarárstíg 14, 101 Reykjavík. trippen.is





Gabor fashion

GÆÐASKÓR

SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNNAR
SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNNAR
SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNNAR
SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNNAR

xena

MJÓDDINNI S: 557 1291
GLÆSIBÆ S: 553 7060
BORGARNESI S: 437 1240


# Stella að flytja sig um set?

***Bítladóttirin Stella McCartney er hugsanlega á leið frá Chloe tískuvöruhúsinu.***

Tískuhönnuðurinn Stella McCartney virðist vera gífurlega eftirsótt meðal stærstu tískuhúsa heims ef marka má frétt af heimasíðu Vogue. Samningur McCartney við Chloe rennur út í næsta mánuði og hafa miklar vangaveltur verið í gangi um framtíð hennar.

Margir hafa spáð því að hún eigi að fylla upp í skarð Alexanders McQueen hjá Givenchy en aðrir segja að nú sé loksins kominn verðugur arftakai Karls Lagerfeld hjá Chanel. Einnig hafa verið uppi sögusagnir um að McCartney muni jafnvel semja við Gucci eða hinn áhugaverða Pierre Cardin.

Forsvarsmenn Chloe þvertaka hins vegar fyrir að McCartney sé að leið burt úr fyrirtækinu. „Við höfum ekki heyrt neitt um það að hún sé á leiðinni annað, og ekki heldur að hún sé að fara að stofna sitt eigið tískuhús. En við getum sagt ykkur eitt; Stella mun aldrei starfa hjá Gucci, því hún myndi aldrei vinna með leður.“ *- sha*



Stella McCartney er án efa einn af stærstu tískufatahönnuðum heims um þessar mundir.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP


belladonna

REGNBOGADAGAR

Nú er hægt að gera enn betri kaup

LOKA ÚTSALA

70% afsláttur af öllum útsöluvörum

Vertu þú sjálf – vertu Bella Donna

RÉTTU STÆRÐIRNAR (st. 38-60)

Hlíðarsmára 11 • Kóp • S: 517 6460
Opið mán. - fös. 11-18, lau. 11-15 • www.belladonna.is


## Blóma- og ávaxtailmur

PROMESSE FÆST NÚ LÍKA SEM BAÐLÍNA.

Nýi blóma- og ávaxtailmurinn Promesse frá Cacharel er ákaflega ferskur sumarilmur.

Ilmurinn er blanda af sólberjum, tangarínum, bergamó, orkídeum, jasmíni, hvítum sedrusviði og musk sem gefa léttan ilm en ekki of yfirþyrmandi.

Hægt er að fá húðmjólk, sturtusápu og svitalyktareyði í línunni auk ilmvatns.



Promesse húðmjólk FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM.


Síðustu dagar útsölunnar

enn meiri verðlækkun.

FJÖRÐUR www.fjordur.is

Nýtt kortatímabil

EURO SKO

Fjarðargötu 13-15 • Sími 555-4420



Kjóllinn þessi kostar 22.000 kr. en er með 10% afslætti á löngum laugardegi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Þessi kjóll er á 24.000 kr. en er með 10% afslætti á löngum laugardegi.



Íris segir húsnæðið hafa heillað þær Kolbrúnu þar sem það minnti á fallegu verslanirnar í hliðargötum Kaupmannahafnar. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

# Konur gegn körlum

***Þótt það fari kannski ekki mikið fyrir versluninni KVK á Laugavegi 27, hefur hún upp á margt á bjóða og er til marks um framsókn íslenskra hönnuða.***

Fötin í KVK eru mestmegnis eftir þær Írisi Eggertsdóttur og Kolbrúnu Ýr Gunnarsdóttur, en þær hafa einnig haft notaða, japanska kímonóa til sölu. „Við hönnum allt frá nærfötum upp í hárskraut,“ útskýrir Íris, en þær eru með vinnuastöðu í kjallara verslunarinnar þar sem þær sauma föt eftir eigin hönnun.

„Hérna fást kjólar, pils, bolir, jakkar, buxur og veski í öllum stærðum og gerðum,“ segir hún, en eins og nafnið á versluninni gefur til kynna er eingöngu kvenfatnaður á boðstólum í KVK. „Okkar einkunnarorð er að skapa eitthvað fallegt en jafnframt þægilegt, eitthvað sem fólki finnst gott að vera áfram í eftir vinnu eða ball. Með því á ég þó ekki við hlaupagalla,“ bætir hún við og hlær.

Við fyrstu sýn virðist sem hönnuðirnir sæki innblástur til sjötta og sjöunda áratugar síðustu aldar, en Íris segja ástæðuna ef til vill felast í efnisvali. „Við reynum að hafa hverja flíka einstaka. Til allrar hamingju er svo til allt í tísku sem veitir okkur töluvert hönnunarfrelsi og gerir flóruna skemmtilega.“

Íris og Kolbrún eru engir nýgræðingar hvað hönnun viðvíkur. Föt eftir þær voru fáanleg í íslenskum verslunum um langt skeið, áður en þær höfu eigin rekstur. Þær ráku um tíma verslunina Pjúra í samvinnu við aðra, áður en þær opnuðu KVK á Laugarveginum, en nýju versluninni hefur verið svo vel tekið að Íris segir allt eins líklegt að þær hefji sölu á herrafatnaði. „Ætli við köllum búðina ekki bara „Karlar versus konur“,“ segir hún og hlær. „Það kemur bara í ljós“, bætir hún við í lokin.



Kímono kostar 22.000 kr. en fæst með 15% afslætti á löngum laugardegi.



Þessi skemmtilegi blái jakki er úr jogging-efni. Hann kostar 21.000 kr. en með afslætti fæst hann á 18.900 kr. á löngum laugardegi.



Tekist hefur að skapa skemmtilega tímalausa stemningu í búðinni þar sem ýmsum straumum og stefnum ægir saman. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN



Þetta bláa og gyllta veski kostar 6.500 kr. undir venjulegum kringumstæðum, en með 25% afslætti kostar það á löngum laugardegi 4.900 kr.



Svarta og hvíta veskið kostar 6.500 en fæst á 4.900 kr. með afslætti á löngum laugardegi.

Nýtt á Íslandi! NO STRESS pompea




Þægilegur, saumlaus og fallegur fatnaður. S. Gunnbjörnsson ehf.

Comb & Care Flókasprey




Fæst í apótekum og Hagkaupum um land allt

Dr. Fischer

Outlet

Mörkinni 1
neðri hæð

Aðeins 4 verð

500
1.000
1.500
2.000

Leður og rússkin
**50%** afsláttur

ZIKZAK
TÍSKUHÚS
• Mörkinni 1 •

**Þegar gosþörfin lætur á sér kræla** er mun betra að drekka sódavatn en sykraða gosdrykki.




## Heilbrigð sál

BORGHILDUR SVERRISDÓTTIR
EINKAÞJÁLFARI OG B.A. Í SÁLFRÆÐI



# Nokkur grundvallaratriði fyrir meiri vellíðan og hreysti

Okkur gengur misvel að finna beinu brautina, hvort sem það er andlega eða líkamlega. Í dag virðast þó töluvert margir leiða hugann að þessum þáttum og gera sér grein fyrir mikilvægi þeirra. Rétt hugarfar skiptir ekki síður máli en réttar aðferðir, svo það er gott að minna sig á nokkur grundvallaratriði vellíðunar til að halda sig við efnið.

- **ÞAÐ ÞÝÐIR EKKERT** að hugsa um að auka við hreyfingu og bæta matarval til skamms tíma. Þessi líkami okkar er fyrir lífstíð, svo þú hefur val um að gera það besta úr honum. Það getur verið gott að hugsa bara um einn dag í einu, en ekki halda eitt einasta augnablik að einhvern tímann sértu búin(n) að fylla kvótann af hreyfingu og góðu fæðuvali. Allt bendir til þess að þessir tveir þættir séu þeir mikilvægustu til að fyrirbyggja sjúkdóma og lifa löngu og heilbrigðu lífi. Með öðrum orðum: Ef þú kaupir þér kort í líkamsrækt í haust og ferð að hugsa vel um hvað þú borðar, er ekki nóg að hætta eftir þrjár vikur af því þú ert búin(n) að vera svo dugleg(ur) þessar þrjár vikur. Líttu heldur á það sem frábært upphaf. Þú ert sannarlega komin af stað!



- **DREKKTU VATN OG AFTUR VATN.** Talaði ég kannski um þetta í síðasta pistli? Og ég á örugglega eftir að tala um það í næsta pistli líka og næsta og næsta. Vatnið er undirstaða alls lífs og stór hluti af vöðvafrumum og öðrum frumum líkamans. Hafðu því vatnsbrúsann á borðinu hjá þér í vinnunni, í bílnum og heima til að minna sjálfan þig á að drekka vatn og verða aldrei þyrst(ur).
- **ÞETTA MEÐ REGLULEGU HREYFINGUNA** vitum við öll. En mundu að gera eitthvað sem þér finnst skemmtilegt. Það verður að vera gaman, ef það á að endast. Prófaðu jafnvel eitthvað sem þú hefur aldrei prófað áður. Þá hentar líka mörgum að hreyfingin sé fjölbreytt. Þegar ég tala um reglulega hreyfingu þá meina ég minnst klukkustund af kröftugri hreyfingu þrisvar sinnum í viku. Það er flott byrjun sem gott er að auka í sex til sjö stundir á viku til að komast í frábært form. Styrktaræfingar til að auka og viðhalda vöðvum, styrkja bein og halda góðri líkamlegri reisn og einnig krefjandi þolæfingar sem fá þig til að blása úr nös svo ekki sé meira sagt.
- **AÐ LOKUM ER ÞAÐ EKKI SÍST** fólkið í kringum okkur og samskipti okkar við það sem hefur mikil áhrif á líðan okkar frá degi til dags. Við getum reyndar lítið gert í framkomu annarra, en við höfum fulla stjórn á eigin framkomu og berum sjálf ábyrgð á því hvernig við vinnum úr okkar daglega amstri. Þetta þurfum við öll að minna okkur á!

Þegar á heildina er litið er það hreyfing okkar, fæðuval og samskipti okkar við umheiminn sem hafa hvað mest áhrif á líðan okkar. Höldum okkur við efnið og reynum að gera betur í dag en í gær.

Hafðu það sem allra best.

*Kær kveðja, Borghildur*







## heilsa }

### HIV herjar á meltingarveg



STYRKING Á SLÍMHÚÐ GRUNDVÖLLUR ÞESS AÐ LOSNA VIÐ VEIRUNA.

HIV-veiran felur sig í þörmum manna og skiptir sér í meltingarveginum og veldur ónæmiskerfinu einna mestum skaða þar, að því er niðurstöður nýrrar rannsókn Háskólans í Kaliforníu benda til. Satya Dandekar, sem fer fyrir rannsókninni, segir þetta vera í fyrsta sinn sem skýring finnst á því af hverju lyfjablöndur sem HIV-smitað fólk tekur inn virka ekki almennilega. „Hin raunverulega barátta HIV-smitaðra við veiruna fer fram í meltingarveginum strax og smit verður," segir í yfirlýsingu frá Dandekar. Því þurfi að leggja áherslu á að styrkja slímhúð í meltingarvegi, þar sem veiran drepi flestar ónæmisfrumur. Það sé lykilatriði í því að losna við veiruna. *(www.doktor.is)*

### Jarðaber..



innhalda meira magn af C-vítamíni en sítrusávextir. Rannsóknir hafa sýnt að C-vítamín getur dregið verulega úr hættu á krabbameini, auk þess sem það hjálpar líkamanum að vinna járn úr fæðunni.

# Munnkrabbi skiptist í tvennt

***Samkvæmt nýrri breskri rannsókn þróast krabbamein í munni á tvo mismunandi vegu.***

Í rannsókn sem framkvæmd var við Beatons krabbameinsstofnunina í Glasgow kom í ljós að krabbamein í munni skiptist í tvennt. Áður var haldið að aðeins væri til ein gerð.

Samkvæmt heimasíðu BBC var upphaflegt markmið rannsóknarinnar að finna leiðir til að greina krabbamein fyrr en áður. Skoðaðir voru 19 einstaklingar með frumstig krabbameins í munni, 16 einstaklingar með krabbamein í munni og fjórir einstaklingar með heilbrigða munna.



Ólíkt því sem áður var talið virðist krabbamein í munni þróast á tvo ólíka vegu.

Paul Harrison prófessor stýrði rannsókninni og sagði niðurstöður benda til þess að tvö ólík genamynstur væri að finna í sárum og æxlum sem tengjast munnkrabbameini. Í öðru tilfellinu er til staðar skemmd í geni sem alla jafna á að koma í veg fyrir að sýktar frumur skipti sér og dreifist. Þessa tegund kölluðu vísindamennirnir „ódauðlega“ þar sem óheftar frumuskiptingar geta leitt til þess að aftur verði vart við meinið eftir meðferð.

Hin tegundin var kölluð „dauðleg“ þar sem skemmdar frumur skiptu sér ekki og því líklegra að meðferð hefði varanleg áhrif. Sömu genamynstur var að finna í sárum sem fylgja frumstigi krabbameins í munni.

Vonir standa til að rannsóknin geti hjálpað til við greiningu og meðferð munnkrabbameins en tilfellum í Bretlandi hefur fjölgað um fjórðung á síðustu tíu árum.

*- elí*



Körlum sem hafa offitu sem fyrsta örorkumat fjölgar hlutfallslega hraðar en öryrkjum almennt.

# Fleiri öryrkjar vegna offitu

***Ástandið verra hjá karlmönnum.***

Í niðurstöðum rannsóknar sem kynnt er á vefsíðu Lýðheilsustöðvar kemur fram að á tólf ára tímabili fjölgar öryrkjum vegna offitu hlutfallslega meira en öryrkjum almennt.

Á milli 1992 og 2004 fjölgaði öryrkjum sem höfðu offitu sem fyrstu sjúkdómsgreiningu í örorkumati úr 37 í 111. Aukningin var 183% hjá konum og 263% hjá körlum. Þessi aukning var marktækt meiri en aukning örorku almennt á þessu tímabili.

Aldurstengd fjölgun öryrkja sem höfðu offitu á meðal greininga í örorkumati var einnig umfram fjölgun öryrkja almennt. Körlum sem höfðu offitu á meðal greininga í örorkumati fjölgaði meira en karlkyns öryrkjum almennt, en á meðal kvenna var þessi aukning minni en hjá öðrum öryrkjum. Örorka tengd offitu var hjá konum marktækt algengari á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu.

Í niðurstöðum segir að marktæk aukning hafi orðið á örorku í tengslum við offitu á Íslandi. Hugsanlegt sé að aukin umræða um offituvandann á rannsóknartímabilinu hafi haft einhver áhrif á greiningarvenjur lækna og þar með á tíðni offitugreininga í örorkuvottorðum og örorkumati. Allar líkur séu þó á að fjöldi þeirra sem hafa mikla eða sjúklega offitu hér á landi fari vaxandi og þar með að offita sé vaxandi lýðfræðilegt vandamál sem bregðast þurfi við á viðeigandi hátt.

*- elí*



**Bananar...**
eru sérstaklega góðir fyrir þá sem þjást af of háum blóðþrýstingi, því þeir innihalda mikið kalíum sem er blóðþrýstingslækkandi efni. Þeir geta þó ekki komið í staðinn fyrir blóðþrýstingslækkandi lyf.



bailine NÝTT á Íslandi
Bailine vaxtarmótunarmeðferð
Sumartilboð
Við kaup á 10 tíma korti færðu 2 ókeypis.
Viltu grenna þig og minnka ummálið, nú hefur þú tækifærið.
Hringdu núna í síma 568 0510 og kynntu þér málið.
Þú hefur engu að tapa nema sentimetrum.
Fyrir konur 18 ára og eldri.
Vegmúli 2 108 Reykjavík sími 568 0510 www.bailine.is

Samkv. dagbókarkönnun Gallup apríl 2006.
ALDREI STÆRRI OG VINSÆLLI!
Langöflugasti miðill unga fólksins er enn að vaxa.
FM957
Auglýsingasími: 550 5000

Allir þurfa að sofa vel, þú líka .............

STILLANLEG RÚM




**Veldu þér eitt með öllu**
WALLHUGGER dregst að veggnum eins og nafnið bendir til. Þannig helst þú alltaf við hlið náttborðsins. Mest seldi ameríski botninn í heiminum.

SWISSFLEX
50 ára reynsla



**Loftrúm án rafmagns**
Eitt virtasta framleiðslufyrirtæki Evrópu. Stillanlegu loftrúmin hjá SWISSFLEX eru í sérflokki.

BIFLEX



**Einn góður á frábæru verði.**
Mest selda stillanlega rúmið. Frábær reynsla á Íslandi frá árinu 2000. Ef þig vantar gott og sterkt stillanlegt rúm þá er BIFLEX lausnin.




**IQ-CARE heilsudýnan er ein besta heilsudýna í heimi**
Sérstök efnisuppbygging IQ-CARE heilsudýnunnar gefur henni eiginleika sem eru engu líkir.
- Þrýstijöfnun er lykilorðið. IQ-CARE aðlagast fullkomlega að líkamanum og tryggir gott blóðflæði sem gerir það að verkum að þú byltir þér minna og nærð dýpri og betri svefni.
- IQ-CARE er svæðisskipt og gefur því réttan stuðning fyrir mjóbak og axlir.
- IQ-CARE er með opnari efniseiginleika en flestar vörur úr skyldum efnum sem gerir það að verkum að hún andar mun betur.
- IQ-CARE aðlagast hraðar að líkamanum en flest rúm úr skyldum efnum.
- IQ-CARE er ein sterkasta efnablanda sem hefur verið þróuð og endist því lengur en flestar vörur úr skyldum efnum.
- IQ-CARE þrýstijöfnunarefnið er mikið notað og viðurkennt af sjúkrahúsum og heilsustofnunum.

**Úrval af þýskum hágæðasængum frá BETTY** *www.betty.de*



- NASA Outlast með 100% hvítum Siberíu gæsadúni *www.outlast.com*
- Thalascá dúnsængur og koddar fyrir asmasjúklinga.
- Thinsulate sængur. *www.thinsulate.com*
- Thinsulate sængur með Comfortemp efni.
- Camel sængur Betty Hyspring tækni
- Silkisængur
- Cashmere sængur Betty Hyspring tækni
- Sensofill heilsukoddar

**Veldu það besta**




WILLIS & GAMBIER
HÁGÆÐA HÚSGÖGN
www.wguk.com

Við aðstoðum þig við að velja það sem þér hentar










Svefn & heilsa ★★★★★
www.svefn.is
Verið velkomin

★ GÆÐI ★ GÓÐ VERÐ ★ ÞJÓNUSTA ★ ÚRVAL ★ ÞEKKING

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 • Opið á laugardögum frá 11-16:00 frá og með 12. ágúst

**Einn kosturinn** við það að farið er að dimma aftur er að nú er hægt að kveikja á kertum á kvöldin og hafa það huggulegt.










## Í GARÐINUM HEIMA

HAFSTEINN HAFLIÐASON SKRIFAR UM ALLAN GRÓÐUR HEIMILANNA

# Haustgróðursetningar - alltaf betri

Ég skammast mín fyrir aðför stjórnvalda að óbyggðum Íslands. Ég skammast mín fyrir að hafa sofnað á verðinum. Ég skammast mín fyrir að láta misvitra embættis- og stjórnmálamenn telja mér trú um að stóriðja sé leiðin til hamingjunnar.

Stjórnvöld, Landsvirkjun og Alcoa hafa vanrækt upplýsingaskyldu sína gagnvart almenningi hvað varðar umhvefisskemmdir og áhættu sem fylgir Kárahnjúkavirkjun og álveri í Reyðarfirði og má nefna örfá atriði:

- Stórfellt fok (leir og sandur) úr Hálslóni yfir gróðurlendi og byggðarlög.
- Alvarlegar loftslagsbreytingar sem fylgja stóru jökulvatni.
- Neikvæð áhrif á íslenskt hagkerfi; verðbólga eykst, rekstrarumhverfi fyrirtækja í sjávarútvegi versnar og starfsfólk missir atvinnu, og hugbúnaðar- og hátæknifyrirtæki flýja land.
- Lækkun á hitastigi Lagarfljóts með ófyrirséðum afleiðingum fyrir lífríkið í vatninu, Hallormsstaðarskóg og umhverfi Fljótsdals.
- Loftmengun; álverið á Reyðarfirði mun losa jafn mikinn koltvísýring ($CO_2$) út í andrúmsloftið og allur bílafloti Íslendinga. Það er umhugsunarefni að rekstur fiskimjölsverksmiðju hefur ekki verið leyfður þar að sumarlagi vegna mengunarhættu.
- Skýrsla Gríms Björnssonar jarðeðlisfræðings; þar kemur fram m.a. að „Hálslón ætti að flokkast sem náttúruvá sem getur leitt af sér hamfarahlaup. Kárahnjúkavirkjun er mikil áhættuframkvæmd og í versta falli lífshættuleg þeim sem næst Jöklu búa“.

Ég skil ekki að Kárahnjúkavirkjun hafi verið samþykkt á Alþingi. Einkum þegar fyrir liggur að fjárhagslegur hagnaður af virkjuninni verður enginn og gríðarleg umhverfisspjöll hljótast af.

Hvernig munu Íslandssöguritarar næstu aldar fjalla um mestu umhverfisspjöll í einni aðgerð af mannavöldum í Evrópu? Munu þeir álykta að íslenska þjóðin hafi verið svo værukær af velsæld að hún þekkti ekki sinn vitjunartíma? Að stjórnmálamenn hafi beitt blekkingum og hræðsluáróðri og leynt upplýsingum? Að alþingismenn hafi ekki kynnt sér mat vísindamanna á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar áður en gengið var til atkvæðagreiðslu á Alþingi? Að hagsmunir verktaka, verkfræðinga, embættismanna, fyrirgreiðslupólitíkusa og erlendra stórfyrirtækja hafi ráðið meiru en hagsmunir lands og þjóðar? Að hégómagirnd stjórmálamanna og þrá eftir að reisa sér minnisvarða hafi ráðið för? Hafi svo verið þá eru engir Íslendingar, þrátt fyrir leit aftur til landnámsaldar, jafn ólánssamir með valið og fyrrverandi umhverfis- og iðnaðarráðherrar og má bæta fyrrverandi forsætisráðherra og stjórnendum Landsvirkjunar í þann hóp.

Íslensk stjórnvöld hafa ekki staðið vörð um grundvallarstoðir mannlegs samfélags s.s. virðingu fyrir tjáningarfrelsi og tilfinningum fólks, virðingu fyrir landinu og virðingu fyrir lífinu í öllum þess myndum. Þessi grundvallargildi hafa lotið í lægra haldi fyrir embættismannahroka og gróðahyggju. Á langri afrekaskrá má finna öryrkjadóminn, lögin um lífeyrisréttindi alþingismanna, handtökur friðsamra mótmælenda Falun-Gong, opinberan stuðning við stríðsrekstur Bandaríkjamanna í Írak, lítilsvirðingu við aldraða og öryrkja, og síðast en ekki síst lítilsvirðingu við land og þjóð sem kristallast í stóriðjustefnu stjórnvalda og hrokafullri framkomu lögreglu gegn umhverfissinnum og ferðamönnum á Kárahnjúkasvæðinu.

Stjórnarflokkarnir bera ábyrgð á stóriðjustefnunni og afleiðingum hennar. Stjórnmálamenn hafa talið íbúum heilu byggðarlaganna trú um að virkjanir og stóriðja sé eina leiðin til að tryggja áframhaldandi velmegun og ekkert komi í staðinn.

Stjórnmálamenn og flokkar sem enn eru í hlekkjum stóriðjuhugarfarsins þurfa að breyta áherslum fyrir næstu kosningar. Einstaka pólitíkus hefur nú þegar hrokkið í gang og álítur hag sínum betur borgið með því að afneita glæpnum. Fyrrverandi iðnaðarráðherra hóf undanhaldið með yfirlýsingu þess efnis að hann væri að framfylgja vilja Alþingis og landsbyggðarfólks. Núverandi iðnaðarráðherra er genginn til liðs við flóttaliðið og heldur því fram að stóriðja hafi ekki verið á stefnuskrá ríkisstjórnarinnar undanfarin ár.

Hörðustu virkjunarsinnar viðurkenna að Kárahnjúkavirkjun hafi umtalsverð umhverfisáhrif og fórnarkostnaður sé hár. Æ fleiri bætast í hóp þeirra sem álíta fórnarkostnaðinn óásættanlegan. Náttúrugersemar, ósnortin náttúra sem engan veginn er hægt að meta til fjár, samábyrgð okkar á lífríki jarðarinnar og orðspor okkar sem þjóðar er ógnað, verði Hálslón að veruleika.

Íslendingar, það er ekki of seint að hætta við Hálslón. Við látum ekki hrædda stjórnmálamenn telja okkur trú um slíkt. Það er mögulegt að fresta Hálslóni fram yfir næstu alþingiskosningar. Þingmenn og ráðherrar, ég hvet ykkur til að kynna ykkur betur áhættu og umhverfisáhrif framkvæmdanna við Kárahnjúka á grunni vísindalegra staðreynda. Ég hvet ykkur til að hlusta á rödd þjóðarinnar, virða lögmál lýðræðisins þar sem virðing fyrir landi og þjóð ræður för. Ég hvet ykkur til að íhuga hvort stóriðja færi börnunum okkar hamingju. Ég hvet ykkur til að láta af fylgispekt við erlend gróðafyrirtæki og ganga til liðs við þann stóra hóp Íslendinga sem vill vernda einstaka náttúru Íslands. Saga Íslands og framtíð er í ykkar höndum.

# *Klaufalegt hálfkák er örlagaríkt*

**RAGNAR HALLDÓRSSON**
SKRIFAR UM FRAMSÓKNARFLOKKINN

Hæfileikinn til endurnýjunar er einn stórkostlegasti eiginleiki mannsins. Að henda því versta úr fortíðinni, byggja á því skásta og bæta splunkunýju við svo útkoman er alveg ófyrirséð. Þegar best tekst til getur hópur hugsandi fólks í fyrirtækjum, stofnunum og jafnvel í stjórnmálaflokkum lagt saman þessa endurnýjunarhæfileika sína svo úr verður algjörlega ný og óvænt heild.

Nú þegar Framsóknarflokkurinn gerir tilraun til gagngerrar endursköpunar á sjálfum sér er mikilvægt fyrir flokksmenn að hafa í huga að hálfvelgja og málamiðlanir skemma yfirleitt andann í góðum boðskap. Þessa sjálfsendurnýjun þarf flokkurinn því að gera með gleði og djörfung.

Framsókn síðustu aldar var afar afturhaldssamur stjórnmálaflokkur sem nærðist á sérkennilega blygðunarlausri þjónkun við sérhagsmuni örfárra á kostnað allra hinna: Samsölur, kaupfélög og bændur ásamt SÍS annars vegar og öll þjóðin hins vegar. Framsókn síðustu aldar lagði á ráðin um gríðarlega peningaflutninga úr skattsjóðum hins almenna borgara til velunnara sinna á bakvið luktar dyr. Enda líktust embættismenn, alþingismenn og ráðherrar Framsóknar þess tíma fremur launuðum starfsmönnum Bændasamtakanna og SÍS heldur en þjóðarinnar. Þegar SÍS dó bætti landbúnaðarráðuneytið upp máttarstólpamissinn og er ennþá úthlutunarstöð á skattfé almennings til sérhagsmunahópa.

**Kjósendur eru klókir**

Allt hugsandi fólk á Íslandi veit að enn í dag hefur það sem fram fer innan veggja ráðuneytisins ekki þjóðarhag að leiðarljósi fyrst og fremst heldur eitthvað allt annað. Það veit að „lobbíistarnir“ banka ekki á dyr ráðuneytisins til að þrýsta á sérhagsmuni sína heldur starfar ráðherrann sjálfur fyrir þá og bara í þykjustunni fyrir þjóðina. Til að lifa af þarf Framsókn að breyta þessu. Því kjósendur þéttbýlisins eru klókir og engir kjánar. Þeir sjá í gegnum blekkingar eins og komið hefur fram í fylgishruni Framsóknarflokksins.

Það besta sem Framsóknarflokkurinn gæti gert til að fá inngöngu inn í framtíðina á rauðum dregli er því að verða sjálfur höfundur að róttækri uppstokkun og endurnýjun á þessu eldgamla og gatslitna peningasóunarkerfi með skattfé íslenskra borgara. Fyrir flokkinn væri slíkt mikið gæfu- og snilldarspor og í raun eina leiðin til að öðlast aftur traust kjósenda.

*Höfundur er kvikmyndagerðarmaður.*




Á diggy.is sérðu þá sem spreyttu sig á því að koma vörumerki diggy.is á framfæri, hvað þeim datt í hug og hvernig heppnaðist. Með því að kjósa atriðið sem þér finnst best, fyndnast, furðulegast eða flottast átt þú möguleika á að vinna Dell Inspiron 1300 fartölvu.

Kjóstu á diggy.is



BÓNUS
Tilboðin sem þú
Örtrefjaklúturinn
ÖRTREFJAKLÚTUR 89 KR.
Sjáðu verðið!
5 svampklútar
5 SVAMPKLÚTAR 129 KR.
Tortellini KÍLÓPAKKNING: Kjöt/ostur
TORTELLINI 399 KR. kg
Spagettí KÍLÓPAKKNING
SPAGETTÍ 69 KR. kílóið
Heilir eða hakkaðir tómatar: 400g
400g DÓS 39 KR.
400g dós
BAKAÐAR BAUNIR 420g
420g DÓS 39 KR.
420g dós
FERSKT BLANDAÐ HAKK 698 KR. kg
Ferskt blandað hakk, kílóverð 698kr.
Fatalímrúlla
FATALÍMRÚLLA 69 KR. STYKKIÐ
4 Gillette Mach3: 599KR.
4 rakblöð 599 KR.
Bolognese * Karrýkjúklingur *Chili con carne * Skinkupasta
400g skyndiréttur 198 KR.
Komið aftur!
Frábærir skyndiréttir úr frystinum í 400g pakkningum í örbylgjuna/ofninn
Euroshopperkaffi 500g
KAFFIPAKKI 179 KR. 500g
EUROSHOPPER dömubindi- pakkinn: 98KR.
DÖMUBINDI 98 KR. PAKKINN
Bónus hamborgarar 80g - 115g og 200g
30% afsláttur við kassann FROSNIR OG FÍNIR
HAMBORGARARNIR
5 x 200g 909 KR. MERKT VERÐ 1299KR.
10 x 80g 699 KR. MERKT VERÐ 999KR.
10 x 115g 979 KR. MERKT VERÐ 1399KR.
30% afsláttur við kassann
XL 4 stór brauð!
4 XL brauð 98 KR.
SPIKFEIT OG KRASSANDI RIF 259 KR. kg MERKT VERÐ 399KR.
35% afsláttur við kassann
SPIKFEIT OG BRAGÐGÓÐ LAMBARIF
EUROSHOPPER bleiur- pakkinn: 698KR.
BLEIUR 698 KR. PAKKINN
80 bossaþurrkur: 139KR.
80 BOSSAÞURRKUR 139 KR.
Ljósritunar pappír 500 blöð
500 blöð 299 KR. LJÓSRITUNARPAPPÍR
25 CD DISKAR - SKRIFUM SUMARMYNDIRNAR!
25 diskar 1499 KR. CD ROM
Ljósmyndapappír 20 blöð 180g A4
20 A4 blöð 499 KR. MYNDAPAPPÍR
Nú er tíminn til að prenta út sumarmyndirnar!
180g VATNSHELDUR GLANSPAPPÍR
RÓMANTÍK Í RÖKKRIÐ
Mikið úrval ilmtegunda!
BOLSÍUS 259 KR. ILMKERTI
Bolsíusilmur



varst að bíða eftir!
Villibráðarkryddaðar framhryggjarsneiðar með rifi
EKKERT BRUÐL
FRAMHRYGGJARSNEIÐAR MEÐ RIFI (VILLIKRYDD)
1199 kg KR.
MERKT VERÐ 1998 KR.
KJARNAFÆÐI
AFSLÁTTUR 40% VIÐ KASSANN
-hvað er betra!
40% afsláttur við kassann
FROSNAR SVÍNALUNDIR
1599 KR.
kílóverð
Frosnar írskar svínalundir
1.5 lítri
1.5 LÍTRI TOPPUR
98 KR.
toppur
Lime
20 FRUIT & HERB TEPOKAR Í KASSANUM
LONDON FRUIT & HERB COMPANY
Lemon & Lime Zest
Green Tea & Jasmine Flowers
Green Tea & Orange
20 BRÉF Í PAKKA
199 KR.
Svínasnitsel *kílóverð
1189 kg KR.
MERKT VERÐ 1698 KR.
ÍSLANDS GRÍS
Grísasnitsel
30% afsláttur við kassann
ERAN/Landlist
2 lítrar í fernu
2 LÍTRAR CHIQUITA
299 KR.
Chiquita
Vitality
ACE
Orange, Carrot, Lemon
Nýtt kortatímabil!
KARTÖFLUMÚS 500g
4x 125g pokar
Potatismos, bas
Perunamuusihiutale
EURO SHOPPER
4x125g (500g)
159 KR.
BAUNIR/GULRÆTUR
98 KR.
680g
Gulrætur og
grænar baunir 680g
Grænar baunir 680g
KF FOLALDASTEIK
Frampartur úr frystinum
EKKERT BRUÐL
FOLALDASTEIK/FRAMPARTUR
299 kg KR.
MERKT VERÐ 499 KR.
40% afsláttur við kassann
LAXINN FRÁ NORÐANFISKI
999KR. kg
FROSNIR LAXABITAR
999 kg KR.
BEINLAUS LAX
GÓÐUR Á GRILLIÐ!
Skötuselur
KLÁR Á GRILLIÐ!
ROÐ OG BRJÓSKLAUS SKÖTUSELUR
998 KR.
600g
SKÖTUSELUR roð- og brjósklaus, 600g
Frábær frosin afurð - frábært verð!
Gróf kofareykt
hrossabjúgu
HROSSABJÚGU - KÍLÓVERÐ
299 kg KR.
MERKT VERÐ 399 KR.
6 amerískar pönnukökur (skonsur)
6 Pancakes
6 amerískar pönnukökur
298 KR.
300g
Aðeins að hita!
www.bonus.is
BÓNUS

ANTONIO BANDERAS FÆDDIST Á ÞESSUM DEGI ÁRIÐ 1960

*„Sumum myndum vildi ég helst gleyma en þrátt fyrir það þá kenna þær manni alltaf eitthvað.“*

*Antonio Banderas er spænskur leikari.*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST 10. ÁGÚST 1977

# *Sonur Sáms handtekinn*

Þann 29. júlí árið 1976 var skotið á þær Donnu Lauria og Jody Valenti þar sem þær sátu í bíl í Bronx-hverfinu í New York. Donna lést en morðið vakti ekki mikla athygli enda eitt af tuttugu þúsund morðum sem framin voru í borginni. Í október og nóvember sama ár voru tvær skothríðir í viðbót, enginn lést en eitt fórnarlambanna lamaðist. Í janúar árið eftir var skotið á parið Christine Freund og John Diel þar sem þau sátu í bíl sínum og dó Freund af sárum sínum.



Lögreglunni var nú farið að gruna að skotárásirnar tengdust og töldu þær beinast að ungum stúlkum með sítt dökkt hár eða ungum pörum. Í mars 1977 var hin 21 árs gamla Virginia Voskerichian skotin til bana í Queens-hverfinu í New York með sams konar byssu og notuð hafði verið í fyrstu skotárásinni. Í apríl fjölgaði fórnarlömbunum enn frekar þegar þau Alexander Esau og Valentina Suriani voru skotin til bana í Bronx. Morðinginn skyldi eftir sig bréf stílað á stjórnanda lögreglurannsóknarinnar, Joe Borelli, þar sem hann sagðist vera sonur vampírunnar Sáms.

Sjötta fórnarlamb morðingjans var Stacy Moskowitz sem var myrt í lok júlí er hún sat í bíl með kærasta sínum. Morðinginn, David Berkowitz, hafði lagt bíl sínum fyrir framan brunahana á meðan hann framdi morðið og fengið sekt. Vitni sá hann rífa sektarmiðann og tilkynnti lögreglunni það en hún aðhafðist ekkert fyrr en nokkrum dögum síðar. Þá fór hún að heimili Davids og handtók hann og stuttu síðar játaði hann á sig öll morðin sex ásamt fleiri skotárásum. Hann var dæmdur í 365 ára fangelsisvist.

## MERKISATBURÐIR

**1792** Louis XVI Frakkakonungur er handtekinn ásamt konu sinni á meðan á frönsku byltingunni stóð.

**1821** Missouri verður 24. ríki Bandaríkjanna.

**1944** Bandarískar hersveitir sigra síðustu hersveitir Japana.

**1948** Falin myndavél er sýnd í fyrsta sinn í sjónvarpi.

**1984** Bjarni Friðriksson júdókappi hlýtur bronsverðlaun á Ólympíuleikunum í Los Angeles í Bandaríkjunum.

**2003** Hitamet er slegið í Bretlandi þegar hitinn mælist 38,5 gráður í Kent.

**2003** Yuri Ivanovich Malenchenko verður fyrsti maðurinn til þess að gifta sig í geimnum.

## SVIFFLUGFÉLAGIÐ 70 ÁRA: AFMÆLI Á SANDSKEIÐI

# Kenna flug í sjálfboðavinnu

Svifflugfélag Íslands heldur upp á sjötugsafmælið í dag en það var stofnað 1936 af Agnari Kofoed Hansen sem var þá flugmálaráðunautur Ríkisstjórnarinnar. Sjötugsafmælinu verður fagnað í aðstöðu félagsins á Sandskeiði í dag og á laugardaginn verður flugsýning ef veður leyfir. „Við erum með hundrað félagsmenn, þar af um sextíu eða sjötíu sem fljúga. Það er mjög algengt að ungt fólk sem er með bakteríuna komi til okkar, læri svifflug fjórtán ára og fari svo í flugmanninn,“ segir Kristján Sveinbjörnsson, formaður félagsins.

Svifflugfélagið á nú tvö flugskýli, geymslu fyrir flugur, klúbbhús og í flota félagsins eru tíu flugur. „Við köllum þær svifflugur, íslenskusérfræðingur sem við ráðfærðum okkur við mælti með því nafni,“ bætir Kristján við. Stór hluti starfseminnar er kennsla en hún fer fram í sjálfboðavinnu. Að námskeiði loknu fá nemendur svifflugmannsréttindi hjá Flugmálastjórn. „Annars er starfsemi félagsins vaxandi, við keyptum okkur nýja svifflugu í vor og síðan er áætlað samstarf við Flugmálastjórn, en við gerðum samkomulag við Flugmálastjórn í sumar. Svo ætluðum við í frekari uppbyggingu á flugskýlum en það hefur ekki náð fram að ganga enn,“ segir Kristján.

Svifflugfélag Íslands á sér merkilega sögu. „Þegar menn fóru fyrst að reyna að fljúga á Íslandi var engin þekking á landinu og allt gert af vanefnum. En Agnar Kofoed, íslenskur maður af dönskum ættum, sá að best væri að byggja upp áhugafélög og ódýrst væri að vera með svifflugfélög. Félagið varð mjög öflugt og byrjað var að smíða fyrstu fluguna 1931. Fyrsta svifflugan hrapaði á ísilögðu Rauðavatni, en flugmaðurinn Bergur Gíslason lifði það af og lifir reyndar enn,“ segir Kristján. Árið 1938 komu til landsins Þjóðverjar með nokkrar svifflugur sem Svifflugfélagið hugðist kaupa. „Þegar þeir fóru ætlaði Svifflugfélagið að kaupa vélarnar en þá skall stríðið á svo þær voru aldei borgaðar. En þessar flugur voru grunnurinn að uppbyggingu félagsins,“ segir Kristján.



**KRISTJÁN SVEINBJÖRNSSON** Formaður Svifflugfélagsins segir að félagið sé sífellt að verða öflugra.

En hvað er svona skemmtilegt við svifflugið? „Það er bara svo reglulega gaman að fljúga. Þetta er það sem menn hefur dreymt um í árþúsundir,“ segir Kristján Sveinbjörnsson að lokum.

Afmælisfagnaðurinn verður á Sandskeiði við Bláfjallaveg í dag kl. 20.00. Flughátíðin hefst á laugardag kl. 13.00 en þá munu tæki félagsins vera til sýnis og svifflugur munu fljúga um loftin. Einnig verður sýnt listflug.



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Magnús Gunnlaugsson**

íþróttakennari, Vogatungu 28, Kópavogi

sem lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi að kvöldi fimmtudagsins 3. ágúst verður jarðsunginn frá Digraneskirkju í Kópavogi föstudaginn 11. ágúst kl. 13.00.

**G. Ríkey Einarsdóttir**
**Kristjana Ríkey Magnúsdóttir** — **Sigurgeir Höskuldsson**
**Guðbjörg Magnúsdóttir** — **Pétur Yngvi Yamagata**
**Halla Magnúsdóttir** — **Hlífar S. Rúnarsson**
**Selma Líf, Erna Mist, Kári Steinn, Hildur, Ríkey, Katla og Magnús Máni.**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sæbjörn Jónsson**

Laugarnesvegi 89, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi aðfaranótt mánudagsins 7. ágúst sl. Jarðarförin auglýst síðar.

**Valgerður Valtýsdóttir**
**börn, tengdabörn,**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Björns St. Hólmsteinssonar**

frá Raufarhöfn, Grandavegi 47, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki deilda V4 og V3A á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Grund.

**Jónína Ósk Pétursdóttir**
**Jóhanna Björnsdóttir**
**Pétur Björnsson** — **Margrét Þorvaldsdóttir**
**Hólmsteinn Björnsson** — **Þorgerður Ása Tryggvadóttir**
**Guðrún R. Björnsdóttir**
**Lilja V. Björnsdóttir** — **Jón Ómar Finnsson**
**Birna Björnsdóttir** — **Ríkharður Reynisson**
**og barnabörn.**


LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR Í MIKLU ÚRVALI



Steinsmiðjan MOSAIK
Hamarshöfða 4 • 110 Reykjavík • sími 587 1960 • www.mosaik.is


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**



†

*Elskulegur faðir okkar, bróðir og afi,*

**Valgeir Matthíasson**

Vallarási 4, áður til heimilis í Tunguseli 10, Reykjavík,

sem lést laugardaginn 29. júlí verður jarðsunginn frá Seljakirkju föstudaginn 11. ágúst kl. 15.00.

**Georg Alexander Valgeirsson** — **Tinna Halldórsdóttir**
**Helena Dögg Valgeirsdóttir**
**Ramóna Lísa Valgeirsdóttir**
**Jóhanna Georgsdóttir**
**Elísabet Viðarsdóttir**
**systkini og barnabörn.**



†

*Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður og ömmu,*

**Bjargar Ágústsdóttur**

Espigerði 20, Reykjavík.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk deildar 14G á Landspítalanum við Hringbraut fyrir einstaklega góða umönnun og vinarhug.

**Tryggvi Baldursson** — **Guðrún Edda Pálsdóttir**
**Valgerður Baldursdóttir** — **Lárus H. Blöndal**
**Stefán Baldursson** — **Bára Baldursdóttir**
**Haraldur Baldursson** — **Sigríður Amalía Þórðardóttir**
**Magnús Baldursson** — **Guðný Jóna Einarsdóttir**
**og barnabörn.**

## ÚTFARIR

**14.00** Guðrún Benediktsdóttir verður jarðsungin frá Hvammstangakirkju.

**15.00** Jón Aðalsteinn Jónsson fyrrverandi orðabókarstjóri verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík.

**15.00** Stefán Sigmundsson húsasmíðameistari frá Norðfirði, Kleppsvegi 62, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Áskirkju.

## AFMÆLI



**Siv Friðleifsdóttir** heilbrigðisráðherra er 44 ára.



# 90 ára afmæli

*90 ára er í dag 10. ágúst*

*Unnur Halldórsdóttir*

*frá Kambi, Sóleyjargötu 6, Akranesi. Af því tilefni býður hún ættingjum vinum og samferðafólki að þiggja kaffi í Jónsbúð, Akranesi laugardaginn 12. ágúst kl. 15.00.*



# 40 ára afmæli

*Hulda Guðrún Geirsdóttir söngkona og kennari er fertug í dag. Afmælið er haldið í Classic Rock Ármúla, annað kvöld kl. 20.00. Vinir og vandamenn velkomnir.*

**Sérstakt** sóltilboð á Ford

Nýtt tákn um gæði

Trend+
**Mondeo Trend Plus**
**2,0i 5 dyra, 5 gíra***
Bílasamningur 27.490 kr.
Rekstrarleiga 41.120 kr.
Verð án sóltilboðs 2.350.000 kr.
**Sóltilboð 2.250.000 kr.**

Sóltilboð á sjálfskiptum
Mondeo Trend Plus:
Til viðbótar aðeins
140.000 kr.



# Mondeo Trend Plus sóltilboð 27.490*

Mán.gr. Bílasamningur
Lýsingar og Brimborgar

Sumarið er komið í Brimborg. Nú er rétta tækifærið til að fá sér nýjan bíl fyrir sumarfríið á sérstöku sóltilboði Brimborgar. Skoðaðu góðan Bílasamning* Lýsingar og Brimborgar - aðeins 20 prósent út og lágar mánaðargreiðslur. Skoðaðu Mondeo Trend Plus eða Focus C-Max Trend Plus frá Ford. Vertu í hópi þeirra bestu. Komdu í Brimborg.

**Við staðgreiðum gamla bílinn þinn**

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl á góðu sóltilboði Brimborgar. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford á sóltilboði.

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.ford.is

## Focus C-Max - eins og að vera á fyrsta farrými

Betra aðgengi, mikið rými og góð þjónusta eru atriði sem Focus C-Max eigendur sækjast eftir. Aðstaðan um borð getur vart verið betri. Allir sitja hátt með góða yfirsýn. Auðvelt að sinna yngri börnunum og færa þau í og úr barnabílstólum. Eldri börn sitja hvert fyrir sig í sérstöku sæti en þrjú sérstök aftursæti eru í Focus C-Max. Kerran fær einnig gott rými í skotti. Focus C-Max stenst ströngustu kröfur þýsku TÜV eftirlitsstofnunarinnar við ofnæmisprófanir.



Trend+
**Focus C-Max Trend Plus**
**2,0i 5 dyra, sjálfskiptur***
Bílasamningur 29.480 kr.
Rekstrarleiga 42.600 kr.
Verð án sóltilboðs 2.590.000 kr.
**Sóltilboð 2.390.000 kr.**

Focus C-Max Trend Plus
sóltilboð
29.480*
(mán.gr. bílasamningur)

**Komdu núna. Sóltilboð Brimborgar gildir meðan birgðir endast.**



## Í bíltúr í Ford GT?

Ofursportbíllinn Ford GT er kominn í sýningarsalinn. Komdu. Skoðaðu einn magnaðasta bíl sem framleiddur hefur verið.

FORD GT

*Smelltu á ford.is og taktu þátt í Happapotti Brimborgar og þú átt möguleika á bíltúr í Ford GT þegar líða fer á sumarið.*

**Nýttu þér sérstakt Trend-plús sóltilboð Brimborgar: Ford Mondeo Trend Plus og Ford Focus C-Max Trend Plus.**

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL




brimborg
**Öruggur staður til að vera á**

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is**

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 60.000 km akstur á tímabilinu. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á myndum eru álfelgur.




*Aðalvinningar dregnir út úr öllum innsendum skeytum. Vinningar verða afhentir í BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið. Þú færð 5.mín til að svara spurningu.

## STUÐ MILLI STRÍÐA Mótmælendur með marbletti

**ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON** MÓTMÆLIR MÓTMÆLUM MÓTMÆLENDA.



Ég er veikur fyrir mótmælum og mótmælendum og finnst að fólk ætti að gera miklu meira af því að taka afstöðu og sýna hana í verki með hrópum, köllum og mátulegum bægslagangi.

Mótmæli eru í eðli sínu töff vegna þess að þau fela í sér andóf og engum mótmælanda ætti því að vera brugðið þó hann mæti mótstöðu þegar hann kemur til leiks, væntanlega tilbúinn til þess að fórna lífi og limum fyrir sannfæringu sína.

Íslendingar eru að vísu vanir friðsamlegum mótmælum enda er blóðhiti okkar við frostmark og sannfæringarkrafturinn oft ekki meiri en svo að veðrið getur haft veruleg áhrif á mótmælaáhugann.

Maður gat því ekki annað en dáðst að fólkinu sem nennti að brölta að Kárahnjúkum til þess að mótmæla virkjunarframkvæmdum þar og tefja þær um leið með því að hlekkja sig við vinnuvélar.

Sjarminn fór hins vegar fljótt af þessu liði þegar skarst í odda með því og lögreglu og mótmælendurnir hlupu grenjandi í fjölmiðla, einhverjir með kúlu á hausnum og marbletti, og klöguðu lögguna fyrir harðræði.

Þeir sem hafa verið með óspektir á almannafæri, fullir í miðbænum til dæmis, vita að lögreglan hefur víðtæka heimild til þess að hafa afskipti af þeim og jafnvel fjarlægja. Þá eru flestir líka með það á tæru að þegar maður sýnir mótþróa við handtöku á lögreglan það til að bregðast við af nokkurri hörku.

Núningur milli yfirvalda og andófsfólks er óhjákvæmilegur í almennilegum mótmælum og þeir sem treysta sér til þess að hlekkja sig við þungavinnuvélar verða einnig að vera undir það búnir að á þeim sé tekið. Annars er betur heima setið en af stað farið. Það er töff að mótmæla en í meira lagi aumingjalegt að væla síðan undan því að lögreglan hafi haft afskipti af manni enda segir það sig sjálft að ef heimurinn væri svo fallegur og góður að mótmælendur gætu fengið að vaða uppi hvar sem er hindrunarlaust þá þyrftum við ekki að mótmæla neinu.

# myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Útsala!

## 15-50%

## afsláttur















VERIÐ VELKOMIN!

Opið virka daga kl. 10-18,
laugardaga kl. 11-16.

Öndvegi

HÚSGAGNAVERSLUN

Síðumúla 20 | sími 568 8799 www.ondvegi.is / ondvegi@ondvegi.is

Grafíska smiðjan ehf. 0706

!

**Kl. 21.30**

*Heitur fimmtudagur í Ketilhúsi í tilefni af Listasumri á Akureyri. Tríó Kára Árnasonar leikur djasstónlist af alkunnu listfengi.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Hádegistónar í Hallgrímskirkju*

Orgelleikarinn Kári Þormar heldur hádegistónleika kl. 12 í Hallgrímskirkju í dag. Á sínum tíma var Kári fyrsti nemandinn sem lauk orgelnámi hér heima með tónleikum á hið glæsilega Klais-orgel í Hallgrímskirkju og endurnýjar hann því kynni sín af því merka hljóðfæri. Hann stundaði síðar framhaldsnám í orgelleik og kirkjutónlist í Düsseldorf í Þýskalandi. Að námi loknu var Kári organisti Kópavogskirkju, Fríkirkjunnar í Reykjavík en frá 2001 hefur hann verið organisti Áskirkju. Hann hefur haldið fjölda tónleika hér heima og erlendis, auk þess sem hann hefur komið fram með Mótettukór Hallgrímskirkju bæði á tónleikum og í sjónvarpi.

Á efnisskrá Kára eru fjögur verk. Fyrst leikur hann sálmforleik eftir Sigfrid Karg-Elert og svo „Variations sur un thème de Clément Janequin" eftir Jehan Alain. Þriðja verkið er Prelúdía og fúga í G-dúr eftir Johann Sebastian Bach og tónleikunum lýkur með „Prélude et Fugue sur le nom d'Alain" eftir Maurice Duruflé en verkið er einmitt samið í minningu Jehan Alain, sem lést langt fyrir aldur fram í síðari heimsstyrjöldinni.

Tónleikarnir eru skipulagðir í samvinnu við Félag íslenskra orgelleikara og eru liður í tónleikaröð Alþjóðlegs orgelsumars í Hallgrímskirkju.



**ORGELLEIKARINN KÁRI ÞORMAR** Endurnýjar kynnin af Klaisorgelinu í Hallgrímskirkju.

### > Ekki missa af...

sumarsýningu **Listasafns ASÍ** sem er að þessu sinni helguð vatslitamyndum. **Eiríkur Smith**, **Daði Guðbjörnsson**, **Kristín Þorkelsdóttir** og **Hafsteinn Austmann** eiga verk á sýningunni auk **Svavars Guðnasonar**. Sýningunni lýkur 13. ágúst.

**Hinsegin dögum** um helgina. Allir sem vettlingi geta valdið munu fagna frelsi og jafnrétti með sínu lagi alla helgina.

listviðburðum í **menningarmiðstöðinni í Skaftfelli** á Seyðisfirði. Bræðurnir **Sigurður og Kristján Guðmundssynir** sýna þar um þessar mundir.

## Tvær tylftir Bjarna

Myndlistarmaðurinn og ljóðskáldið Bjarni Bernharður Bjarnason opnar sýninguna „Talan 12" í verslun 12 Tóna á Skólavörðustíg kl. 16 í dag.

Þetta er fimmta einkasýning Bjarna en þess er getið í fréttatilkynningu að listamaðurinn „færi ævintýri á striga með litum og formum". Verkin á sýningunni eru tólf talsins eins og yfirskrift hennar ber með sér. Bjarni er ef til vill betur þekktur fyrir ljóðabækur sínar en hann hefur einmitt gefið út tólf slíkar, nú síðast bókina Ljósbogann á síðasta ári en hún inniheldur bæði ljóð og örsögur

Sýningin er opin á þjónustutíma verslunarinnar en henni lýkur 10. september. **- khh**



**MYNDLISTARMAÐURINN OG LJÓÐSKÁLDIÐ** Bjarni Bernharður sýnir hjá 12 Tónum.
FRÉTTABLAÐIÐ/SIGURJÓN GUÐJÓNSSON






**FLYTJENDUR Á KAMMERHÁTÍÐ Á KLAUSTRI** Sigrún Eðvaldsdóttir, Víkingur Heiðar Ólafsson, Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir, Eyjólfur Eyjólfsson, Franciso Javier Jáuregui og Stefán Jón Bernharðsson.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

## Fyrsta flokks flytjendur

**Á sumarmánuðum er jafnan mikið um dýrðir í tónlistarlífinu á landsbyggðinni og um helgina er komið að árlegri kammertónlistarhátíð á Kirkjubæjarklaustri.**

Náttúrufegurðin er rómuð í nágrenni Klausturs en ekki verður fegurð tónlistarinnar síðri. Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir, mezzósópransöngkona og listrænn stjórnandi hátíðarinnar, mun ásamt fríðu föruneyti úrvals tónlistarfólks flytja nýjar og gamlar perlur á þrennum tónleikum í félagsheimili Kirkjubæjarklausturs fyrir Skaftfellinga og aðra gesti.

Guðrún Jóhanna útskýrir að þetta sé í fyrsta sinn sem hún taki að sér að skipuleggja viðlíka tónleikadagskrá, en hún hefur tekið mikinn þátt í flutningi kammertónlistar frá því að hún byrjaði að syngja. „Ég hef reyndar ekki verið í mikilli menningarskipulagningu síðan ég var í stjórn Leikfélags MH," segir hún kímin, „en ég hafði það að leiðarljósi að vera með sem besta tónlist með góðum tónlistarmönnum. Fyrst ákvað ég með hverjum ég vildi vinna og síðan ákvað tónlistarfólkið efnisskrána í sameiningu. Við tókum okkur góðan tíma í það og þetta verða mjög fjölbreyttir tónleikar, tónlist allt frá 16. öld til ársins 2006."

Flytjendur á hátíðinni eru einvalalið því auk Guðrúnar Jóhönnu, sem hefur verið að gera það gott á tónleikahúsunum á Spáni, koma Eyjólfur Eyjólfsson tenórsöngvari, Víkingur Heiðar Ólafsson píanóleikari, Stefán Jón Bernharðsson hornleikari og Franciso Javier Jáuregui gítarleikari fram á tónleikunum að ógleymdri Sigrúnu Eðvaldsdóttur fiðluleikara. „Við munum öll sex koma fram á tónleikunum þremur og á tónleikunum verður blandað saman nýrri og eldri verkum," útskýrir Guðrún Jóhanna.

Efnisskráin spannar allt frá þekktum klassískum sönglögum til íslenskrar og erlendrar nútímatónlistar. „Við flytjum til dæmis ljóðaflokk eftir Edvard Grieg sem þykir einn af bestu ljóðaflokkunum sem samdir hafa verið fyrir kvenrödd og píanó, horntríó eftir ungverska tónskáldið Ligeti sem þykir með bestu kammerverkum síðustu þrjátíu ára og við munum líka flytja spænsk lög eftir Tarragó sem ég efast um að hafi verið flutt hér á landi. Síðan verða svona slagarar líka, til dæmis mjög falleg lög eftir Schubert og Ravel."

Guðrún Jóhanna segir að hátíðin sé einkar skemmtilegt tækifæri fyrir tónlistarfólkið því flest séu þau búsett erlendis og því gefist þeim ekki mörg tækifæri til þess að leika saman hérlendis.

Fyrstu tónleikarnir fara fram annað kvöld kl. 21 en síðari tónleikarnir eru á laugardaginn kl. 17 og á sunnudaginn kl. 15. Nánari upplýsingar um hátíðina má finna á heimasíðunni www.klaustur.is.

## Hinsegin bókmenntaganga

Borgarbókasafnið stendur fyrir „Hinsegin" bókmenntagöngu í kvöld þar sem Úlfhildur Dagsdóttir og Felix Bergsson, leikari og leikskáld, munu lóðsa áhugasama um söguslóðir miðbæjarins

„Þetta er í fyrsta sinn sem Borgarbókasafnið stendur fyrir Hinsegin bókmenntagöngu og alveg tími kominn til," segir Úlfhildur og bendir á að gangan sé hluti af dagskrá menningarstofnana Reykjavíkurborgar undir yfirskriftinni „Kvöldgöngur í Kvosinni". „Við höldum okkur því á miðbæjarsvæðinu og förum ekki langt út fyrir Kvosina, við röltum til dæmis upp að Lindargötu 49 þar sem hús Samtakanna '78 stóð lengi en ekki mikið lengra en það."

Komið verður við á Borginni og í nýtt hús samtakanna á Laugavegi en líkt og Úlfhildur útskýrir er ekki mikið af augljósum stoppistöðum sem getið er um í hinsegin bókmenntum. „Við völdum því bara hina og þessa áhugaverða staði sem okkur fannst viðeigandi," segir Úlfhildur enda eru margir sögufrægir staðir á svæðinu sem fróðlegt er að kynna sér.

Gangan tekur um eina og hálfa klukkustund hefst kl. 20 og verður lagt upp frá Grófarhúsinu í Tryggvagötu. Aðgangur er ókeypis og öllum heimill.



**ÚLFHILDUR DAGSDÓTTIR** Á hinsegin rölti um söguslóðir miðbæjarins í kvöld.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Íslenskt bíó á Menningarnótt

Gestum á menningarnótt verður boðið upp í bíó því líkt og í fyrra stendur Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík fyrir útibíói við Lækjartorg en þar verða sýndar þrjár stuttmyndir frá kl. 22 til miðnættis.

Myndirnar er Töframaðurinn eftir Reyni Lyngdal sem fjallar um draumaveröld barna, Slavek the Shit eftir Grím Hákonarson þar sem segir af ævintýrum tékknesks klósettvarðar og Goodbye, Cruel World eftir Vito Rocco en myndin sú fjallar um ungan dreng sem þarf að takast á við dauða besta vinar síns. Þess má ennfremur geta að Rocco er hálf-íslenskur og starfandi kvikmyndagerðamaður í London en mynd hans hefur verið tilnefnd til fjölda verðlauna á kvikmyndahátíðum, bæði þar í borg sem og í Kóreu og Þýskalandi.

Myndirnar verða sýndar þrisvar sinnum yfir kvöldið en þetta er einstakt tækifæri fyrir kvikmyndaáhugafólk að sjá íslenskar stuttmyndir á heimsmælikvarða því engin þessara mynda hefur verið sýnd í íslensku sjónvarpi né í almennum bíósýningum. **- khh**



**SLAVEK THE SHIT** Það er ekki tekið út með sældinni að vera klósettvörður.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**ÁGÚST**

7 8 9 **10** 11 12 13

**Fimmtudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 17.00 Hljómsveitirnar **Benny Crespo's Gang**, **Wulfgang** og **Atómstöðin** koma fram í tónleikaröð **Reykjavík Grapevine** og **Smekkleysu** ásamt trúbdornum **Helga Val**. Fyrri tónleikarnir fara fam í **Gallerí Humri eða frægð** kl. 17 og hinir síðari á **Café Amsterdam** kl. 21.00

☐ 21.30 Heitur fimmtudagur í **Ketilhúsi** í tilefni af Listasumri á Akureyri. **Tríó Kára Árnasonar** leikur.

### LEIKLIST

☐ 20.00 Leikfélagið **Sýnir** sýnir **Máfinn** eftir **Tsjekhov** í Elliðaárdalnum. Leikstjóri er **Guðjón Þorsteinn Pálmarsson**.

☐ 20.00 **Edda Björgvinsdóttir** sýnir leikritið **Alveg brilljant skilnaður** í félagsheimilinu **Árhúsum** á Hellu.

### UPPÁKOMUR

☐ 20.00 Alþjóðlegt listakvöld verður haldið á **Kaffi Hljómalind** á Laugavegi með yfirskriftinni **Protect your Paradise.** Sköpunarkraftur tónlistar, dans og gjörningalistar til höfuðs náttúrspjöllum og umhverfisógnum á Íslandi.

### SÝNINGAR

☐ 13.00 Sumarsýningu Listasafns ASÍ á vatnslitamyndum **Hafsteins Austmanns, Daða Guðbjörnssonar, Kristínar Þorkelsdóttur** og **Eiríks Smith** lýkur á sunnudaginn.













# RISAÚ

BÍLHÁTALARAR BÍLMAGNARAR BÍLTÆKI

SJÓNVARPSTÆKI
MYNDAVÉLAR MAGNARAR
FERÐATÆKI GEISLASPILARAR
ÍSSKÁPAR MYNDBANDSTÆKI
ÞVOTTAVÉLAR KAFFIVÉLAR
ELDAVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR
UPPÞVOTTAVÉLAR BRAUÐRISTAR
HRÆRIVÉLAR SAMLOKUGRILL
STRAUJÁRN VÖFFLUJÁRN RYKSUGUR
BLANDARAR ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR
REIKNIVÉLAR HÁFAR
RAKVÉLAR

CASIO · Lenco · NAD · KENWOOD · PHILIPS · SuperTech · UNITED
BEKO · DeLonghi · elna · exido · ide line · Melissa · TecnoWind
Bauknecht · Bompani · GeneralFrost · INDESIT · VESTFROST · Whirlpool

HÁTALARAR HEYRNARTÓL HLJÓMBORÐ ÚTVÖRP

700 VÖRUTEGUNDIR MEIRA EN

MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

# TSALA

## ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

DVD SPILARAR
MP3 SPILARAR
SÍMAR
PLASMA SJÓNVÖRP
LCD SJÓNVÖRP

BROT AF ÞVÍ BESTA

**INDESIT ÞVOTTAVÉLAR á ótrúlegu verði**
**VESTFROST FRYSTIKISTUR á frábæru verði**
**WHIRLPOOL kæliskápar með miklum afslætti**
**HÁRBLÁSARAR frá kr. 695 og SLÉTTUJÁRN frá kr. 995**
**BRAUÐRISTAR, KAFFIVÉLAR, HANDÞEYTARAR og fleira frá kr. 995**
**NAD HLJÓMTÆKI og DALI HÁTALARAR með miklum afslætti**
**PHILIPS HEIMABÍÓSETT með allt að 40% afslætti**
**42" SJÓNVÖRP með allt að 100.000 kr. afslætti**

TAKMARKAÐ MAGN
Fyrstur kemur – fyrstur fær!

Heimilistæki
www.ht.is

SÆTÚNI 8 REYKJAVÍK • SÍMI 569-1500 | UMBOÐSMENN
EYRARVEGI 21 SELFOSSI • SÍMI 480-3700 | UM LAND ALLT



*Brenda: How do you go from this tranquility to that violence?*
*Crockett: I usually take the Ferrari.*

Don Johnson var með allt á hreinu þegar hann lék sólstrandargæjann og leynilögreglumanninn Sonny Crockett í Miami Vice en þessi prúðbúni harðjaxl gat sýnt á sér mjúkar og harðar hliðar á víxl án þess að blikka auga.

**bíó**

bio@frettabladid.is

KVIKMYNDANJÖRÐURINN: KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR ÞINGMAÐUR

# *Veik fyrir Hollywood - endinum*

**Eftirlætiskvikmynd:** „Gone With the Wind, ekki spurning, auðvitað eru margar tilkallaðar en ef ég verð að nefna eina þá er það hún. Horfði fyrst á hana tólf ára og hef séð hana ansi oft síðan."

**Eftirlætisatriði:** „Hollywood-endir á kvikmyndum er eitthvað fyrir mig og eitt eftirminnilegasta atriðið er úr kvikmyndinni Big Jake með John Wayne í aðalhlutverki. Þar bjargar hann sonarsyni sínum úr höndum hrikalegra mannræningja og þegar þeir hittast í lokin eru það þeirra fyrstu fundir. Wayne meiðist en sá litli hjúkrar afa sínum. Atriði að mínu skapi."



JOHN WAYNE

**Uppáhaldsleikstjóri:** „Ég fylgist voðalega lítið með leikstjórum en myndir Quentin Tarantino eru sérstakar og því nefni ég hann. Leikarar eru mér meira virði."

**Mesta hetja hvíta tjaldsins:** „Ég hef alltaf verið rosalega veik fyrir John Wayne en ein af hans bestu myndum er Chisum. Að sjálfsöðu er það vestri af bestu gerð og Wayne er mikil hetja sem bjargar heilum bæ frá því að lenda í klónum á svivirðilegum kapítalista."

**Versti skúrkurinn:** „Onatopp í Goldeneye og að sjálfsögðu Ernst Stavro Blofeld sem birtist í nokkrum James Bond-myndum. Loksins giftir Bond sig og þá kemur Blofeld og skýtur hana."



**Hvaða persóna fer mest í taugarnar á þér?** „Týpur á hvíta tjaldinu fara sjaldan í taugarnar á mér. Ég þoli hins vegar ekki Michael Mancini í Melrose Place enda algjörlega siðlaust kvikindi."

**Ef þú fengir að velja þér mynd, leikstjóra og mótleikara, um hvað yrði hún og hverjir væru hinir heppnu?** „Söguþráðurinn yrði að sjálfsögðu sá að við myndum bjarga heiminum og forða honum frá hrikalegri tekjuskiptingu. Össur Skarphéðinsson yrði leikstjóri og Ingibjörg Sólrún léki aðalhluverkið á móti mér. Auðvitað fjórir tímar á lengd með Hollywood-endi."



**MEL GIBSON** Hans er nú ekki lengur óskað í kosningabaráttu í Kaliforníu.

# Enn syrtir í álinn hjá Gibson

Vandræðin hrannast upp hjá Mel Gibson eftir að hann var handtekinn í Malibu. Ummæli hans um gyðinga hafa valdið miklum titringi í kvikmyndaheiminum og nú er svo komið að stjórnmálamenn treysta sér ekki lengur að notast við nafn leikarans. Tom McClintock, sem sækist eftir kjöri ríkisstjóra í Kaliforníu, hefur lýst því yfir að hann muni ekki lengur að notast við stuðningsbréf sem Gibson skrifaði. Leikarinn hefur lýst því yfir að McClintock berjist fyrir hefbundnum bandarískum gildum en Gibson er mikill andstæðingur núverandi ríkisstjóra, Arnold Schwarzenegger.

Talsmaður stjórnmálamannsins sagði þingmanninn vera í öngum sínum yfir óförum Gibsons. „McClintock sá fréttirnar og ákvað að beina því til stuðningsmanna sinna að nota ekki bréfið," sagði Stan Devereaux af þessu tilefni en bréfið hefur verið sent til fjögurra aðila í von um að þeir myndu styrkja framboðið. Devereaux bætti því við að framboðið hefði ekki haft í hyggju að nota bréfið meira áður en til handtöku Mel Gibson kom.

Gibson bíður þess nú að koma fyrir dómara og er reiknað með að það gerist 28. september. Hann verður væntanlega kærður fyrir ölvunarakstur en sleppur við kæru vegna hraðaksturs.

# Stone veldur deilum

Ættingjar þeirra sem létust í árásunum á Tvíburaturnanna eru æfir yfir því hvernig staðið var að frumsýningu kvikmyndarinnar World Trade Center eftir Oliver Stone en Nicolas Cage leikur þar lögreglumann sem var einn þeirra síðustu sem björguðust úr rústunum. Myndin var nýverið frumsýnd í Bandaríkjunum og hefur fengið misjafna dóma. Tíu prósent af þeim ágóða sem kom inn í miðasöluna fyrstu frumsýningarhelgina rann til góðgerðarmála en þetta finnst ættingjunum vera of lítið.

Monika Iken missti eiginmann sinn þennan örlagaríka dag og er í forsvari fyrir góðgerðarsamtök sem vilja byggja minnisgarð um þá sem létust. Hún lýsti yfir miklum vonbrigðum með að jafn litlu skyldi varið til að halda í heiðri þeirra sem dóu. „Ég vil gjarnan biðla til þeirra sem að myndinni standa að ef hún skilar miklum gróða þá leggi þeir sitt af mörkum til þessa garðs," sagði Iken.

Carie Lampack sagðist enn fremur vera mjög vonsvikin yfir því að hvorki Oliver Stone né dreifingarfyrirtækið Paramount væru tilbúin að sýna stuttmynd þar sem fólk er hvatt til að hafa samband við stjórnvöld og forvitnast hvað hafi verið gert til að koma í veg fyrir að eitthvað þessu líkt gerist aftur. „Það besta sem Oliver Stone eða Hollywood gætu gert væri að koma í veg fyrir að 9/11 gerist aftur," sagði Lampack en dóttir hennar var farþegi í annarri flugvélinni sem flogið var á Tvíburaturnana.

**OLIVER STONE** Er sakaður um að vilja ekki gefa meira en tíu prósent af ágóða fyrstu frumsýningarhelgarinnar til góðgerðarsamtaka.



# Úr imbakassa í kvikmyndir

**Hollywood leitar oft ekki langt yfir skammt þegar kemur að hugmyndum fyrir næstu kvikmynd. Stundum er bara farið beint í imbakassann, náð í gamla sjónvarpsþætti og þeir gæddir nýju lífi á hvíta tjaldinu.**

Nýjasta kvikmynd Michael Mann, Miami Vice, er einmitt byggð á einhverjum vinsælustu sjónvarpsþáttum hins skrautlega níunda áratugar. Þeir Don Johnson og Philip Michael Thomas brunuðu um á glæsikerrum og leystu fíkniefnamálin í Miami af stakri snilld og fágun. Nú eru þeir Jamie Foxx og Colin Farrell komnir í þetta „vandasama" hlutverk og ef marka má orð gagnrýnenda hefur Mann tekist að færa þessa „tímalausu" snilld uppá hvíta tjaldið. Slíkt er þó alls ekki venjan.

## Í undirbúningi

Í framleiðslu eru nú þrjár kvikmyndir sem allar eru byggðar á heimsþekktum sjónvarpsþáttum. Matt Groening, skapari Simpson-fjölskyldunnar, hefur gefið grænt ljós á að gula fjölskyldan birtist aðdáendum sínum í kvikmyndahúsum. Á imdb.com kemur fram að auk hinna fastráðnu leikara sem skemmta íslenskum sjónvarpsáhorfendum vikulega hafa blaðakonan Erin Brockovich, Minnie Driver og Albert Brooks verið ráðin til verksins. Ekki er vitað um hvað myndin fjallar en ljóst er að flestar hinar þekktu persónur sjónvarpsþáttanna koma fyrir í myndinni. Efniviðurinn sem er fyrir hendi hjá Groening er vissulega safaríkur en spurningin hlýtur að vera hvort kvikmyndahúsagestir þoli einn og hálfan tíma af Simpson-fjölskyldunni.

Jack Bauer og samstarfsmenn hans hjá CTU verða væntanlega einnig færðir upp á hvíta tjaldið en 24 hefur um árabil verið einn vinsælasti sjónvarpsþáttur heims. Kiefer Sutherland er sjálfur framleiðandi þáttanna og í viðtölum hefur hann lýst því yfir að Bauer sjálfur sé ekki aðalmálið heldur fyrirkomulag þáttanna en þeir gerast á 24 klukkustundum. Ef marka má fyrstu fréttir af gerð handritsins verður þessu fyrirkomulagi hent út á hafsauga og Bauer hafður miðpunktur alls.

Þriðja og væntanlega sú kvikmynd sem verður hvað erfiðust í vinnslu er án nokkurs vafa Dallas. Þættirnir spönnuðu þrettán ár í lífi Ewing-fjölskyldunnar þar sem atvik á borð við martröð Pamelu og skotárásina á J.R. lifa enn í fersku minni aðdáendanna sem geta brúað bilið með endurútgáfu þáttanna á DVD. Handritshöfundarnir standa því frammi fyrir nokkuð erfiðu hlutskipti enda fáheyrt að sápur séu færðar í kvikmyndabúning. Talið er næsta víst að John Travolta feti í fótspor Larry Hagman en erfiðlega hefur gengið að ráða í önnur hlutverk.

## Meðalmyndirnar standa upp úr

Sjónvarpsþættirnir sem hafa hingað til ratað í kvikmyndahúsin skríða oftar en ekki rétt yfir meðalmennskuna. Verst gekk með The Saint en Roger Moore hafði náð heimsfrægð með túlkun sinni á Simon Templar. Val Kilmer var valinn til að gera hlutverkinu skil í samnefndri kvikmynd en sú náði varla að narta í hæla sjónvarpsþáttarins. Misjafnar skoðanir eru á því hvernig Tom Cruise hafi tekist til með því að færa Mission: Impossible þættina úr sjónvarpskassanum en flestir eru sammála um að fyrsta myndin hafi verið trú upphafi sínu enda var sjálfur Jim Phelps svikarinn í hópnum. Hinar tvær virka sem einhvers konar lofræður á ágæti Tom Cruise. Charlie's Angels-myndirnar tvær með þeim Cameron Diaz, Lucy Liu og Drew Barrymore þóttu ekki heldur merkilegur pappír en annar diskóþáttur, Starsky & Hutch, fékk frekar fyndna útkomu með snillingunum Owen Wilson og Ben Stiller sem gerðu óspart grín að þessum glysgjarna tíma.

Kevin Costner og Brian DePalma tókst hins vegar óvenju vel upp með kvikmyndina The Untouchables enda var efniviðurinn frekar einfaldur og hentaði vel fyrir hvíta tjaldið. Sérsveit lögreglunnar í Chicaco eltist við Al Capone og hafði sigur að lokum. Sama reglan gilti fyrir The Fugitive sem naut mikilla vinsælda á sjöunda áratugnum. Þar var læknirinn Richard Kimble grunaður um morð á eiginkonu sinni, sleppur úr gæsluvarðhaldi og eltist við einhenta manninn en er sjálfur hundeltur af lögreglunni. Leikstjórinn Andrew Davis gerði engin mistök þegar hann fékk þá Harrison Ford og Tommy Lee Jones til að endurlífga persónurnar.

Listi þeirra sjónvarpsþátta sem hafa verið fluttir yfir til draumaverksmiðjunnar er enn lengri en eins og sjá má er það frekar undantekningin en reglan að sjónvarpsstjörnur gangi í endurnýjun lífdaga á hvíta tjaldinu. **- fgg**



**STARSKY & HUTCH** Fengu frekar fyndna útkomu þegar þeir Ben Stiller og Owen Wilson gerðu stólpagrín að dískótímabilinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



**SIMPSON-FJÖLSKYLDAN** Loksins, loksins kemur hina gula fjölskylda frá Springfield í kvikmyndahúsin eftir langa bið aðdáenda sjónvarpsþáttanna.



**VINSÆLIR Á ÍSLANDI** David Jansen þótti stórkostlegur í hlutverki Richard Kimble. Harrison Ford tók síðan við keflinu undir stjórn Andrew Davis með góðum árangri.



**ALLT Í LJÓSBLÁU** Don Johson og Philip Michael Thomas voru feykilega vinsælir á níunda áratugnum í sjónvarpsþáttunum Miami



**VIRKAR 24?** Kiefer Sutherland hefur lýst því yfir að það sé fyrirkomulag þáttanna sem sé stjarna seríunnar en í kvikmyndinni verður því væntanlega hent út í hafsauga.

# Sjónvarpstöffarar í bíó

Erkitöffararnir Sonny Crockett og Ricardo Tubbs skipuðu einn svalasta og eftiminnilegasta löggudúett sjónvarpssögunnar í Miami Vice-þáttunum sem sýndir voru á Íslandi í árdaga Stöðvar 2.

Þættirnir hófu göngu sína í bandarísku sjónvarpi árið 1984. Þá máttu þeir keppa um hylli áhorfenda við ekki ómerkari sápur en Dallas og Falcon Crest. Þrátt fyrir harða samkeppni festu þættirnir sig í sessi og aðdáendur þeirra héldu tryggð við tvíeykið allt þar til yfir lauk árið 1989.



**Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU DAGA** Svona litu Crockett og Tubbs út árið 1984 þegar Don Johnson og Philip Michael Thomas léku kempurnar.

Don Johnson og Philip Michael Thomas léku félagana Crockett og Tubbs sem sigldu undir fölsku flaggi um undirheima Miami og flettu ofan af melludólgum og dópsmyglurum undir dulnefnunum Burnett og Cooper.

Leikstjórinn margrómaði Michael Mann var einn framleiðenda þáttanna og þykir eiga allan heiður af svölu útliti þeirra þó hann hafi ekki leikstýrt einum einasta. Hann hefur nú blásið lífi í þá Crockett og Tubbs með Miami Vice-bíómyndinni sem var frumsýnd á Íslandi í vikunni.

Johnson og Thomas eru þó fjarri góðu gamni enda komnir til ára sinna og hvergi nærri jafn flottir og þeir voru fyrir sautján árum. Óskarsverðlaunahafinn Jamie Foxx og írski ólátabelgurinn Colin Farrell fylla skörð gömlu mannanna undir styrkri stjórn Mann, sem gætir þess vandlega að þeir séu ætíð ofursvalir.



**CROCKETT OG TUBBS** Colin Farrell og Jamie Foxx halda uppi lögum og reglu á Miami í fjarveru Don Johnson og Philip Michael Thomas í nýju Miami Vice-bíómyndinni.

Crockett og Tubbs eru enn við sama heygarðshornið og fá að þessu sinni það verkefni að lauma sér inn í umfangsmikinn eiturlyfjahring með það fyrir augum að stöðva óhóflegt flæði eiturlyfja yfir Miami.

Það er þó ekki heiglum hent að leika glæpamenn allan sólarhringinn vikum og mánuðum saman og báðir þurfa þeir að glíma við siðferðislegar spurningar, hvor á sinn hátt, þegar mörkin milli blekkingar og raunveruleika leysast upp.

Þeir félagarnir þurfa þó blessunarlega ekki að standa einir í þessu stappi og þeir Farrell og Foxx njóta dyggilegrar aðstoðar glæsilegs liðs aukaleikara með Gong Li (Memoirs of a Geisha), Naomie Harris (Pirates of the Caribbean: Dead Man's Chest) og Ciarán Hinds (Júlíus Sesar í Rome) í broddi fylkingar.



**ÁSTRÍKUR OG STEINRÍKUR** Þessar gömlu kempur gerðu Rómaveldi marga skráveifuna í myndasögum Goscinny og Uderzo. Þeir lumbra nú hins vegar á víkingum í nýrri mynd um ævintýri þessa kjarnorkuknúna tvíeykis.

# Ástríkur í Noregi

Félagarnir galvösku Ástríkur og Steinríkur eru mættir til leiks í teiknimyndinni Ástríkur og víkingarnir en þeir hafa ekki látið sjá sig í teiknimynd í fullri lengd í áratug. Þeir hafa þó skotið upp kollinum í bíó í leiknum myndum í tvígang á þessu tímabili við mátulegan fögnuð dyggra aðdáenda sem voru lítt hrifnir af afbökunum á frumtexta Goscinnys. Franska tröllið Gérard Depardieu leikur Steinrík í báðum þessum myndum og er um þessar mundir að leika í þriðju myndinni, sem fjallar um frægðarför Ástríks á Ólympíuleikana.

Dyggir aðdáendur félaganna ættu því að taka þeim fagnandi þegar þeir mæta loks teiknaðir á ný en í nýju myndinni gefa þeir Rómverjum frí og taka rækilega í lurginn á herskáum víkingum.

Víkingarnir taka land við Gaulverjabæ í leit sinni að óttanum sem þeir trúa að gefi mönnum vængi. Þetta reynist í fyrstu vera hin mesta fýluferð enda fer ekki mikið fyrir skræfum í Gaulverjabæ þar sem fólk óttast það eitt að himnarnir falli í höfuðið á því. Víkingarnir komast þó í feitt þegar þeir hafa hendur í hári ungs frænda Aðalríks, æðstráðanda í Gaulverjabæ.

Pilturinn óttast bókstaflega allt og víkingarnir ræna honum því og sigla með hann til Noregs. Það er því ekki um annað að ræða en senda Ástrík og Steinrík á eftir þeim til þess að bjarga strák. Sjóðríkur seiðkarl mallar vænan slatta af töfraseyðinu sínu í nesti handa Ástríki og svo hefst eftirförin og þeir sem þekkja þá félaga vita upp á sína tíu fingur að þá eiga víkingarnir ekki von á góðu.



**ÞAÐ MÆLTI MÍN MÓÐIR** Víkingarnir fá að kynnast því að það er eitt að standa uppi í stafni og stýra dýrum knerri en allt annað að standa uppi í hárinu á Gaulverjum.





> **Prófaðu...**

*...að svala sumarþorstanum með heimalöguðu ístei. Best er að búa til te eins og venjulega, leyfa því að standa og kæla það svo með köldu vatni og ísmolum. Ísteið er síðan sykrað eftir smekk.*

# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

## MATGÆÐINGURINN MARGRÉT BÓASDÓTTIR SÖNGKONA

# Sigin grásleppa fer yfir strikið

**Hvaða matar gætirðu síst verið án?** Ég verð að fá glænýjan fisk með reglulegu millibili, en ég get varla byrjað daginn án þess að borða hafragraut.

**Fyrsta minningin um mat:** Svo langt aftur man ég ekki. En flauelsgrauturinn með krækiberjasaft út á sem amma gerði á aðfangadagskvöld í frumbernsku minni er enn í dýrðarljóma minninganna.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið:** Lambalæri hjúpað bláberjasultu og rósmaríni að hætti eiginmannsins.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?** Ég hef mjög gaman af því að smakka eitthvað óvenjulegt, bæði kæst og hrátt. Sigin grásleppa fer þó yfir strikið.

**Leyndarmál úr eldhússkápnum:** Leyndarmálið kemur ofan af geymslulofti en það er hrátt hangikjöt af veturgömlu, stífreykt í kofa mágs míns í Höfðahverfi í nóvember í fyrra. Hangikjötið er orðið ólýsanlega gott, skorið í þunnar sneiðar með melónu og piparrótarrjóma.

**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?** Hafragraut.

**Hvað átt þú alltaf í ísskápnum?** Smjör, ost og ávaxtasafa, og hrökkbrauð í brauðskápnum.

**Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?** Harðfisk frá Darra á Grenivík, ekki spurning.

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?** Það var torkennileg dökk súpa með einhverjum smábitum í sem ég fékk á átján rétta hlaðborði úti í Kína í vetur. Á eftir var okkur sagt að þetta hefði verið blóðsúpa og innyfli úr svíni. Ég vildi ekki grafast nánar fyrir um hvort það var sannleikanum samkvæmt.





## ÞRÚGUR GLEÐINNAR

> EINAR LOGI VIGNISSON

# Átakavín frá Líbanon

Matar- og vínmenning hefur löngum staðið traustum fótum í Líbanon. Stríðsátök undanfarinna áratuga hafa gert uppbyggingu í landinu erfiða en landsmenn höfðu lyft grettistaki og stóð ferðamannaiðnaðurinn í meiri blóma en nokkru sinni er átökin sem nú standa yfir brutust út. Líbönsk veitingahús er að finna víða um heim og líbönsk vín hafa vakið mikla athygli síðasta aldarfjórðunginn. Þjóðardrykkur Líbana heitir arak og er brenndur drykkur úr þrúguhrati, ekki ósvipað ítölsku grappa eða frönsku eau de vie. Arak þykir fremur hrjúft og er ekki mikið flutt út af því.

Útflutningur á líbönskum léttvínum hefur hins vegar aukist mikið og hér á landi má fá þrjár tegundir í vínbúðum auk fleiri á veitingahúsum. Hið tæplega ársgamla fjölskyldufyrirtæki Víney flytur inn tvö forvitnileg vín frá Domaine Wardy, rauðvínið Wardy Les Terroirs og hvítvínið Wardy Clos Blanc. Þau kosta bæði 1.470 kr. Konungur líbanskra vína, Chateau Musar, fæst svo að sjálfsögðu, en það vín og víngerðarmaðurinn Serge Hochar hafa verið einhverjir bestu sendiherrar líbanskrar menningar og Hochar sjálfsagt einhver þekktasti Líbani nútímans. Hann var fyrstur manna útnefndur maður ársins hjá víntímaritinu Decanter, fyrir tæpum tuttugu árum síðan. Þá stóð borgarastyrjöldin í landinu sem hæst en Hochar náði samt að koma nýjum stórkostlegum árgöngum á markaðinn á hverju ári. Mikið afrek, einkum í ljósi þess að vínræktin er í Bekaa-dalnum sem er aðeins í 40 km fjarlægð frá Beirút, þar sem stöðugir bardagar geisuðu.

Víngerðin sjálf er í 18. aldar kastala í Ghazir, 20 km norðan Beirút, og dregur Chateau Musar nafn sitt af kastalanum. Fjarlægðin milli vínekranna og víngerðarinnar er eitt af því sem gefur vínunum sitt einkennandi bragð en þau eru gjarnan eilítið oxuð. Áhersla Musar hefur ávallt verið lögð á stór og mikil rauðvín úr cabernet sauvignon í anda Bordeaux. Þau hafa hins vegar þá sérstöðu að Hochar leggur metnað sinn í að setja þau þroskuð á markað og geymir þau því að minnsta kosti í sjö ár áður en þau fara í sölu. Þannig er nú til sölu í vínbúðum átta ára gamalt vín af 1998 árgangnum. „Vínin fra Musar eru risavaxin og engu öðru lík. Stórkarlalegar útgáfur af stóru Bordeaux eða Rónarvíni er fara létt með að eldast í tvo áratugi," segir Steingrímur Sigurgeirsson í bókinni „Heimur vínsins". Árið 1983 þurfti Serge Hochar að láta smygla sér með bát upp ána sem liggur að ekrunum framhjá hersveitum og bæði 1988 og 1989 varð víngerðin fyrir árásum og þurfti fjölskyldan að leita skjóls í rammgerðum vínkjöllurum. Ofan á stríðsátökin bætist að veðurfar er ekki hagstætt til víngerðar í landinu, í raun er allt of þurrt og heitt til þess að hægt sé að framleiða vín. Nú berast fréttir af því að vínekrur hafi skemmst í loftárásum auk þess sem viðskipti við landið liggja að mestu leyti niðri.










**SPÍNATLASAGNA AÐ HÆTTI KENÝABÚA** Ásta Möller þingmaður eyddi nokkrum dögum í Kenýa í vor þar sem hún kynntist dýrindis spínatlasagna með geitaosti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Frá gósenlandi grænmetis

**Þótt Ásta Möller sé pólitíkus að aðalstarfi gleður hún sig og sína nánustu með því að prófa nýjar uppskriftir og gera þær að sínum.**

„Yfirleitt þegar ég er í ferðum erlendis horfi ég eftir matreiðslubókum. Margir kaupa myndabækur eða eitthvað slíkt, en mér finnst gaman taka með mér uppskriftir og prófa þegar ég kem heim," segir Ásta Möller. Í ferð sem Ásta fór til Kenýa í vor bragðaði hún spínatlasagna sem hún heillaðist af, greindi innihaldið með hjálp ferðafélaga sinna og matreiddi þegar heim var komið. „Í þessari ferð fundum við út að Kenýa er eins og gósenland grænmetisins, frjósamt land á hásléttu, svo að heimamenn kunna mjög vel að meðhöndla grænmeti. Við fundum það vel því alltaf þegar maður pantaði grænmetisrétti voru það öndvegisréttir, jafnvel betri en kjötréttirnir."

Spínatlasagnað góða fengu Ásta og ferðafélagar hennar á veitingastað í Aberdare-svæðinu í nágrenni við Kenýafjall. Sérkenni þess, auk spínatsins sem það er kennt við, er geitaostur sem er haganlega fyrirkomið milli lasagnalaganna og ofan á réttinum. „Ég hef prófað þessa uppskrift svona þrisvar til fjórum sinnum og það sem heppnaðist best var þegar ég notaði soð af humri í uppskriftinni," segir Ásta, sem sýður gjarnan soð úr humarskeljum og frystir til frekari matargerðar. Hún segir þó að humarsoðið sé engan veginn nauðsynlegt í uppskriftina enda hafi hún einnig notað grænmetistening með góðum árangri.

Ásta er ekki vön að nota Béchamel-sósu í lasagna en notar þess í stað blöndu af kotasælu og rjómaosti. „Þetta er auðvitað grænmetisréttur og þess vegna ekki þungur, sérstaklega ef maður notar ekki þessa sósu heldur bara kotasæluna," segir Ásta.

**Spínatlasagna að hætti Kenýabúa**

**Spínatmauk:**
þrír pokar spínat
tveir smærri laukar eða einn stór, smátt skorinn
hvítlaukur, nokkur rif marin
hálfur stilkur sellerí, skorin smátt
olía
salt og pipar

*Laukur, hvítlaukur og sellerí eru látin svissast í olíu í stórum potti. Spínatinu er bætt í og látið sjóða niður þar til spínatið er orðið mjúkt og allt komið í létt mauk. Safinn er tekinn til hliðar og látinn í ostasósuna. Saltað og piprað.*

**Sósa:**
hreinn rjómaostur, hálf askja 50 g
rjómaostur með pipar, hálf askja um 50 g
safinn af spínatmaukinu
grænmetissoð/humarsoð af teningum eða dufti
sósuþykkir

*Rjómaosturinn er settur í pott við vægan hita og linaður upp. Hrærður saman við safann af spínatmaukinu og humarsoðinu/grænmetissoðinu. Þykkt með sósuþykki.*

**Annað:**
lasagnaplötur
geitaostur
kotasæla

*Lasagna er sett saman með hefðbundnum hætti, á víxl lasagnaplötur, spínatmauk og ostasósa eftir smekk. Geitaostur er settur ofan á ostasósuna í öllum lögum og kotasælan að auki ofan á í lokin. Heitt brauð borið fram með réttinum og gott hvítvín.*

# Pylsum og kótilettum gefið frí

Sumrinu og tilheyrandi grilli fer senn að ljúka. Því er um að gera að nýta síðustu logana í eitthvað nýtt, láta ferska vinda leika um grillið og gefa hamborgurum, pylsum og kótilettum frí þangað til næsta vor.

Hægt er að brydda upp á ýmsu og segir Magnús Hallur Eyjólfsson, afleysingakjötmeistari í Melabúðinni, að fólk ætti að vera óhrætt við að prófa eitthvað nýtt.

„Við erum með langskorin lambalæri sem eru lögð í sérstakan grillög og eru mjög vinsæl. Svo hefur fólk sem vill prófa eitthvað óhefðbundið verið að grilla hrefnukjöt," segir Magnús Hallur. Einnig nefnir hann kjúklingabringur og öðruvísi pylsur sem gætu hresst upp á grillveisluna. „Ég hef líka heyrt um að fólk grilli hjörtu og nýru á teini, núna þegar sláturtíðin er að byrja," segir Magnús Hallur, sem hefur að vísu ekki persónulega reynslu af því hvernig eigi að bera sig að við slíka iðju.



Ekki má heldur gleyma grænmetinu og mælir Magnús Hallur sérstaklega með því að kúrbíti sé skellt á grillið. „Best er að grilla grænmeti sem er ekki með of miklu vatni," segir hann og bætir við að eggaldin séu einnig sérlega góð á grillið.

# ERTU EKKI ÖRUGGLEGA BÚIN(N) AÐ SKRÁ ÞIG

## – og fá einhverja til að hvetja þig á leiðinni?

*REYKJAVÍKUR*
***MARAÞON***
***GLITNIS***
*19. ÁGÚST*

Reykjavíkurmaraþon Glitnis verður haldið í 23. sinn laugardaginn 19. ágúst næstkomandi, að morgni Menningarnætur. Reykjavíkurmaraþonið skiptist í fimm mislöng hlaup sem henta mismunandi hópum; fjölskyldum, trimmurum og keppnisfólki.

Leggðu grunninn að frábærum degi. Skráðu alla fjölskylduna og fáðu nánari upplýsingar á www.marathon.is. Þar getur þú m.a. séð kort af hlaupaleiðinni.

### DAGSKRÁ EIÐISTORGI

Ávextir, ís, kaffi og kleinur, andlitsmálning og blöðrutrúðar.
**8.25** Fyrstu hægfara maraþonhlauparar.
**8.30** Dagskrá hefst með tónlist.
**9.00** Georg sparibaukur skemmtir og heilsar upp á börnin.
**9.13** Fyrstu maraþonhlauparar.
**9.30** Danssýning frá ÍR.
**9.52** Fyrstu 10 km hlauparar.
**10.00** Lúðrasveit Tónlistarskólans á Seltjarnarnesi.
**11.00** Karlakórinn Fóstbræður.
**12.00** Lúðrasveit Tónlistarskólans á Seltjarnarnesi.
**12.30** Dagskrárlok.

### DAGSKRÁ KIRKJUSANDI

Ávextir, ís, kaffi og kleinur, andlitsmálning og blöðrutrúðar.
**9.25** Fyrstu hægfara maraþonhlauparar.
**9.30** Dagskrá hefst með tónlist.
**9.40** Fyrstu maraþonhlauparar.
**9.45** Georg sparibaukur skemmtir og heilsar upp á börnin.
**10.00** Karlakórinn Fóstbræður.
**10.30** Skólahljómsveit Kópavogs.
**10.45** Fyrstu hálfmaraþonhlauparar.
**11.00** Danssýning frá ÍR.
**11.20** Skólahljómsveit Kópavogs.
**13.30** Dagskrárlok.

### DAGSKRÁ

**FÖSTUDAGUR 18. ÁGÚST**
**12.00–21.00** Afhending keppnisgagna í Laugardalshöll.
**18.00–21.00** Pastaveisla í Laugardalshöll.

**LAUGARDAGUR 19. ÁGÚST**
**08.00 Maraþon fyrir þá sem þurfa lengri tíma.** Áætlaður hlauptími 5–7 tímar.
**09.00 Maraþon. Áætlaður hlauptími undir 5 tímum.**
**09.40 10 km hlaup.**
**10.05 Hálfmaraþon.** Íslandsmeistaramót.
**10.10** Fyrstu 10 km hlauparar í mark.
**10.35** Verðlaunaafhending fyrir 10 km hlaup, fyrstu 3 sæti karla og kvenna.
**10.45** Upphitun fyrir skemmtiskokk, Dísa í World Class og Georg sparibaukur.
**11.00 Skemmtiskokk, 3 km.** Upphaf Menningarnætur. Borgarstjóri ræsir hlaupið.
**11.10** Flugmiði dreginn út í 10 km.
**11.15** Fyrstu 21 km og 3 km hlauparar koma í mark.
**11.20** Fyrstu maraþonhlauparar koma í mark.
**11.30** Hljómsveitin Í svörtum fötum spilar.
**11.45** Verðlaunaafhending fyrir fyrstu 3 sæti í hálfmaraþoni karla og Íslandsmeistaramóti karla í hálfmaraþoni.
**11.50** Flugmiði dreginn út í 3 km.
**11.55** Verðlaunaafhending fyrir 3 fyrstu sæti í hálfmaraþoni kvenna og Íslandsmeistaramóti kvenna og 3 fyrstu sæti í maraþoni karla.
**12.00** Skólahljómsveit Kópavogs.
**12.20** Georg sparibaukur.
**12.30** Karlakórinn Fóstbræður.
**12.50** Verðlaunaafhending fyrir 3 fyrstu sæti í maraþoni kvenna.
**13.20** Hljómsveitin Í svörtum fötum.
**13.45** Latabæjardagskrá hefst.
**14.15 Latabæjarhlaup, 1,5 km.**
**15.00** Danssýning frá ÍR.
**15.00** Tímatöku hætt í 10, 21 og 42 km og dagskrárlok hlaupsins.

GLITNIR ICELANDAIR FRÉTTABLAÐIÐ POWERADE
SUZUKI Margt smátt AUGLÝSINGAVÖRUR BOLUR Barilla Reykjavíkurborg ÍTR

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA




| SKEIFAN | BÍLDSHÖFÐI | HRINGBRAUT | BREIÐHOLT | NORÐURBRÚN | HVALEYRARBRAUT | MOSFELLSBÆR | SELFOSS | VESTMANNAEYJAR | ÞORLÁKSHÖFN |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| virkir dagar 11-19 | virkir dagar 11-19 | virkir dagar 11-19 | virkir dagar 11-21 | virkir dagar 11-21 | virkir dagar 11-21 | Allir dagar 12-23 | virkir dagar 11-19 | virkir dagar 11-19 | virkir dagar 11-19 |
| laugardagar 11-19 | laugardagar 11-19 | laugardagar 11-19 | laugardagar 11-21 | laugardagar 11-21 | laugardagar 11-21 | | föstudagar 11-20 | laugardagar 11-19 | laugardagar 11-19 |
| sunnudagar 12-18 | sunnudagar 12-19 | sunnudagar lokað | sunnudagar 12-21 | sunnudagar 12-21 | sunnudagar 12-21 | | laugardagar 11-19 | sunnudagar lokað | sunnudagar lokað |
| | | | | | | | sunnudagar lokað | | |



KRÓNAN
VIRK SAMKEPPNI
30% afsláttur
Goði naggar
99 kr. stk
199
Bioline pizza Vegeteria, Salami & sveppir
Blómkál
189 kr/kg
Vínber græn
199 kr/kg
Kötlu kartöflumús
99 kr/pk
30% MEIRA MAGN
Queens hvítlauksbrauð
83 kr/stk
Melónur gular
89 kr/kg
Líf safi -epla, -appelsínu, -blandað
89 kr/stk
HOLLT & GOTT
Nóa banana-sprengjur
109 kr/stk
GM fiber one morgunkorn
199 kr/pk
Zendium barnatannkrem
147 kr/stk
Surf þvottaefni 7kg
1298 kr/pk
Alltaf tilboð alla daga

fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is

# Gisele Bündchen hætt í fyrirsætubransanum

Ofurfyrirsætan Gisele Bündchen hefur gefið út yfirlýsingu þess efnis að hún sé endanlega hætt störfum sem fyrirsæta. Þetta mun vera vegna þess að hún segist vera orðin þreytt á óreglulegum lífsstíl sem fylgir fyrirsætustörfunum. „Það er komið nóg. Ég er búin að fá mig fullsadda af því að ganga fram og aftur á tískupöllunum,“ segir Gisele, sem síðustu árin hefur verið eitt heitasta nafnið í fyrirsætubransanum.

Þessari brasilísku fegurðardís finnst ekki gaman lengur að hlaupa milli stílista og vera með hárblásarann yfir sér allan daginn, einnig kvartar hún yfir því að síminn hennar stoppi aldrei. Hún mun þó taka að sér einstaka verkefni fyrir vini sína eins og hún greinir sjálf frá. Bündchen, sem fær meira en sjö milljónir á tímann í fyrirsætustarfinu, ætlar að einbeita sér að leiklistinni og hefur skrifað undir sérstakan auglýsingasamning við Dolce & Gabbana.

Gisele var um tíma kærasta leikarans Leonardo DiCaprio og skaut það henni ærlega upp á stjörnuhimininn. Voru þau búin að vera saman í nokkur ár áður en þau létu sjá sig saman opinberlega. Slúðurblöðunum ber þó ekki saman um þessar mundir því sumir álíta að skötuhjúin séu á leið upp að altarinu á meðan aðrir velta fyrir sér sambandi DiCaprio við breska sjónvarpsstjörnu.



**BRASILÍSKA FEGURÐARDÍSIN** Gisele Bündchen hefur gefist upp á fyrirsætustörfunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

# Teiknimyndatíska frá Ástralíu



**DOPPÓTT** Flottar stuttar pokabuxur og slaufa um hálsinn verður mjög heitt næsta sumar hinum megin á hnettinum.

**HUGMYNDAFLUG** Ekki myndu margir ungir íslenskir sveinar klæðast þessum fatnaði næsta sumar en hugmyndin er góð.

**HNÉSOKKAR** Fyrirsætan tekur sig vel út í flottum marglitum bol og í stuttum svörtum hnébuxum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

**SMEKKBUXUR** Tákn barnaleikans eru buxur með smekk en þessi ungi herra tekur sig vel út á pallinum.

Ástralía er land sem ekki er mjög þekkt í tískuheiminum en á síðustu árum hafa ástralskir hönnuðir komið sterkir og ferskir inn á markaðinn. Það sem einkennir ástralska hönnun er tilraunakennd munstur, litasamsetningar og snið sem fara ekki hverjum sem er.

Material Boy er eitt af forvitnilegum merkjum frá Ástralíu. Þetta er ungt og ferskt merki sem minnir allra helst á franska merkið Comme de Garcon nema örlítið litaglaðara. Hönnuðir merkisins segjast hafa sótt innblástur af þessari sumarlínu sinni í teiknimyndasögur og yfirskrift línunnar er „Honey, I shrunk the kid!“. Fatnaðurinn frá Material Boy er barnalegur og pönkaður í senn. Litagleðin er mikil og notast þeir mest við 2D grafík í munstrum sínum ásamt því að gera frekar sniðlausar flíkur.

Material Boy er áhugavert merki sem ber að fylgjast vel með í framtíðinni. alfrun@frettabladid.is



**DENNI DÆMALAUSI** Flottar rauðar stuttbuxur við hvíta hnésokka minnir mjög á einhverja teiknimyndasöguhetju.



**ÖÐRUVÍSI ER GOTT** Sýning þessa sérkennilega merkis hefur vakið mikla athygli fyrir frjótt hugmyndaflug.



**FLIPPAÐ OG FLOTT** Stuttermabolur, pólóbolur og bindi er ekki hin vanalega samsetning en kemur vel út á tískupallinum.



**SEBRAMUNSTUR** Flottur skikkjulegur bolur með svart/hvítu munstri.



## Samstarfsaðilar óskast!

Iceland Naturally Evrópu er nýtt samstarfsverkefni sem samgönguráðuneytið og utanríkisráðuneytið hafa sett á laggirnar.

Tilgangur verkefnisins er að styrkja ímynd Íslands á neytendamörkuðum í Bretlandi, Þýskalandi og Frakklandi. Leitað er að samstarfsaðilum meðal fyrirtækja á neytendamarkaði í einu eða fleiri ofangreindra landa.

Samstarfsaðilar greiða árlega fasta upphæð til verkefnisins og njóta á móti hluta af þeim fjármunum sem verkefnið hefur yfir að ráða. Markaðsaðgerðir Iceland Naturally eru einkum ýmiss konar kynningar, veffréttir, almannatengsl og auglýsingar. Sams konar verkefni hefur verið framkvæmt í Bandaríkjunum síðustu ár, með góðum árangri.

Áhugasamir sendi upplýsingar um fyrirtæki og tengilið á netfangið arsaell@icetourist.is og haft verður samband við viðkomandi.

Nánari upplýsingar um verkefnið má finna á www.icelandnaturally.com

Iceland®
icelandnaturally.com

# Kepptu við Mark Webber í PlayStation Formúlu 1 2006







Mark Webber

WILLIAMS F1 TEAM

## SKRÁNING HEFST Á MORGUN KL. 9 Í HAGKAUPUM SMÁRALIND.

Hægt verður að skrá sig til keppni frá kl. 9-10. Dregið verður úr skráðum þátttakendum kl. 10 og munu 5 heppnir ofurhugar keppa við Mark Webber í PlayStation Formúlu 1 2006. Keppt verður með venjulegum PlayStation fjarstýringum.

Keppnin fer fram í Hagkaupum Smáralind, raftækjadeild kl. 10:30

PlayStation F1 06 leikurinn er kominn í verslanir Hagkaupa og er á tilboði í tilefni keppninnar þessa vikuna.




TILBOÐ 4.999kr.
Verð áður 6.499kr.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla







# Ekkert sögulegt afrek

**[ KVIKMYNDIR ]**

**UMFJÖLLUN**

Embætti forseta Bandaríkjanna er án nokkurs vafa eitt það valdamesta í heimi og af þeim sökum er fjölmörgum í nöp við þann sem sinnir því hlutverki hverju sinni enda hafa Bandaríkin verið ýmist tákn frelsis eða heimsvaldastefnu í heimssögunni. Öryggisráðstafanir í kringum ferðir forsetans eru þær mestu í heiminum og hann má varla færa sig um set án þess að það sé skipulagt í þaula af þrautþjálfuðum leyniþjónustumönnum. Tryggð við embættið og ríkið er einn helsti máttarstólpi CIA enda ætti svikari auðvelt með að færa hvers kyns óþjóðalýð líf forsetans á silfurfati.

Í The Sentinel er þessi umdeilda stofnun (sem CIA vissulega er) í forgrunni. Aðalpersónan, Pete Garrison, er reynslubolti sem hikar ekki við að beygja reglurnar til að vernda þá sem landinu stjórna. Þrátt fyrir að njóta virðingar meðal samstarfsmanna sinna hefur honum ekki tekist að feta sig upp metorðastigann. Garrison gegnir því hlutverki að gæta forsetafrúarinnar, Söruh Ballentine, og virðist hafa tekið hlutverk sitt fullbókstaflega því þau tvö eiga í leynilegu ástarsambandi. Þegar gamall vinur Garrisons er drepinn kviknar grunur um að eitthvað sé ekki með felldu innan CIA og gamall nemi Garrisons, David Breckinridge, er fenginn til að rannsaka málið. Garrison og Breckinridge hafa eldað grátt silfur saman eftir að sá síðastnefndi sakaði lærimeistara sinn um að halda við eiginkonu sína. Þegar Breckinridge hefur rannsókn sína berast böndin að Garrison og allt bendir til þess að hann sé höfuðpaurinn á bak við morðtilraun á forseta Bandaríkjanna. Breckinridge fær því þarna kærkomið tækifæri til að klekkja á fjandmanni sínum.

Óneitanlega hlýtur að vera erfitt fyrir kvikmyndagerðarmann að búa til eitthvað nýtt í kringum hina formföstu leyniþjónustu Bandaríkjanna, leyndin í kringum hana er enda sterkasta vopn CIA. The Sentinel er heldur ekkert að rembast við að feta ótroðnar slóðir heldur reynir að nýta sér allt það góða sem hefur verið gert. Garrison á auðvelt með að vinna hug og hjörtu áhorfandans með herkænsku sinni en hlutverkið er klæðskerasniðið fyrir Michael Douglas enda hefur hann leikið hina rosknu týpu oftar en einu sinni. Arftaki hans á hvíta tjaldinu, Kiefer Sutherland, er einnig í kunnuglegu hlutverki sem reglubókarmaðurinn David Breckinridge. Sutherland er einfaldlega það mikill gæðaleikari að honum getur ekki brugðist bogalistin. Eva Longoria lætur hins vegar lítið fyrir sér fara enda er hlutverk hennar aðallega að spranga um í níðþröngri svartri dragt og hlusta á viðreynslusetningar frá samstarfsfélögum sínum.

The Sentinel byrjar frekar hægt en vinnur vel á. Leikstjórinn Clark Johnson er duglegur að blanda fréttamyndum og grafískum útfærslum af morðhótunum við kvikmyndina sem heppnast í flestum tilvikum ágætlega og tónlist Chris Beck skapar rétta andrúmsloftið. Kvikmyndin er langt frá því að vera söguleg í flokki leyniþjónustumynda en tekst vel upp með að halda áhorfandanum við efnið og sér til þess að enginn fer úthvíldur út úr kvikmyndahúsinu.

**Freyr Gígja Gunnarsson**



**THE SENTINEL**

LEIKSTJÓRI: CLARKE JOHNSON
AÐALHLUTVERK: KIEFER SUTHERLAND, MICHAEL DOUGLAS OG EVA LONGORIA

**Niðurstaða:** The Sentinel er ágætt dæmi um það þegar tveir leikarar fá hlutverk sem þeir kunna upp á hár og skila því af sér eins og að drekka vatn. Kvikmyndin fer vart í sögubækurnar en tekst að halda áhorfandanum við efnið lengst af.



**BENNY CRESPO'S GANG** Ein fjögurra hljómsveita sem troða upp í kvöld.

# Líður að lokum

Benny Crespo's Gang, Wulfgang, Helgi Valur og Atómstöðin koma fram á tónleikaröð Reykjavík Grapevine og Smekkleysu í dag. Tónleikaröðin hefur verið í gangi í allt sumar þar sem margar af betri hljómsveitum landsins hafa troðið upp. Senn fer að líða að lokum tónleikaraðarinnar og eru einungis fernir tónleikar eftir. Helgi Valur treður upp í Smekkleysu/Gallerí Humar eða frægð á Klapparstíg 27 klukkan sautján og kostar ekkert inn. Seinni tónleikarnir með sveitunum fjórum eru svo haldnir á Café Amsterdam í Hafnarstræti 5 klukkan níu. Aðeins kostar fimm hundruð krónur inn á seinni tónleikana.

# Leitar að ástinni

Leikarinn og hjartaknúsarinn David Hasselhoff er að leita að eiginkonu um þessar mundir en hann er vandlátur. „Konan verður að vera frægari en ég." Um daginn hitti Hasselhoff bresku leikkonuna Kate Beckinsale á frumsýningu og reyndi hann af öllum mætti að heilla hana upp úr skónum. Hann mun hafa hvíslað í eyra hennar: „Ég gef þér allt sem ég á." Beckinsale hló að viðreynslutaktík gömlu Baywatch-stjörnunnar en Hasselhoff stendur í þeirri trú að leikkonan fræga hafi verið mjög spennt yfir að hitta hann. Hasselhoff er nýskilinn við eiginkonu sína Pamelu Bach og hefur ítrekað verið tekinn fyrir ölvun á almannafæri síðan skilnaðurinn gekk í gegn.



**DAVID HASSELHOFF** Gamla Baywatch-stjarnan reyndi við bresku leikkonuna Kate Beckinsale á dögunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS







ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| MIAMI VICE | KL. 5-8-11 | B.I. 16 |
| MIAMI VICE VIP | KL. 2-5-8-11 | |
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 | KL. 2-5-7-8-10-11 | B.I. 12 |
| THE LONG WEEKEND | KL. 6:15-8:15-10:30 | B.I. 14 |
| OVER THE HEDGE ísl. tal | KL. 2-3-4 | LEYFÐ |
| OVER THE HEDGE enskt. tal | KL. 11 | LEYFÐ |
| SUPERMAN RETURNS | KL. 2-5-8 | B.I. 10 |
| BÍLAR ísl. tal | KL. 1:45-4 | LEYFÐ |

SAMBÍÓIN SÍMI: 575-8900

KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| MIAMI VICE | KL. 5-8-10:45 | B.I. 16 |
| *PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 | KL. 5-8-11 | B.I. 12 |
| THE LONG WEEKEND | KL. 8-10-11:50 | B.I. 14 |
| *OVER THE HEDGE ísl. tal | KL. 4 | LEYFÐ |
| *OVER THE HEDGE enskt. tal | KL. 6 | LEYFÐ |

*SÝNDAR Í STAFRÆNNI ÚTGÁFU. MYND OG HLJÓÐ

www.sambioin.is

KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| MIAMI VICE | KL. 8-11 | B.I. 16 |
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 | KL. 8-11 | B.I. 12 |

AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 | KL. 6-9 | B.I. 12 |
| OVER THE HEDGE ísl. tal | KL. 6 | LEYFÐ |
| THE LONG WEEKEND | KL. 8-10 | B.I. 14 |

| | | |
|---|---|---|
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 | KL. 5:30-6- 8:30-9-10:30 | B.I. 12 |
| HALF LIGHT | KL. 5:30-8-10:30 | B.I. 16 |
| SUPERMAN RETURNS | KL. 5:30-8:30 | B.I. 10 |
| THE BREAK UP | KL. 5:30-8 | LEYFÐ |

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919


# Enginn dauður punktur

**Kvikmyndahátíðin IFF verður haldin í annað sinn dagana 30. ágúst til 20. september. Fjölmargar athyglisverðar kvikmyndir verða á dagskrá hátíðarinnar í ár en þar ber hæst hina umdeildu heimildarmynd An Inconvenient Truth þar sem fyrrum varaforseti Bandaríkjanna, Al Gore, varar við afleiðingum gróðurhúsaáhrifanna.**



**AL GORE** Myndin The Inconvenient Truth hefur vakið mikla athygli að undanförnu en þar fer fyrrum varaforseti Bandaríkjanna yfir vaxandi hörmungar gróðurhúsaáhrifa.

IFF sló heldur betur í gegn í fyrra þegar 35 þúsund gestir lögðu leið sína í kvikmyndahús borgarinnar og sáu kvikmyndir sem að öllu jöfnu skila sér ekki á hvíta tjaldið hér á landi heldur daga uppi á myndbandaleigum bæjarins. Góðir gestir lögðu leið sína upp á Frón og nægir þar að nefna spænska leikarann Gael Garcia Bernal sem nú er á hraðri leið upp stjörnustigann í Hollywood auk leikstjórans Walter Salles. Í ár verða í kringum þrjátíu kvikmyndir frumsýndar en hátíðinni



**ÍSLEIFUR B. ÞÓRHALLSSON** Ætla að hafa færri en betri kvikmyndir á IFF - kvikmyndahátíðinni sem hefst í lok þessa mánaðar.

verður skipt í fjóra flokka: Heimur sem er rjóminn af óháðum myndum hvaðanæva úr heiminum, Ameríka en það eru óháðar kvikmyndir frá Bandaríkjunum, Heimildarmyndir þar sem bestu heimildarmyndirnar verða sýndar og Gala en í þeim flokki verða sýndar sérvaldar kvikmyndir sem allar verða frumsýndar með mikilli viðhöfn. Þegar hafa fjórtán titlar verið staðfestir og er óhætt að lofa mörgum safaríkum bitum fyrir kvikmyndaáhugafólk

Að sögn Ísleifs B. Þórhallssonar hjá Iceland Film Festival er stefnt að því að hafa færri en betri kvikmyndir á matseðlinum að þessu sinni. „Við viljum ekki hafa dauðan punkt í dagskránni hjá okkur og því verða myndirnar „jafnari“ ef svo mætti að orði komast,“ segir Ísleifur, sem reiknar með því að endanlegur listi verði klár fyrir lok næstu viku. „Við verðum með mikið af myndum frá Cannes og Berlín enda viljum við vera með rjómann af því besta sem gerist í óháðri kvikmyndagerð,“ bætir hann við. „Engu að síður teljum við okkur munu höfða til mjög breiðs hóps,“ segir hann.

Líkt og í fyrra er mjög líklegt að hingað komi þekktir erlendir kvikmyndagerðarmenn og má reikna með komu góðra gesta í kringum bæði opnunarmyndina og lokamyndina. „Við ætlum líka að brydda upp á þeirri nýjung að vera með einhverjar uppákomur í kringum hátíðina,“ segir Ísleifur og þá sé það einnig í deiglunni að frumsýna fleiri en eina íslenska kvikmynd á hátíðinni.



**EUROBANDIÐ** Regína Ósk og Friðrik Ómar flytja Júróvisjónlög á balli í kvöld.

# Júrófíkninni svalað

Júróvisjónaðdáendur geta tekið gleði sína í kvöld þegar Eurobandið kemur í fyrsta sinn fram í Reykjavík. Bandið er skipað söngfólkinu Regínu Ósk Óskarsdóttir og Friðriki Ómari Hjörleifssyni ásamt hljómsveit og flytur eingungis Júróvisjónlög frá öllum tímum.

„Þessi hljómsveit er einhver besta sönnun þess að Íslendingar eru Júóvisjónfíklar,“ segir Friðrik Ómar og lofar miklu stuði á ballinu, sem er haldið á Nasa í kvöld. Hljómsveitin hefur aldrei komið fram í Reykjavík en Friðrik Ómar segir að reynslan úti á landi sýni að Júróvisjón lifi góðu lífi.

Ball Eurobandsins er í tengslum við upphaf Gay Pride 2006 og mun DJ Páll Óskar hita upp liðið með góðum Júróvisjónslögurum áður en Eurobandið stígur á stokk.


Samkv. dagbókarkönnun Gallup apríl 2006.

ALDREI STÆRRI OG VINSÆLLI!

Langöflugasti miðill unga fólksins er enn að vaxa.

FM957

Auglýsingasími: 550 5000



Síminn

SMS & MMS 5 KR.* ALLAR HELGAR Í SUMAR

SUMARTILBOÐ Á SAMSUNG SÍMUM



SAMSUNG D820

37.980 kr.

Glæsileg hönnun. Örþunnur, með stórum TFT hágæða litaskjá og 1,3 MP myndavél sem hægt er að snúa 180 gráður. Hægt er að tengjast tölvu, handfrjálsum búnaði og blátannarsímum í gegnum blátannarbúnað.



SAMSUNG X650

14.980 kr.

Gullfallegur samlokusími, sem býður upp á alla helstu möguleikana. Meðal búnaðar má nefna VGA myndavél og hægt að taka upp hreyfimyndir, FM-útvarp, 3MB minni, 6 klukkustunda taltíma á rafhlöðu og margt fleira.

Nánari upplýsingar á siminn.is eða á næsta sölustað Símans.

* Eingöngu innan kerfis Símans



## Annar leikur Blikastúlkna

Kvennalið Breiðabliks leikur í dag sinn annan leik í Evrópukeppni félagsliða en leikið er í Austurríki. Eftir 4-0 sigur í fyrsta leik er komið að heimaliðinu Neulengbach í dag en það lið vann sinn fyrsta leik 5-1 og því má reikna með hörkuleik.

# sport

sport@frettabladid.is

STEFÁN GÍSLASON: ÁNÆGÐUR MEÐ NÝJAN ÍSLENSKAN LIÐSFÉLAGA Í LYN

## Indriði mun styrkja lið okkar mikið



Indriði Sigurðsson gekk í fyrrakvöld til liðs við norska úrvalsdeildarliðið Lyn og náði því ekkert að leika með KR-ingum í sumar en hann fékk leikheimild með liðinu í síðustu viku. Samningur hans við belgíska félagið Genk rann út í vor og ákvað hann að koma heim í KR í lok júlí en hefur nú samið við Lyn til loka tímabilsins 2008.

Áður en Indriði lék í Belgíu var hann á mála hjá Lilleström í þrjú ár og þekkir því vel til norsku úrvalsdeildarinnar. Fyrir hjá Lyn er félagi Indriða í íslenska landsliðinu, Stefán Gíslason.

„Ég er mjög ánægður með þetta enda hörkugóður leikmaður,“ sagði Stefán. „Við höfum líka verið í vandræðum með þá leikstöðu sem hann mun leysa, vinstri bakvörðinn, og hann gæti einnig nýst vel sem miðvörður. Að því leytinu til er þetta hið besta mál.“

Indriði verður áttundi Íslendingurinn í norsku úrvalsdeildinni, auk eins sem leikur í 1. deildinni. Íslendingarnir hafa flestir verið mjög áberandi í deildinni í ár og Stefán þykir til að mynda hafa staðið sig mjög vel með Lyn. Þá er markahæsti leikmaður deildarinnar Veigar Páll Gunnarsson og varnartvíeykið Ólafur Örn Bjarnason og Kristján Örn Sigurðsson hefur hlotið mikið lof fyrir frammistöðu sína í hjarta varnarinnar hjá toppliði Brann.

„Veigar fær mikla athygli fyrir að skora öll þessi mörk en Kristján hefur einnig fengið mikla og verðskuldaða athygli fyrir frammistöðu sína. Hann er svo gífurlega fljótur að Brann getur leyft sér að vera mjög framarlega með varnarlínu sína og ef einhver sleppur í gegn nær Kristján iðulega að hlaupa viðkomandi uppi og stöðva sóknina,“ sagði Stefán.

Næsti leikur Lyn verður gegn Stabæk og því aldrei að vita nema að Indriði fái það erfiða verkefni að hafa gætur á Veigari Páli, markamaskínunni sjálfri.

## > ÍBV farið að safna liði

Kvennalið ÍBV í handbolta hefur fengið liðsstyrk því Valentina Radu, 25 ára örvhent rúmensk skytta, hefur samið við félagið en hún á nokkra A-landsleiki að baki. Á síðasta ári lék hún með Rulmentul Brasov sem varð meistari í heimalandi hennar auk þess sem það vann Áskorendakeppni Evrópu. Samkvæmt heimasíðu ÍBV er fleiri frétta af leikmannamálum og þjálfaramálum hjá félaginu að vænta næstu daga enda hefur það misst mikið frá síðasta tímabili. Nú síðast var það hin efnilega Ester Óskarsdóttir sem ÍBV missti en hún mun spila á Akureyri á komandi tímabili.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

ÁGÚST

7 8 9 **10** 11 12 13

**Fimmtudagur**

### LEIKIR

- 19.00 **Þrír leikir** í **1. deild karla.** Víkingur Ó.-KA, Fram-Haukar og HK-Þróttur.
- 19.15 **Fjórir leikir** í **Landsbankadeild karla.** ÍA-Valur, Grindavík-Breiðablik, Víkingur-ÍBV og FH-Fylkir.

### SJÓNVARP

- 08.40 **EM í frjálsum** á RÚV.
- 19.00 **Landsbankadeildin** á Sýn. Leikur **Víkings** og **ÍBV** í beinni.
- 22.25 **Landsbankadeildarmörkin** á Sýn.
- 23.20 **Fótboltakvöld** á RÚV.

U16 landslið kvenna:

## Fjórða tap Íslands í röð

**KÖRFUBOLTI** U16 ára landslið kvenna í körfubolta tapaði í gær með fjórtán stiga mun, 59-73, fyrir Írlandi í fyrsta leik sínum í milliriðli B-deildar Evrópumótsins. Írska liðið hafði forystuna allan tímann. Íslensku stelpurnar hafa því tapað öllum fjórum leikjum sínum á mótinu til þessa en í dag leika þær gegn Finnlandi sem vann Írland 63-57 á þriðjudag.

Lilja Ósk Sigmarsdóttir skoraði nítján stig og var stigahæst íslenska liðsins í gær en fyrirliðinn Hafrún Hálfdánardóttir var kosin besti leikmaður Íslands af mótshöldurum en hún var með átján stig og fimm fráköst í leiknum. - egm

# Fer líklega til Reading

**Yngsti leikmaður Landsbankadeildarinnar, hinn sextán ára gamli Viktor Unnar Illugason hjá Breiðabliki, heldur að öllum líkindum til Englands í haust.**



**VIKTOR UNNAR ILLUGASON** Er á leið til Englands í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**FÓTBOLTI** Viktor Unnar Illugason hefur vakið verðskuldaða athygli með liði Breiðabliks í Landsbankadeildinni í sumar en hann er yngsti leikmaður deildarinnar, varð sextán ára fyrr á þessu ári. Laugardaginn 20. maí síðastliðinn lék hann sinn fyrsta leik í efstu deild þegar hann kom inn sem varamaður á lokamínútunni í leik gegn ÍBV á Kópavogsvellinum. Viktor var aðeins búinn að vera á vellinum í tvær mínútur þegar hann náði að skora sitt fyrsta mark.

„Það var mjög ljúf tilfinning og gaman að ná að skora þetta mark, ég slapp bara einn í gegn og renndi boltanum framhjá markverðinum,“ sagði Viktor Unnar. Síðan Ólafur Kristjánsson tók við Breiðabliksliðinu hefur Viktor alltaf verið í byrjunarliðinu en hann getur spilað í fremstu víglínu og einnig á kantinum. „Ég get ekki verið annað en mjög ánægður með þau tækifæri sem ég hef fengið.“

Viktor er nýkominn heim frá Færeyjum, þar sem hann spilaði lykilhlutverk með U17 landsliði Íslands á Norðurlandamótinu. Strákunum gekk ekki vel, þeir höfnuðu í fimmta sæti, en Viktor skoraði tvö mörk á mótinu. Hann hefur farið þónokkrum sinnum erlendis til reynslu. „Ég hef farið til reynslu hjá Feyenoord í Hollandi og Reading og Ipswich á Englandi. Ég fékk tilboð frá báðum ensku liðunum en hef tekið þá ákvörðun að fara til Reading eftir að tímabilinu hér heima lýkur,“ sagði Viktor en enn á þó eftir að ganga frá örfáum lausum endum.

„Það er að skapast hefð fyrir íslenskum leikmönnum hjá Reading og þá er mjög jákvætt að ég fæ að klára tímabilið hérna heima. Ég hlakka mikið til,“ sagði Viktor, en aðallið Reading vann sér inn sæti í ensku úrvalsdeildinni á síðustu leiktíð. Með félaginu leika íslensku landsliðsmennirnir Ívar Ingimarsson og Brynjar Björn Gunnarsson og þá er hjá liðinu annar íslenskur unglingalandsliðsmaður, Gylfi Þór Sigurðsson.

„Ég hafði nánast ekkert séð til Viktors þegar ég tók við en hann er með mjög góðan vinstri fót og er nokkuð sterkur líkamlega miðað við aldur. Þá hefur hann fína tækni og er með nef fyrir markinu og hefur verið að skapa sér færi. Hann getur þó bætt sig mikið því hann er líkamlega sterkur frá náttúrunnar hendi en er nokkuð óþjálfaður og ýmislegt sem hann getur bætt. Þá á hann það til að detta út úr leikjum en það er eðlilegt miðað við að þetta er hans fyrsta tímabil með meistaraflokki,“ sagði Ólafur Kristjánsson, þjálfari Breiðabliks.

Ólafur er þó ekki fullviss um að það væri rétt skref fyrir Viktor að fara út strax. „Að spila með unglingaliði Reading er nokkuð langt frá því að vera fullorðinsfótbolti en þetta er hans val. Ég þekki ekki vel til unglingastarfs Reading en almennt séð skil ég oft á tíðum ekki hvað ungum leikmönnum liggur á að komast út.“ elvargeir@frettabladid.is



**Í ÞRIÐJA SÆTI** Íslensku stelpurnar eru í þriðja sæti riðilsins eftir fimm leiki.

Íslenska kvennalandsliðið:

## Ásthildur aftur inn í hópinn

**FÓTBOLTI** Jörundur Áki Sveinsson hefur valið landsliðshópinn sem mætir Tékklandi laugardaginn 19. ágúst. Leikurinn er í undankeppni fyrir HM 2007 og er Ísland, sem stendur í þriðja sæti riðilsins, með jafnmörg stig og Tékkar. Einn nýliði er í hópnum en það er Katrín Ómarsdóttir. Þá kemur fyrirliðinn Ásthildur Helgadóttir aftur inn í liðið en hún var í leikbanni í síðasta leik gegn Portúgal.

Þóra B. Helgadóttir úr Breiðabliki og Guðbjörg Gunnarsdóttir úr Val voru valdar sem markverðir en aðrir leikmenn eru: Guðlaug Jónsdóttir, Edda Garðarsdóttir, Guðrún Sóley Gunnarsdóttir, Erna Sigurðardóttir, Ólína Viðarsdóttir og Greta Mjöll Samúelsdóttir úr Breiðabliki. Katrín Jónsdóttir, Margrét Lára Viðarsdóttir, Dóra María Lárusdóttir, Málfríður Sigurðardóttir, Ásta Árnadóttir og Guðný Björk Óðinsdóttir úr Val. Katrín Ómarsdóttir og Hólmfríður Magnúsdóttir úr KR. Ásthildur úr Malmö og Erla Steina Arnardóttir úr Mallbackens. - egm


Opna SUBWAY mótið laugardaginn 12. ágúst 2006

Mótið er höggleikur með og án forgjafar, keppt verður á Nesvelli og verða veitt verðlaun fyrir 1, 2 og 3 sæti með og án forgjafar. Teiggjafir veittar ásamt nándarverðlaunum á 2/11. braut og 5/14. braut. Dregið verður úr skorkortum við verðlaunaafhendingu. Skráning á www.golf.is




SUBWAY

Komdu á næsta Subway stað og gæddu þér á ljúffengum kafbát með þínu uppáhalds áleggi, brakandi fersku grænmeti og bragðbættu með ljúffengum sósum og kryddi.


Þrettándu umferð Landsbankadeildar karla lýkur í kvöld með fjórum leikjum:

# Fjórir mikilvægir leikir í kvöld



**LOKASPRETTURINN HAFINN** Valsmenn unnu Skagamenn fyrr í sumar en þeir gulklæddu eru líklega staðráðnir í að snúa dæminu við í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**FÓTBOLTI** Lokaspretturinn í Landsbankadeild karla er hafinn en í kvöld verða fjórir leikir á dagskrá og hefjast þeir allir klukkan 19:15. Með þeim lýkur þrettándu umferðinni og þá verða aðeins fimm umferðir eftir. FH hefur örugga forystu í deildinni en þar fyrir neðan er pakkinn þéttur og nær öll lið deildarinnar geta fallið.

Íslandsmeistarar FH taka á móti Fylki í kvöld en þeir unnu viðureign þessara liða á Fylkisvelli 2-1 með mörkum frá Tryggva Guðmundssyni og Ármanni Smára Björnssyni. Nú er Ármann kominn í landsliðið líkt og Sigurvin Ólafsson og markvörðurinn Daði Lárusson sem einnig leika með FH, sem gerir þennan leik óneitanlega enn athyglisverðari. Þá er Leifur Garðarsson, þjálfari Fylkis, Hafnfirðingum að góðu kunnur eftir að hafa verið aðstoðarþjálfari Fimleikafélagsins síðustu ár.

Skagamenn eru enn í fallsæti en eru líklega staðráðnir í að breyta því þegar þeir taka á móti Valsmönnum í kvöld. Valsmenn eru þó funheitir þessa dagana og hafa ekki tapað leik síðan í fimmtu umferð en í síðustu viku unnu þeir 5-0 stórsigur á ÍBV. Valur vann fyrri viðureign liðanna í sumar með naumindum en ÍA verður án Igor Pesic og Hjartar Hjartarsonar í kvöld þar sem þeir taka út leikbann.

Sjónvarpsleikurinn á Sýn verður viðureign Víkings og ÍBV en það verður fyrsti leikur Eyjamanna eftir að Heimir Hallgrímsson tók við stjórnartaumunum. Liðið er í botnsætinu og ljóst er að ekkert verður gefið eftir í þessum leik. Síðast en ekki síst leikur Breiðablik gegn Grindavík í kvöld en illa hefur gengið hjá Suðurnesjamönnum eftir að þeir burstuðu KR í áttundu umferð. Annað er á teningnum hjá Breiðabliki sem ekki hefur tapað leik síðan Ólafur Kristjánsson tók við. Bakvörðurinn Stig Krohn Haaland leikur ekki með liðinu í kvöld vegna leikbanns. - egm

Sóknarmaðurinn Thierry Henry lýsir yfir áhyggjum sínum yfir hugsanlegu brotthvarfi Ashley Cole:

# Yrði mikið áfall fyrir Arsenal að missa Cole

**FÓTBOLTI** „Það var ótrúlega mikill missir fyrir Arsenal þegar Patrick Vieira var seldur til Juventus. Það yrði svipað ef Ashley Cole færi,“ sagði franski sóknarmaðurinn Thierry Henry í gær en hann hefur miklar áhyggjur af því að liði missi Cole. „Að sjálfsögðu vilja allir hérna að hann verði áfram. Hann er klárlega einn besti vinstri bakvörður í heiminum og hans yrði sárt saknað.“

Cole ferðaðist ekki með Arsenal í Evrópuleikinn gegn Dinamo Zagreb á þriðjudagskvöld en enska liðið vann þar öruggan 3-0 sigur. Það þýðir að hann er enn löglegur með einhverju öðru liði í Evrópukeppni á þessu tímabili og söluverðmæti hans er því enn mjög mikið. Englandsmeistarar Chelsea hafa verið á höttunum eftir Cole í langan tíma og er talið líklegast að hann klæðist bláa búningnum á komandi tímabili.

„Ég veit ekkert um það hvort hann sé á leið til Chelsea en það yrði frekar asnalegt að láta svona sterkan leikmann til liðs sem við erum að kljást við. Það er verið að vinna í að koma Arsenal á sama stall og Chelsea og það yrði klárlega afturför ef við létum Cole af hendi til liðsins,“ sagði Henry í viðtali við enska blaðið The Sun í gær. Arsenal á í vandræðum í vörninni því Gael Clichy og Philippe Senderos eru meiddir. **- egm**



**YRÐI SÁRT SAKNAÐ** Ashley Cole situr hér fyrir í lottóauglýsingu á Englandi. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES



**GÓÐ TÍÐINDI** Það gleður stuðningsmenn Chelsea að Cole verður til í slaginn fyrr en talið var. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Meiðsli Joe Cole hjá Chelsea:

## Tilbúinn í lok mánaðarins

**FÓTBOLTI** Meiðsli miðjumannsins Joe Cole hjá Chelsea eru ekki eins alvarleg og óttast var í fyrstu og ætti hann að verða tilbúinn aftur í slaginn undir lok mánaðarins. Cole meiddist á hægra hné í æfingaferð ensku meistaranna um Bandaríkin. Talið var í fyrstu að hann hefði skaddað liðbönd í hné það illa að hann gæti ekki leikið í sex vikur.

„Hann verkjar enn í hnéð en bati hans er mjög hraður,“ sagði Steve Clarke, sem er í þjálfaraliði Chelsea. Það er ljóst að Cole getur ekki leikið vináttulandsleik með enska landsliðinu gegn Grikklandi hinn 16. ágúst. **- egm**



**VILL HEIM** Reyes vill fara til Real Madrid sem fyrst. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Jose Antonio Reyes:

## Vill sem fyrst til Real Madrid

**FÓTBOLTI** Jose Antonio Reyes, leikmaður Arsenal, vill fá félagaskipti yfir til Real Madrid sem fyrst. Viðræður milli spænska stórliðsins og Arsenal standa nú yfir en Reyes, sem er 22 ára, vill komast heim til Spánar. „Ég og fjölskylda mín erum nokkuð hrædd um að eitthvað fari úrskeiðis. Ég vil að gengið verði frá málum sem fyrst,“ sagði Reyes.

Leikmaðurinn kom ekki við sögu þegar Arsenal vann Dinamo Zagreb 3-0 í forkeppni Meistaradeildarinnar á þriðjudaginn og gaf það byr undir báða vængi að hann sé á leið til Madrídinga. Reyes er ánægður hjá Arsenal en er þó með mikla heimþrá. **- egm**



**CO ADRIAANSE** Er hættur með Porto. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Co Adriaanse hjá Porto:

## Hætti óvænt með liðið

**FÓTBOLTI** Hollendingurinn Co Adriaanse sagði í gær starfi sínu lausu sem þjálfari portúgalska liðsins FC Porto eftir deilur við stjórnarmenn félagsins. Adriaanse er 59 ára og var áður þjálfari Ajax og AZ Alkmaar áður en hann tók við Porto í fyrra. Undir stjórn hans vann félagið bæði portúgalska meistaratitilinn og bikarinn en hann var aðeins hálfnaður með samning sinn. Adriaanse er fjórði þjálfarinn sem hrökklast úr starfi þjálfara Porto síðan Jose Mourinho réði sig til Chelsea fyrir tveimur árum. **- egm**

Okkar landsfrægu skóladagar eru hafnir!
8.-17. ágúst
Buxur + peysa, jakki, bolur eða skyrta að eigin vali kr. 9.990.
Unglingastærðir kr. 6.990.
Bolur að eigin vali fylgir með öllum sund og stuttbuxum. 20 % afsláttur af öllum skóm á skóladögum!

Brim
Laugavegi & Kringlunni • Sími: 551 70 60
www.brim.is

# Jöfn skipti í Frostaskjólinu

**KR og Keflavík gerðu í gær 2-2 jafntefli í fyrsta leik 13. umferðar Landsbankadeildarkarla. Keflvíkingar voru ekki sáttir við dómgæsluna eftir leik.**

**FÓTBOLTI** Þrettánda umferð Landsbankadeildarinnar hófst með skemmtilegum leik KR og Keflavíkur í gær en hann endaði með jafntefli, 2-2. Lykilmenn vantaði í lið Keflavíkur og var Hallgrímur Jónasson því kominn í miðvörðinn. Hjá KR var Sigþór Júlíusson kominn í byrjunarliðið en hann stóð sig vel í bakverðinum. Bæði lið hefðu líklega viljað fá öll stigin úr leiknum en þegar allt kemur til alls geta þetta talist sanngjörn úrslit í kaflaskiptum leik.

Fyrsta marktilraunin kom strax á fyrstu mínútu en þá áttu KR-ingar aukaspyrnu sem þeir útfærðu skemmtilega og Björgólfur Takefusa skaut hárfínt framhjá markstönginni. Það voru þó Keflvíkingar sem byrjuðu leikinn betur og komust yfir á elleftu mínútu en þá átti Jónas Guðni Sævarsson langa sendingu fram, Dalibor Pauletic gleymdi sér í vörninni og Guðmundur Steinarsson var kominn einn á auðan sjó. Guðmundur gerði allt rétt og skot hans hafnaði í bláhorninu.

Næstu mínútur þar á eftir voru eign Keflvíkinga og Jónas Guðni átti hörkuskot skömmu eftir markið en Kristján Finnbogason náði að verja í horn. Kristján var aftur á ferðinni á tuttugustu mínútu en þá varði hann skot Magnúsar Þorsteinssonar í stöng. Gestirnir höfðu yfirhöndina á miðjunni á upphafskafla leiksins en þeir Mario Cizmek og Kristinn Jóhannes Magnússon náðu þó betur saman eftir því sem á hálfleikinn leið og KR-ingum óx ásmegin.

Skúli Jón Friðgeirsson sýndi í nokkur skipti skemmtileg tilþrif hjá KR í fyrri hálfleiknum og hann skaut yfir úr mjög góðu færi á 25. mínútu en fram að þeim tíma höfðu KR-ingar verið heldur líflausir. Grétar Hjartarson átti sendinguna á Skúla en tveimur mínútum síðar snerist dæmið við og Grétar náði að skora með skalla eftir undirbúning Skúla. Markið var langt frá því að vera fallegt en telur eins og hin en Grétar hefur farið illa með hin ótrúlegustu færi í síðustu leikjum og gat því farið að anda léttar eftir að hafa séð þennan bolta í netinu.



**GUÐMUNDUR STEINARSSON** Í strangri gæslu KR-inga. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þegar um tíu mínútur voru liðnar af seinni hálfleik féll Magnús Þorsteinsson innan teigs og fannst sterk lykt af vítaspyrnu en dómarinn Garðar Örn Hinriksson virtist handviss og var ekki lengi að gefa Magnúsi gult spjald fyrir leikaraskap. KR komst svo yfir á 65. mínútu og ekki var það af verri gerðinni. Sigmundur Kristjánsson átti frábæra fyrirgjöf og Björgólfur var ákveðinn innan teigs og skallaði í markið.

Guðmundur Steinarsson átti hörkuskot rétt framhjá og hinum megin var Kristinn nálægt því að skora en skallaði naumlega framhjá. Það var svo bjargvætturinn Þórarinn Brynjar Kristjánsson sem jafnaði í 2-2 beint úr aukaspyrnu og bjargaði stigi fyrir gestina en boltinn sveif yfir varnarveggin og í nærhornið. Guðmundur Steinarsson var nálægt því að tryggja gestunum öll stigin en Kristján varði skot hans úr aukaspyrnu glæsilega og úrslitin því 2-2.

„Það er allt í lagi að fá stig á KR-vellinum en mér fannst þó að við áttum að klára þetta. Maggi vildi fá vítaspyrnu, var kominn framhjá manninum þegar hann er rifinn niður og fær gult spjald. Það er náttúrlega fáránlegt,“ sagði Þórarinn Brynjar Kristjánsson Keflvíkingur eftir leik. Hann var þó þokkalega sáttur við stigið og sagðist ekki muna eftir því hvernig væri að tapa leik enda hefur Keflavík ekki tapað síðan í sjöundu umferð. „Við byrjuðum mun betur í þessum leik, erum með fljóta leikmenn og fáir geta stöðvað okkur þegar við látum boltann ganga. Við eigum ekki að vera að þruma boltanum fram, það hentar okkur ekki.“

elvargeir@frettabladid.is

**KR 2-2 Keflavík**

KR-völlur, áhorf.: 1283 — Garðar Örn Hinriksson (5)

*0-1 Guðmundur Steinarsson (11.)*
*1-1 Grétar Hjartarson (27.)*
*2-1 Björgólfur Takefusa (65.)*
*2-2 Þórarinn Kristjánsson (79.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 11–11 (3–8) |
| Varin skot | Kristján 6 – Ómar 1 |
| Horn | 6–7 |
| Aukaspyrnur fengnar | 11–13 |
| Rangstöður | 5–1 |

| **KR.** 4–4–2 | | **KEFLAV.** 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Kristján | 6 | Ómar | 4 |
| Sigþór Júl. | 7 | Guðjón Árni | 5 |
| Pauletic | 4 | Gustavsson | 6 |
| Gunnlaugur | 5 | Hallgrímur | 6 |
| Vigfús Arnar | 6 | Milicevic | 5 |
| Skúli Jón | 6 | Jónas Guðni | 7 |
| (84. Gunnar K. | -) | Samuelsen | 6 |
| Cizmek | 5 | Hólmar Örn | 8 |
| Kristinn | 6 | Stefán Örn | 4 |
| **Sigmundur** | **8*** | (51. Þórarinn | 7) |
| Grétar Ólafur | 7 | Magnús Sverrir | 6 |
| Björgólfur | 8 | Guðmundur | 7 |

**Maður leiksins*

**STAÐAN Í LANDSBANKADEILDINNI:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. FH** | **12** | **9** | **2** | **1** | **21-7** | **29** |
| 2. KEFLAVÍK | 13 | 5 | 4 | 4 | 24-14 | 19 |
| **3. VALUR** | **12** | **5** | **4** | **3** | **20-13** | **19** |
| 4. FYLKIR | 12 | 5 | 2 | 5 | 15-15 | 17 |
| **5. BREIÐABLIK** | **12** | **5** | **2** | **5** | **19-23** | **17** |
| 6. KR | 13 | 5 | 2 | 6 | 14-25 | 17 |
| **7. VÍKINGUR** | **12** | **4** | **3** | **5** | **14-11** | **15** |
| 8. GRINDAVÍK | 12 | 3 | 5 | 4 | 16-15 | 14 |
| **9. ÍA** | **12** | **4** | **0** | **8** | **15-21** | **12** |
| 10. ÍBV | 12 | 3 | 2 | 7 | 11-25 | 11 |

**MARKAHÆSTIR:**

| | |
|---|---|
| **MAREL BALDVINSSON, BREIÐABLIKI** | **9** |
| JÓHANN ÞÓRHALLSSON, GRINDAVÍK | 8 |
| **STEFÁN ÖRN ARNARSON, KEFLAVÍK** | **6** |
| GUÐMUNDUR STEINARSSON, KEFLAVÍK | 6 |
| **BJÖRGÓLFUR TAKEFUSA, KR** | **6** |
| GARÐAR GUNNLAUGSSON, VAL | 5 |
| **TRYGGVI GUÐMUNDSSON, FH** | **5** |
| SÆVAR ÞÓR GÍSLASON, FYLKI | 5 |
| **CHRISTIAN CHRISTIANSEN, FYLKI** | **5** |
| VIKTOR BJARKI ARNARSSON, VÍKINGI | 5 |



**ADRIANO** Náði sér ekki á strik síðasta tímabil. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Manchester United:

## Með risatilboð í Adriano?

**FÓTBOLTI** Ítalskir fjölmiðlar sögðu í gær að enska liðið Manchester United ætluðu sér að gera risatilboð í brasilíska sóknarmanninn Adriano sem arftaka Ruud van Nistelrooy sem seldur var til Real Madrid fyrir ekki alls löngu. Adriano er 24 ára og spilar með Ítalíumeisturum Inter. Forráðamenn Manchester United eru væntanlegir til Milan, samkvæmt fjölmiðlum á Ítalíu.

Talið er að Inter vilji halda í Adriano en leikmaðurinn hefur þó ekki sýnt sínar bestu hliðar undanfarið ár. Hernan Crespo gekk til liðs við félagið fyrr í vikunni og þá er Inter víst að reyna að fá Zlatan Ibrahimovic frá Juventus. Ef það tekst aukast líkurnar á því að félagið sé reiðubúið að selja Adriano. - egm



**TIL NEWCASTLE?** Dirk Kuyt er undir smásjá Glenn Roeder. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Roeder skoðar markaðinn:

## Dirk Kuyt enn í myndinni

**FÓTBOLTI** Glenn Roeder, knattspyrnustjóri Newcastle, er enn að velta því fyrir sér hvort hann eigi að leggja fram tíu milljónir punda í sóknarmanninn Dirk Kuyt. Roeder fylgdist með þessum 25 ára leikmanni þegar hann lék með Feyenoord um síðustu helgi og lét hafa eftir sér við enska fjölmiðla að hann hefði verið hrifinn af frammistöðu hans.

„Við erum að skoða sóknarmenn um þessar mundir og hann er einn af þeim sem til greina koma. Við ætlum þó að skoða hann aðeins betur,“ sagði Roeder en hár verðmiði gerir það að verkum að hann vill ekki ana út í neitt. Talið er að Obafemi Martins hjá Inter sé einnig undir smásjá hans. - egm



**PANTSIL** Nýjasti liðsmaður West Ham er hér í leik. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Ganamaðurinn John Pantsil:

## Kominn í raðir West Ham

**FÓTBOLTI** Varnarmaðurinn John Pantsil, landsliðsmaður Gana, varð formlega leikmaður enska liðsins West Ham í gær þegar hann fékk atvinnuleyfi hjá félaginu. Þessi 25 ára leikmaður var til reynslu hjá Hömrunum og heillaði knattspyrnustjórann Alan Pardew. Pantsil kemur frá Hapoel Tel Aviv og er honum ætlað að fylla skarðið sem Tomas Repka skildi eftir sig í hægri bakverðinum. Hann sagði á heimasíðu West Ham að það hefði lengi verið draumur sinn að spila á Englandi. - egm

Íslensk samvinna í jöfnunarmarki Norrköping í gærkvöldi:

## Stefán lagði upp fyrsta mark Garðars

**FÓTBOLTI** Garðar Gunnlaugsson lék í gær sinn annan deildarleik með sænska 1. deildarliðinu Norrköping og tókst honum að skora eina mark liðsins og tryggja sínum mönnum þannig annað stigið í leik gegn Jönköpings Södra. Það var svo félagi hans og annar Skagamaður, Stefán Þórðarson, sem lagði upp markið fyrir Garðar. Norrköping er í fjórða sæti sænsku 1. deildarinnar.

Garðar gekk til liðs við Norrköping í síðasta mánuði frá Val, en hann skoraði í sumar fimm mörk fyrir liðið í Landsbankadeildinni auk þess sem hann skoraði tvö mörk í bikarkeppninni og eitt gegn danska liðinu Bröndby í Evrópukeppni félagsliða í leik liðanna ytra.

Einn leikur fór fram í sænsku úrvalsdeildinni í gær og var Jóhann B. Guðmundsson í byrjunarliði GAIS sem gerði 2-2 jafntefli við Häcken. Jóhann var tekinn af velli á 66. mínútu en Ari Freyr Skúlason, nýr liðsmaður Häcken, var ekki í leikmannahópi liðsins í gær. - esá

Þriðja umferð forkeppni Meistaradeildarinnar í gær:

## Nýju mennirnir björguðu Liverpool

**FÓTBOLTI** Fyrrum Evrópumeistarar Liverpool lentu í talsverðum vandræðum á heimavelli í gær er liðið tók á móti ísraelska liðinu Maccabi Haifa. Ísraelsmennirnir voru fyrri til að skora í leiknum eftir slæm varnarmistök hjá Finnanum Sami Hyypiä. Craig Bellamy náði skömmu síðar að jafna metin fyrir Liverpool í sínum fyrsta alvöruleik með liðinu og eftir langar og þungar sóknarlotur í síðari hálfleik tókst Chile-manninum Mark Gonzalez að tryggja þeim ensku sigurinn með marki á 88. mínútu. Þetta var einnig fyrsti stóri leikur Gonzalez með liðinu. Brasilíumaðurinn Gustavo Boccoli skoraði mark Maccabi.

Liverpool-menn voru lengi í gang en mark Ísraelsmannanna kom eftir um hálftímaleik. Undir lok hálfleiksins tóku heimamenn völdin á vellinum en máttu sig svo prísa sig sæla að hafa ekki lent aftur marki undir undir miðbik síðari hálfleiksins er Colautti átti skalla rétt framhjá marki Liverpool.

Þeir ensku sóttu svo stíft undir lok leiksins og kom markið loks í blálokin. Niðurstaðan því 2-1 sigur en lengi vel leit út fyrir að neyðarlegt jafntefli yrði niðurstaðan á Anfield.





**CRAIG BELLAMY** Skoraði dýrmætt mark fyrir Liverpool í gær. NORDIC PHOTOS/AFP

Líklegt er að síðari leikur liðanna fari fram í Kænugarði í Úkraínu eftir að forseti Dynamo Kiev gaf óformlegri fyrirspurn ísraelska liðsins jákvætt svar. Knattspyrnusamband Evrópu staðfesti fyrir skömmu að heimaleikur Maccabi Haifa gæti ekki farið fram í Ísrael vegna átakanna í suðurhluta Líbanon. Margir mótmæltu stríðinu fyrir utan Anfield í Liverpool í gærkvöldi.

Fjölmargir leikir fóru fram í forkeppni Meistaradeildarinnar í gær og slapp pólska liðið Legia Varsjá ágætlega frá viðureign sinni gegn Shakhtar Donetsk í Úkraínu. FH-banarnir töpuðu leiknum, 1-0. Hamburger SV og Osasuna gerðu markalaust jafntefli í Þýskalandi og þá tapaði FC København fyrir Ajax á heimavelli, 2-1. AC Milan vann 1-0 sigur á Rauðu stjörnunni frá Belgrad í Serbíu og Hearts tapaði á heimavelli, 2-1, fyrir AEK Aþenu. Ein óvæntustu úrslit kvöldsins var 1-0 sigur liðs Salzburg frá Austurríki á Valencia. - esá

Gummersbach:

## Guðjón Valur fyrirliði

**HANDBOLTI** Landsliðsmaðurinn Guðjón Valur Sigurðsson hefur verið gerður að fyrirliða þýska úrvalsdeildarliðsins Gummersbach, sem Alfreð Gíslason þjálfar. Var þetta tilkynnt á heimasíðu liðsins í gær. Auk Guðjóns Vals leika tveir Íslendingar með liðinu, þeir Róbert Gunnarsson og Sverre Jakobsson sem í sumar gekk til liðs við félagið frá Íslandsmeistaraliði Fram. Guðjón Valur er samningsbundinn Gummersbach til loka tímabilsins árið 2009. - esá



**TRAORE TIL CHARLTON** Hér má sjá Djimi Traore í leik gegn Charlton á síðasta tímabili. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Iain Dowie hæstánægður:

## Báðir munu styrkja liðið

**FÓTBOLTI** „Það er frábært fyrir liðið að hafa fengið þessa tvo leikmenn, ég er sannfærður um að þeir munu báðir styrkja okkur töluvert,“ sagði Iain Dowie, knattspyrnustjóri úrvalsdeildarliðsins Charlton, eftir að tveir nýjustu leikmenn félagsins voru kynntir til leiks. Það eru miðjumaðurinn Amady Faye sem kemur frá Newcastle og varnarmaðurinn Djimi Traore sem kemur frá Liverpool.

Graeme Souness keypti Faye til Newcastle fyrir einu og hálfu ári, en þessi 29 ára leikmaður var ekki í áætlunum Glenn Roeder sem nú stýrir liðinu. Traore er 26 ára og er landsliðsmaður frá Malí en hann átti ekki fast sæti hjá Liverpool. - egm


Full búð af nýjum og glæsilegum haustvörum
NEXT
KRINGLUNNI

## ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

**„The difference between a lady and a flower girl is not how she behaves, but how she is treated.“**

Svar: Eliza Doolittle úr My Fair Lady frá 1964.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ANNA TRYGGVADÓTTIR ÞAKKAR FYRIR B-MYNDIR Á LETIDÖGUM

# *Góðar stundir yfir ekki svo góðum bíómyndum*

Endalaust er spáð og spekúlerað í gæði sjónvarpsefnisins og hvort það sé nógu þetta eða hitt. Sérstaklega er fólk ótrúlega upptekið af því hvort kvikmyndir eru vondar eða góðar. Fólk dæmir myndir harkalega og dæmir svo fólk eftir því hvaða myndir það horfir á.

Þess vegna er ekki auðvelt að koma út úr skápnum með að viðurkenna að mér finnst oft svo huggulegt að horfa á slakar myndir. Stundum nenni ég bara ekki að horfa á góða mynd með djúpum söguþræði og góðri persónusköpun. Stundum er bara best að slökkva á heilanum og vera mataður af kvikmyndaþvælu í níutíu mínútur og vera endurnærður á eftir. Enginn boðskapur til að spá í, engin persónuleg vandamál sem er hægt að færa yfir á daglegt líf, bara einföld afþreying.

Á mánudaginn um verslunarmannahelgina sýndi Ríkissjónvarpið frábæra mynd af þessum toga sem fjallaði um dreng sem bjó í kúlu, gott ef hún heitir ekki bara Drengurinn í kúlunni. Ég skreið beint fram úr rúminu í sófann og alveg límdist við hana. Samt var myndin ekkert sérstaklega skemmtileg og ég dottaði aðeins yfir henni. Eiginlega man ég ekki um hvað hún var nema að þar var drengur sem bjó í kúlu og einhver pía sem hann var skotinn í. Þau lentu svo í vandræðum.



**GÓÐAR STUNDIR** Stundum hefur maður bara ekki einbeitingu í að horfa á góðar myndir.

Ég átti aftur á móti mjög góða stund yfir myndinni. Hver svaðilförin sem kúludrengurinn lenti í vakti mig aðeins meira og þegar leystist úr lummulegu plottinu var ég tilbúin að takast á við daginn. Ég og drengurinn í kúlunni náðum góðum tengslum og ég gladdist fyrir hans hönd þegar allt var búið.

Síðan ég horfði á myndina hef ég velt fyrir mér hvað hefði gerst ef myndin um kúludrenginn hefði fjallað um venjulegan dreng í tilvistarkreppu eða einhvern annan sem gláspekúlantar hefðu talið nógu merkilegan. Ég er viss um að við hefðum ekki náð jafn góðum tengslum.

Stundum horfir maður bara á bíómyndir til að njóta einhvers annars en gæðanna.



▶ 21.15 *Spenna*

ALIAS



▶ 20.30 *Spenna*

BONES



▶ 20.30 *Drama*

TWINS



▶ 19.45 *Drama*

MELROSE PLACE



▶ 19.00 *Dægurmál*

ÍSLAND Í DAG

## SJÓNVARPIÐ

**8.40** EM í frjálsum íþróttum

**15.25** Íþróttakvöld **15.40** Mótorsport **16.10** Táknmálsfréttir **16.20** EM í frjálsum íþróttum

**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Geimskotið (1:6)** (Rocket Man) Bresk þáttaröð um mann í velskum bæ sem á sér þann draum að smíða eldflaug.
▶ **21.15 Launráð** (Alias V) Bandarísk spennuþáttaröð. Meðal leikenda eru Jennifer Garner, Ron Rifkin, Michael Vartan og Carl Lumbly. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Mannamein (4:10)** (Bodies) Breskur myndaflokkur um líf og starf lækna á sjúkrahúsi í London. Meðal leikenda eru Max Beesley og Neve McIntosh. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.25** Fótboltakvöld **23.40** Aðþrengdar eiginkonur (27:47) **0.25** Kastljós **0.55** Dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Martha **10.20** Alf **10.45** 3rd Rock from the Sun **11.10** Whose Line Is it Anyway? **11.35** My Wife and Kids

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi **13.05** My Sweet Fat Valentina **13.50** My Sweet Fat Valentina **14.35** Two and a Half Men **15.00** Related **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.40** Bold and the Beautiful **18.05** Neighbours

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 The Simpsons (7:22)** (Simpson-fjölskyldan)
**20.05 Ítalíuævintýri Jamie Olivers (5:6)** (Pugl-ia)
▶ **20.30 Bones (16:22)** (Bein) Þegar Booth og Brennan reyna að hafa uppá líkamsleifum kvikmyndagerðarmanns í neðanjarðarloftræsiskerfi þá rekast þau á sérkennilegt samfélag heimilislausra. Bönnuð börnum.
**21.20 Footballers' Wives (6:8)** (Ástir í boltanum)
**22.10 So Close (Chik yeung tin sai)** (Svo nærri) Ekta Hong Kong-hasarmynd frá leikstjóra hinnar vinsælu The Transporter, Corey Yuen.

**0.05** Into the West (6:6) **1.30** Murder Investigation Team (2:4) (Bönnuð börnum) **2.40** In the Time of the Butterflies **4.10** Bones (16:22) (Bönnuð börnum) **4.55** The Simpsons (7:22) (e) **5.20** Fréttir og Ísland í dag

## SIRKUS TV

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Sushi TV (9:10) (e)**
**20.00 Seinfeld (14:22)** (The Dinner Party) Enn fylgjumst við með Íslandsvininum Seinfeld og vinum hans frá upphafi.
▶ **20.30 Twins (11:18)** (Musical Chairs) Í fyrsta sinn í lífinu er Farrah hafnað af karlmanni og veit hún ekki hvernig á að taka því. Mitchee rekst síðar á manninn og ákveður að leita svara hvers vegna hann hafnaði systur hennar. Svarið á hinsvegar eftir að koma henni á óvart.
**21.00 Killer Instinct (11:13)**
**22.00 Pípóla (5:8)**
**22.30 X-Files** (Ráðgátur)

**23.20** Smallville (13:22) (e) **0.05** Rescue Me (7:13) **0.50** Seinfeld (14:22)

## SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e)

**16.00** Run of the House (e) **16.25** Beautiful People (e) **17.15** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00 Beverly Hills 90210**
▶ **19.45 Melrose Place** Bandarísk þáttaröð um íbúana í Melrose Place.
**20.30 Courting Alex**
**21.00 Everybody Hates Chris**
**21.30 Rock Star: Supernova – úrslit vikunnar** Íslendingur er nú með í fyrsta sinn í einum vinsælasta þætti í heimi sem í ár er kenndur við hljómsveitina Supernova.
**22.30 C.S.I: Miami** Þrjár ráðsettar húsmæður í frí á Miami eru grunaðar um morð á starfsmanni hótelsins. Horatio fær að vita að hópurinn er í skoðun hjá innra eftirlitinu og verður þá að treysta Calleigh, Delko og Ryan til að leysa morðgátuna.

**23.20** Jay Leno **0.05** Emily's Reasons Why Not! – NÝTT! (e) **1.00** Beverly Hills 90210 (e) **1.45** Melrose Place (e) **2.30** Óstöðvandi tónlist

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin **11.40** Brot úr dagskrá

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið – fréttaviðtal. **13.00** Sportið **14.00** Fréttavaktin **17.00** 5fréttir **18.00** Íþróttir og veður

**18.30 Kvöldfréttir**
▶ **19.00 Ísland í dag**
**19.40 Hrafnaþing** Ingva Hrafns Jónssonar gerir upp fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.
**20.20 Brot úr fréttavakt**
**21.00 Fréttir**
**21.10 60 Minutes**
**22.00 Fréttir** Fréttir og veður
**22.30 Hrafnaþing** Ingva Hrafns Jónssonar gerir upp fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.

**23.10** Kvöldfréttir **0.10** Fréttavaktin **3.10** Fréttavaktin **6.10** Hrafnaþing

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Í takt við tímann **8.00** What's the Worst That Could Happen? **10.00** To Walk with Lions **12.00** My House in Umbria **14.00** Í takt við tímann **16.00** What's the Worst That Could Happen? **18.00** To Walk with Lions **20.00 My House in Umbria** (Húsið mitt í Umbríu) Dramatísk kvikmynd sem gerist í ítalskri sveitasælu en aðalpersónunum er þó ekki gleði í huga. 2003. Leyfð öllum aldurshópum. **22.00 Unbreakable** (Ódrepandi) Magnaður tryllir um öryggisvörð sem klárlega er undir verndarvæng æðri máttarvalda. Aðalhlutverk: Bruce Willis, Samuel L. Jackson, Robin Wright, Spencer Treat Clark. Leikstjóri: M. Night Shyamalan. 2000. Stranglega bönnuð börnum. **0.00** Courage under Fire (e) (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** Frailty (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** Unbreakable (Stranglega bönnuð börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** The Daily 10 **13.00** Child Star Confidential **13.30** 10 Ways **14.00** E! Entertainment Specials **15.00** 50 Cutest Child Stars: All Grown Up **17.00** Girls of the Playboy Mansion **17.30** Girls of the Playboy Mansion **18.00** E! News **18.30** The Daily 10 **19.00** Uncut **20.00** 101 Most Starlicious Makeovers **21.00** Sexiest Celebrity Blondes **22.00** Dr. 90210 **23.00** Girls of the Playboy Mansion **23.30** Girls of the Playboy Mansion **0.00** Uncut **1.00** 101 Most Starlicious Makeovers **2.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15




## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Rocket Man — Sjónvarpið kl. 20.10

### *Draumar ekkils*



Sjónvarpið sýnir í kvöld fyrsta þáttinn af nýrri þáttaröð sem nefnist Rocket Man, eða Geimskotið. Þættirnir fjalla um mann nokkurn í velskum bæ, George Stevenson að nafni, sem hefur nýlega misst eiginkonu sína en á sér þann draum heitastan að smíða eldflaug og skjóta ösku hennar út í geim. Ásamt vinum og fjölskyldu tekst hann á við þetta verðuga verkefni. Auk þess þarf George að takast á við vandamál heima fyrir þar sem hann býr ásamt syni sínum og dóttur. Hjartnæmir þættir sem þó eru lúmskt fyndnir. Með helstu hlutverk fara Robson Green, John Rhys Halliwell, Charles Dale, Lucy Evans og Alison Newman.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 3 | | 2 | |
| 2 | | | 5 | | | 4 | | |
| | 1 | | | 9 | 8 | | | |
| 5 | | 9 | | | | | 3 | |
| | | 2 | | | | 9 | | |
| | 8 | | | | | 7 | | 2 |
| | | | 7 | 4 | | | 6 | |
| | | 8 | | | 5 | | | 9 |
| | 6 | | 3 | | | | | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | 5 | 2 | 4 | 9 | 6 | 8 | 7 |
| 7 | 8 | 9 | 3 | 5 | 6 | 1 | 2 | 4 |
| 2 | 4 | 6 | 8 | 1 | 7 | 5 | 9 | 3 |
| 1 | 7 | 3 | 9 | 2 | 4 | 8 | 6 | 5 |
| 8 | 9 | 4 | 5 | 6 | 3 | 7 | 1 | 2 |
| 6 | 5 | 2 | 1 | 7 | 8 | 3 | 4 | 9 |
| 9 | 3 | 1 | 7 | 8 | 2 | 4 | 5 | 6 |
| 4 | 2 | 8 | 6 | 3 | 5 | 9 | 7 | 1 |
| 5 | 6 | 7 | 4 | 9 | 1 | 2 | 3 | 8 |



▶ 21.40

*Veruleiki*

SÆNSKU NÖRDARNIR

SÝN *besta sætið*

**16.20** Meistaradeildin 2006 – forkeppni 3. umferð **18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30** **US PGA í nærmynd** (Inside the PGA) Vikulegur fréttaþáttur þar sem fjallað er um bandarísku mótaröðina í golfi á nýstárlegan hátt.
**19.00** **Landsbankadeildin 2006**
**21.10** **Kraftasport** (Suðurnesjatröllið 2006) Upptaka frá keppninni um Sterkasta mann Íslands sem fram fór í síðasta mánuði.
▶ **21.40** **Sænsku nördarnir** (FC Z)
**22.25** **Landsbankamörkin 2006**
**22.55** **Sterkasti maður í heimi 2005** Keppnin um sterkasta mann heims er ávalt skemmtileg. Mótið fór fram í Kína í nóvember á síðasta ári. Íslendingar áttu fulltrúa á þessu móti.

**23.25** Landsbankadeildin 2006

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.13** Músík og mas **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.20** Fréttir **12.45** Veður **13.00** Sakamálaleikritið: Tími nornarinnar **13.15** Á sumarvegi **14.03** Útvarpssagan **14.30** Besti tíminn **15.03** Tónlistarstundir í gömlu Reykjavík **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.25** Spegillinn **19.00** Á sumarvegi **19.30** Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Tónlistarhornið **23.00** Töfrateppið **0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Á vellinum **22.10** Píkupopp **0.10** Popp og ról

### BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður




# SKRÁNING Á NÝJA NÁMSÖNN ER HAFIN

## SÖNG- OG GÍTARNÁM

Það er hópur valinkunna tónlistarmanna og söngvara sem sér um kennslu hjá Tónvinnsluskólanum. Hægt er að velja úr fjölbreyttum söngnámskeiðum og námskeiðum í gítarleik, bæði fyrir byrjendur og lengra komna.

Námskeiðið Söngur og framkoma er í höndum Selmu Björnsdóttur. Þetta vinsæla námskeið sem nú er haldið í fjórða sinn, kemur inn á söng, framkomu og söng í hljóðveri. Námskeiðið hentar þeim vel sem hyggjast þreyta áheyrnarprufur fyrir söngleiki og sjónvarpsþætti á borð við Rock Star og Idol.

Barna- og unglinganámskeiðið verður á sínum stað í Tónvinnsluskólanum en það hefur notið mikilla vinsælda síðustu misseri. Gestakennarar á þessu námskeiði verða söngorkubomban **Jónsi úr Svörtum fötum** og söng/leikonan og dansarinn **Halla Vilhjálmsdóttir**. Um er að ræða skemmtilegt námskeið fyrir yngri kynslóðina þar sem upprennandi söngvarar fá leiðsögn frá **Heiðu Ólafsdóttur**.

Ein ástsælasta söngkona landsins,Andrea Gylfadóttir, verður í annað sinn með námskeið í jazz og bluessöng. Þetta námskeið er fyrir lengra komna, t.d. fyrir þá sem hafa klárað "söngur og framkoma" eða samskonar námskeið, eða vilja gera alvöru úr söngkunnáttu sinni.

Gítarleikarar njóta leiðsagnar frá Vigni Snæ Vigfússyni (Írafár) og Gunnari Þór Jónssyni (Sól Dögg) og fleirum. Byrjendur sem og lengra komnir njóta góðs af reynslu þessara manna en farið er yfir helstu atriði gítarleiks og nokkur þekktustu rokklög sögunnar tekin fyrir.

## TÓNVINNSLUNÁM

Til að annast tónsmíðar, útsetningar, hljóðritun og eftirvinnu þarf þekkingu, einbeitingu og útsjónarsemi. Á aðalnámsbraut Tónvinnsluskóla Þorvaldar Bjarna er leitast við að gera nemendur fullfæra um að semja eigið lag og koma því frá sér fullunnu.

Nemendur fá ítarlega leiðsögn á Pro Tools og Reason samhliða lagasmíðum og er farið í kjölinn á því sem þarf að vera á hreinu varðandi öll helstu tækniatriði hljóðversins. Að námsbrautinni lokinni ætti hver og einn að þekkja upptökuferlið frá grunni. Hljóðupptökuhluti námskeiðsins fer fram í einu glæsilegasta hljóðveri landsins; Sýrlandi.

Samhliða greinargóðu hljóðupptökunámi eru lagasmíði og upptökustjórn gerð rækileg skil. Nemendur fá nákvæmar leiðbeiningar um helstu atriði þessa krefjandi sviðs frá nokkrum af fremstu hljóðversmönnum landsins.





**FARÐU Á TONVINNSLUSKOLI.IS OG VELDU ÞÉR NÁMSKEIÐ**

TONVINNSLUSKOLI
ÞORVALDAR BJARNA

**Skráningarsími: 534 9090**



## HRÓSIÐ

*... fá Guðrún Margrét Guðmundsdóttir og aðrir aðstandendur árlegrar kertafleytingar til minningar um fórnarlömb kjarnorkusprenginganna í Japan, en kertafleytingin var haldin í 22. sinn í gærkvöld.*

# Fönkkóngurinn orðinn fullorðinn

„Ég hef nú alltaf verið tvöfaldur karakter, hef bæði starfað í markaðsmálum og í skemmtanabransanum. En það rétt, nú er ég kominn í PR-ið,“ segir plötusnúðurinn og athafnamaðurinn Baldur Baldursson, sem hóf nýverið störf hjá almannatengslafyrirtækinu Inntaki. Baldur hefur getið sér gott orð hjá yngri kynslóðinni sem umsjónarmaður Fönkþáttarins á X-inu 977, plötusnúður á skemmtistöðum og í skipulagningu viðburða á skemmtistöðum. Þar að auki var Baldur, eða Balli eins og hann er jafnan kallaður, einn stofnenda og eigenda tímaritsins Vamm og þar áður var hann markaðsstjóri Undirtóna. Auk nýja starfsins er Baldur orðinn sendiherra Reyka vodka á Íslandi og sér um kynningu á þeim íslenska drykk hérlendis.

„Ég er búinn að vera hjá Inntaki í tvo mánuði. Þetta er að mörgu leyti svipað því sem ég hef verið að gera, bara á öðruvísi forsendum,“ segir Baldur, sem hefur alls ekki skipt alfarið um ham þó hann sé farinn að vinna hjá virðulegu fyrirtæki. „Nei, þeir sögðu við mig að ég ætti bara að vera ég sjálfur. Þeir vildu alls ekki að ég reyndi að vera eitthvað sem ég er ekki. Það vantaði einhvern yngri mann í fyrirtækið og ég hef auðvitað mikla reynslu úr afþreyingarheimi yngri kynslóðarinnar.“

Athygli vekur að Baldur er þegar farinn að klæða sig í samræmi við nýja starfið. Sá klæðnaður passar ekki beint við Balla fönk, útvarpsmann og plötusnúð, sem þó er vissulega enn við lýði. „Maður varð auðvitað að „súta“ sig upp. Manni væri nú varla vel tekið á fundum úti í bæ ef maður færi að mæta í Stüssy-bol,“ segir Baldur Baldursson, markaðsmaður, plötusnúður og útvarpsmaður.

**- hdm**



**BALLI FÖNK** Í dag er sjaldgæft að sjá hann með derhúfuna en hann stjórnar þó Fönkþættinum enn og er plötusnúður um helgar.



**BALDUR BALDURSSON** Plötusnúðurinn og útvarpsmaðurinn er búinn að kasta Stüssy-bolnum fyrir jakkaföt. Baldur er farinn að vinna hjá almannatengslafyrirtækinu Inntaki. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI




**LÁRÉTT** **2** orðagjálfur **6** rykkorn **8** fiskur **9** segi upp **11** hætta **12** fiskilína **14** lúkar **16** í röð **17** niður **18** tímabil **20** guð **21** bæli.

**LÓÐRÉTT** **1** þungi **3** samþykki **4** veit allt **5** rá **7** óstöðuglyndur **10** knæpa **13** tangi **15** hástétt **16** frestur **19** í röð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2** fjas, **6** ar, **8** áll, **9** rek, **11** vá, **12** girni, **14** káeta, **16** tu, **17** suð, **18** öld, **20** ra, **21** flet. **LÓÐRÉTT:** **1** farg, **3** já, **4** alvitur, **5** slá, **7** reikull, **10** krá, **13** nes, **15** aðal, **16** töf, **19** de.

## VEISTU SVARIÐ

1. Forgangsréttarákvæði.
2. 41.
3. Cafe Amsterdam, Gaukur á Stöng og The Dubliner.






**EYRÚN HULD HARALDSDÓTTIR:** SÁ UNNUSTANN Í ROCK STAR: SUPERNOVA

# Í draumaheimi í LA

Eyrún Huld Haraldsdóttir og Marinó Bjarni Magnason, unnusta og sonur Magna Ásgeirssonar, vöktu mikla athygli áhorfenda sjónvarpsþáttanna Rock Star: Supernova í fyrrakvöld. Eins og frægt er orðið flugu þau til Los Angeles til að vera með Magna, íslenska keppenda þáttanna, og fylgjast með honum keppa.

„Kvöldið var auðvitað dálítið súrrealískt en ótrúlega skemmtilegt,“ segir Eyrún Huld og Marinó tekur undir það í bakgrunninum með ánægjulegu hjali. Hún segir að mestur tími hennar hafi þó farið í að halda Marinó góðum enda hafi hann verið orðinn dálítið þreyttur undir lokinn. „Ég þurfti auðvitað að labba með hann inn og út enda voru svo mikil læti þarna inni að það var ekki hægt að hafa hann þar allan tímann.“

Þau voru þó að sjálfsögðu í salnum á meðan Magni flutti Dolphin's Cry með hljómsveitinni Live með eftirminnilegum hætti. „Þetta var auðvitað alveg geggjað flott og hann var alveg á meðal þeirra þriggja bestu,“ segir Eyrún, greinilega ánægð með sinn mann.



**FEÐGARNIR SAMAN** Eyrún hélt ekki að Marinó hefði þekkt pabba sinn á sviðinu, enda var það langt í burtu. Fjölskyldan átti þó góðar stundir á meðan Eyrún og Marinó voru úti hjá Magna. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Myndatökumenn sjónvarpsþáttanna sýndu myndir af Eyrúnu Huld og Marinó og er mál manna að þau hafi tekið sig vel út á skjánum. „Ég þurfti aðeins að leika við Marinó til að reyna að láta hann brosa í myndavélarnar,“ segir Eyrún Huld og hlær. Hún er ekki viss um að Marinó hafi þekkt pabba sinn á meðan hann var á sviðinu, enda var það langt í burtu frá þeim. „Marinó fylgdist samt vel með öllum hljóðunum og ljósunum og var eiginlega bara heillaður af þessu.“

Á meðan á dvöl Eyrúnar Huldar og Marinó stóð fengu þau að heimsækja setur keppendanna í tvær klukkustundir og færðu þeim hálsmen með íslenskum rúnum. „Maður labbar eiginlega inn í einhvern draumaheim, með myndavélar og mæka í kringum okkur allan tímann.“ Eyrún segist ekki hafa kynnst dómnefnd raunveruleikaþáttanna að ráði heldur bara séð þeim bregða fyrir. „Ég hitti bara Tommy Lee aðeins og hann bauð mig velkomna.“

Aðspurð segist Eyrún Huld ekki búast við að fara aftur út til að fylgjast með Magna keppa. „Þetta er auðvitað mjög langt ferðalag og ég held ég treysti mér ekki aftur með hann með mér. Ekki nema það sé úrslitaþátturinn, þá veit maður aldrei.“

**annat@frettabladid.is**



**EYRÚN HULD OG MARINÓ ÁSAMT MAGNA** Mæðginin fylgdust með Magna keppa í Rock Star: Supernova og segir Eyrún Huld að Marinó hafi verið heillaður af lokakvöldi keppninnar þótt aðeins hafi þurft að leika við hann til að kalla fram bros fyrir myndavélarnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Líkamsræktarátak rapparans og útvarpsmannsins **Halldórs Halldórssonar, Dóra DNA**, gengur að óskum. Eins og kom fram hér fyrir skemmstu æfir Dóri undir stífri leiðsögn **Egils Gillzeneggers Einarssonar** og hann er þegar farinn að uppskera. Dóri hefur lést um heil fimm kíló á tæpum þremur vikum og er bara rétt að byrja. Hann stefnir á að losa sig við allar óþarfa byrðar og styrkja sig umtalsvert. Dóri mun einhvers staðar hafa lýst því yfir að hann ætli sér að verða eins og The Rock og ekki verður af honum tekið að hann fer vel af stað.



Rokkhljómsveitin **Reykjavík!** leggur hönd á plóginn í réttindabaráttu samkynhneigðra í tilefni af **Gay Pride hátíðinni** um helgina. Sveitin hefur sett í útvarpsspilun lagið All Those Beautiful Boys en texti þess er að mestu saminn af Guðmundi Birgi Halldórssyni gítarleikara. Guðmundur er að öllum líkindum eini homminn í íslensku rokki um þessar mundir. Textinn fjallar um sjálfsmynd trúhneigðs homma sem finnst hann settur út í kant af einstrengingslegri túlkun bókstafstrúarmanna á boðskap Krists. Reykjavík kórónar svo þetta framlag sitt til Hinsegin daga með því að koma fram á Lækjartorgssviðinu á laugardag. Þar lofa piltarnir óvæntum uppákomum.



**Friðrik Weisshappel** og félagar hans fagna nú tveggja ára afmæli The Laundromat Café í Kaupmannahöfn. Vel hefur gengið með rekstur kaffihússins á þessum tíma, svo vel að annað útibú þess hefur nú verið opnað á Austurbrú í Kaupmannahöfn. Eins og Fréttablaðið greindi frá við opnunina er nýja kaffihúsið meira fyrir fjölskyldur, er barnvænna en það fyrra, og grænn litur er áberandi í hönnum staðarins. Íslendingar búsettir í borginni eru fastagestir á Laundromat og íslenskir ferðamenn gera sér margir ferð á staðina tvo. Minna hefur farið fyrir þessari útrás Íslendinga í Danaveldi en fjölmiðlarekstri og kaupum á stórverslunum. Það dregur ekki úr Friðriki og hans fólki, þeir eru sagðir stefna á opnun fleiri kaffihúsa í borginni innan tíðar.

**- hdm**






# Dóttir bæjarfulltrúans skírð Rósa

Stúlkunni sem Margrét Gauja Magnúsdóttir, bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar, átti í anddyrinu heima hjá sér fyrir rúmri viku var gefið nafnið Rósa.

„Ég á mjög kæra vinkonu sem heitir Elínrós en er kölluð Rósa. Rósa litla heitir því í höfuðið á henni enda er þetta rosalega fallegt nafn,“ segir Margrét Gauja, stolt af yngri dóttur sinni. „Kannski á Oddur bróðir minn líka sinn þátt í nafninu því hann vildi ekki bekenna nafnið á eldri dóttur okkar, Björk, og kallaði hana Rósu hálft ár á eftir. Kannski nafnið hafi síast inn þá.“

Eins og fram kom í Fréttablaðinu fyrir skömmu lá Rósu litlu svo rosalega á að komast í heiminn að hún fæddist í forstofunni heima hjá sér. Davíð Arnar Stefánsson, pabbi Rósu litlu, tók á móti henni en hann naut dyggrar aðstoðar frá Neyðarlínunni.



**RÓSA DAVÍÐSDÓTTIR** Litla stúlkan dafnar vel og er alveg yndisleg. Hún er barnabarn Magnúsar Kjartanssonar tónlistarmanns.

Magrét Gauja segir að Rósa litla dafni vel. „Hún er alveg yndisleg og það gengur allt eins og í sögu. Annars er Rósa kannski líka skírð í höfuðið á Rósu Guðbjartsdóttur, því hún á dóttur sem heitir Margrét. Það má því segja að við séum kvittar,“ segir Margrét Gauja hlæjandi.

**- kh**



**MARGRÉT GAUJA** Er búin að jafna sig eftir þessu óvenjulegu fæðingu.

-góð kaup
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is

SUMARHÚSGAGNA ÚTSALA!



VERÐ ÁÐUR: 1.490,-
690,-

**ÍÞRÓTTASKOR**
St. 30-46



60% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR: 2.490,-
990,-

**FELLISTÓLL**
Léttur og þægilegur fellistóll úr járni og plasti. Þessir stólar passa hvar sem er, úti eða inni. Frábært verð!



U.þ.B 60% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR: 790,-
299,-

**FELLIKOLLUR**
Sniðugur kollur til að leggja saman, handfang er á kollinum.



50% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR: 9.990,-
4.990,-

**GARÐBEKKUR**
Fallegur tveggja sæta garðbekkur úr gegnheilum harðviði á frábæru verði!
Stærð 51 x 123 x 77 sm.

# NÚ Á ALLT AÐ SELJAST!

NÚ FER HVER AÐ VERÐA SÍÐASTUR AÐ TRYGGJA SÉR SUMARHÚSGÖGN Á FRÁBÆRU VERÐI!



69090118

VERÐ ÁÐUR: 9.990,-
4.990,-

50% AFSLÁTTUR

**GARÐ/RUGGUBEKKUR**
Fallegur garðbekkur til að hafa í garðinum eða á svölunum. Bekkurinn er úr járni með plast setu og baki sem gerir bekkinn léttan og mjög meðfærilegan.



VERÐ ÁÐUR: 2.490,-
1.490,-

40% AFSLÁTTUR

**„CRUISE" PLASTSTÓLAR**
Þægilegir og góðir plaststólar með örmum sem hægt er að halla. Fást í hvítum og grænum lit. Hægt er að leggja stólana saman.



Jutlandia Harðviður

VERÐ ÁÐUR: 12.900,-
7.990,-

40% AFSLÁTTUR

**„HAWAII" 3JA MANNA GARÐBEKKUR**
Glæsilegur garðbekkur úr gegnheilum harðviði. Breiddin á honum er 160 sm, hæðin 94 sm og dýptin 60 sm.



VERÐ ÁÐUR: 2.490,-
1.490,-

40% AFSLÁTTUR

**„ELISE" BORÐ + 4 „CRUISE" STÓLAR**
Sporöskjulaga garðborð úr plasti. St. 90x140 sm.
Fáanlegt í grænum eða hvítum lit.



Jutlandia Harðviður

50% AFSLÁTTUR

**„BIRMINGHAM" BORÐ**
Borðið er 70 sm í þvermál úr gegnheilum harðviði.
Lítið og nett borð sem hentar vel þar sem litið pláss er eins og t.d á svölum.

VERÐ ÁÐUR: 7.990,-
3.990,-

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



Drögum í dag

Átt þú miða?

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
800 6611 - www.hhi.is






BAKÞANKAR

JÓNS GNARR

## Ómanngleggni

Ég á það til að þekkja ekki í sjón fólk sem ég þekki. Ég er ákaflega ómannglöggur. Stundum heilsa ég ekki fólki sem þekkir mig. Ég hef lent í ótal óþægilegum atvikum út af þessari fötlun minni. Ég hef átt langar samræður við fólk sem ég vissi ekkert hvert var, sagt því fréttir af mér og beðið að heilsa. Fólk hefur jafnvel haldið að ég sé svona merkilegur með mig. Ég er það ekki.

**ÉG HEF** alltaf verið svona. En eftir að ég varð frægur versnaði þetta til muna. Það er nefnilega þannig að það er ákveðin hefð fyrir því á Íslandi að frægt fólk heilsar frægu fólki, ekki vegna þess að það þekkist, heldur vegna þess að báðir eru frægir. Ómar Ragnarsson var til dæmis fyrsti frægi maðurinn til að heilsa mér á götu. Hann hafði séð mig í sjónvarpinu. Svo eru líka dæmi til þess að fólk, sem ég þekki ekki, heilsi mér af því að ég er ég. Það vinkar mér úr bílum eða hrópar eitthvað á eftir mér.

**ÉG ÞEKKI** ekki frægt fólk þannig að oft hefur frægt fólk heilsað mér í þeirri trú að ég vissi hver það væri, sem ég hef oft ekki gert. Ég fylgist ekki vel með. Þannig hef ég stundum sært marga fræga Íslendinga. Fólk hefur jafnvel haldið að ég þættist vera frægari en það og yfir það hafinn. En það er ekki bara fræga fólkið sem gerir þessi mistök. Það eru nefnilega margir eins og ég. Einu sinni heilsaði mér maður í Kringlunni. Ég heilsaði honum og svo stóðum við saman í smá stund þar til við áttuðum okkur á því að við þekktum ekki neitt. Hann hélt að hann þekkti mig en hafði bara séð mig í sjónvarpinu. Ég vissi ekkert hver hann var en vildi bara ekki særa hann.

**ÞETTA HEFUR** versnað mikið eftir því sem ég kynnist fleira fólki. Flestir ættingjar mínir eru löngu orðnir vanir þessu. Og flestir gamlir kunningjar virðast átta sig á því að þetta eru ekki merkilegheit heldur takmörkun mín.

**ÉG BIÐ** alla afsökunar sem ég hef sært eða móðgað á þennan hátt. Þetta eru mín mistök. Nú er ég búinn að hitta svo mikið af fólki að ég er byrjaður að biðja fólk um að segja deili á sér ef ég þekki það ekki. Ég hef ekki gert það hingað til vegna þess að ég hef skammast mín svo mikið fyrir þetta og ekki viljað særa fólk. En það gengur ekki lengur.


0 kr. alltaf

Viðskiptavinir í **Og1** greiða ekkert fyrir takmarkalausa notkun milli allra heimasíma innanlands.

Heimili sem eru með allt hjá **Og Vodafone**, GSM, Heimasíma og Internet geta skráð sig í **Og1.**

**Auðvelt að skipta.**
Það er ekkert mál að skipta um símafyrirtæki eða almennt að skrá sig í **Og1**. Hringdu núna í **1414** eða smelltu þér á www.ogvodafone.is og skráðu þig og þína.
Mánaðargjald heimasíma er 1.390 kr.




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS OGV 33362 07/2006

**Og Vodafone** hefur leitt samkeppni á íslenska fjarskiptamarkaðnum og fært neytendum betri þjónustu og lækkað verð.

Komdu í verslun **Og Vodafone**, hringdu í **1414** eða smelltu þér á **www.ogvodafone.is** fyrir nánari upplýsingar og skráningu í **Og1**.

og vodafone

Heyrumst!

SPARI DAGAR
Í FIMM VERSLUNUM OG HJÁ UMBOÐSMÖNNUM
KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP!

TEFAL
Pottar og pönnur
25–40% afsláttur



TEFAL
Strjáujárn
20% afsláttur



AEG
ÞVOTTAVÉLAR
ÞURRKARAR
UPPÞVOTTAVÉLAR
KÆLISKÁPAR
OFNAR - VIFTUR
HELLUBORÐ
15% AFSLÁTTUR

Pioneer
HEIMABÍÓ
Nýtt módel 2006/2007



Verð áður: 59.900 kr.
TILBOÐSVERÐ: 49.900 kr.

ORMSSON

SJÁ NÁNAR Á WWW.ORMSSON.IS | AKUREYRI · Sími 461 5000 | KEFLAVÍK · Sími 421 1535 | SMÁRALIND · Sími 530 2900 | SÍÐUMÚLA 9 · Sími 530 2800 | LÁGMÚLA 8 · Sími 530 2800